Glæpir Yrsu og Ragnars

Menning ➤ 40

Munum konur í Afganistan

Skoðun ➤ 30

SVARTUR FÖSSARI
25.–28. NÓVEMBER
Kynntu þér frábær tilboð í nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

232. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 25. NÓVEMBER 2021

Aðventan er á næsta leiti og eru jólaskreytingar farnar að bætast við á hverju horni og í búðargluggum miðborgarinnar sem vekur alltaf jafnmikla lukku. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tannréttingar barna aldrei dýrari

Styrkir frá Sjúkratryggingum hafa ekki hækkað í samræmi við vísitölu áratugum saman. Dekka aðeins brot kostnaðar. Mörg dæmi um að fjölskyldur hafi ekki efni á tannréttingum barna sinna.

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Kostnaður heimila vegna tannréttinga eins barns getur slagað í tvær milljónir króna. Í flestum tilvikum er eini frádrátturinn styrkur, 100.000-150.000 krónur frá Sjúkratryggingum.

Styrkirnir hafa ekki hækkað í tvo áratugi. 150.000 króna styrkur ætti samkvæmt verðlagshækkunum að vera 340.000 krónur í dag. Verðskrár hafa á sama tíma hækkað, þannig að kostnaður heimila er nú í hæstu hæðum. Ekki alls fyrir löngu voru tannréttingar barna ókeypis.

„Ég var áður formaður tannlæknafélagsins þegar við gerðum barnasamningana og er ekki síst mjög ósátt við þetta ástand í ljósi þess að tannskekkjur og skakkt bit eru í flestum tilvikum eitthvað sem fólk hefur enga stjórn á," segir Kristín Heimisdóttir, formaður Tannréttingafélags Íslands.

„Varðandi tannskemmdir hins vegar, þar hefur tannhirða fólks mjög mikil áhrif á hvort tennur skemmast eða ekki," bætir hún við.

> Tannskekkjur og skakkt bit eru í flestum tilvikum eitthvað sem fólk hefur enga stjórn á.

Kristín Heimisdóttir, formaður Tannréttingafélags Íslands

Kristín segir ljóst að margir kinoki sér við að börn þeirra fái nauðsynlega þjónustu, þar sem heimilin hafi ekki efni á tannréttingum. Í breskri rannsókn segi að um 45 prósent breskra 12 ára barna hafi að jafnaði þörf fyrir tannréttingar. Á Íslandi hafi þörfin verið metin 30-40 prósent.

Hún tekur fram að krafan sé ekki að allir séu með fullkomnar tennur. Skakkar tennur og bitskekkjur geti aftur á móti unnið á beini, haft áhrif á slímhúð, stóraukið líkur á tannbrotum og valdið eyðingu. Tennur geti einnig haft mikil sálræn áhrif á sjálfsmynd barna. SJÁ SÍÐU 8

Bað um rannsókn fyrir fjórtán árum

SAMFÉLAG Steinar Immanúel Sörensson, einn þolenda í svokölluðu Hjalteyrarmáli, segist hafa barist fyrir rannsókn á starfseminni frá 2007.

Steinar Immanúel Sörensson

„Strax eftir að Breiðagerðismálið kom upp bað ég um rannsókn, en þá bar ríkið því við að hún ætti ekki við, vegna þess að ekki hefði verið um ríkisrekið heimili að ræða."

Forsætisráðherra og dómsmálaráðherra vilja rannsókn. SJÁ SÍÐU 4.

Ingi veit ekki um hvað kæran snýst

svavamarin@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Jón Þór Ólafsson, fyrrverandi þingmaður og umboðsmaður framboðslista Pírata í síðustu kosningum, hefur kært Inga Tryggvason, oddvita yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, til lögreglu fyrir kosningasvindl.

Ingi Tryggvason, oddviti yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi

Ingi segist ekki hafa fengið kæruna í sínar hendur, né vita um hvað hún snýst. „Ég hef ekkert um þetta að segja, ég hef bara séð eitthvað af þessu í fjölmiðlum," sagði Ingi í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld og vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

Ingi vildi ekki tjá sig um það hvort hann ætlaði að greiða sektina sem yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis hlaut vegna óinnsiglaðra atkvæða eftir að talningu lauk í alþingiskosningunum 25. september síðastliðinn.

„Ég hef ekki greitt sektina," segir Ingi og segist ekki hafa fengið ítrekun frá lögreglu vegna málsins. ■

Kjörbréfamálið á dagskrá

Þingfundur hefst klukkan eitt í dag. Má búast við að umræður um kjörbréfamálið standi yfir í allan dag. „Ég á ekki von á að umræður dragist langt fram á kvöld," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfandi þingforseti. Þó þurfi tíma til að ræða málið. Atkvæðagreiðslu verði frestað til morguns, dragist umræður mjög. Búist er við að greidd verði atkvæði um þrjár tillögur og að sú tillaga sem lengst gangi verði afgreidd fyrst og svo koll af kolli. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kristján mun sakna vinnufélaganna

elinhirst@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Kristján Þór Júlíusson situr enn sem starfsráðherra í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti þar til ný ríkisstjórn tekur við.

Kristján Þór var ekki í framboði og ætlar að draga sig í hlé frá stjórnmálum, en þarf enn að mæta til vinnu, tveimur mánuðum eftir alþingiskosningarnar.

„Mér líður alls ekki eins og ég sé á einhvern hátt lokaður af, það eru alltaf áhugaverð og skemmtileg verkefni til að sinna í ráðuneytinu og ég geng til þeirra eins lengi og mér ber skylda til," segir Kristján Þór.

Aðspurður hvort ekki sé farið að styttast í að nýr ráðherra taki við kveðst Kristján vonast til þess. „Í öllu falli trúi ég að þetta gangi allt upp löngu fyrir blessuð jólin."

Kristján Þór segist ekki farinn að huga að því hvað hann ætli að gera

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

þegar hann losnar úr ráðuneytinu. Hann hafi verið búinn undir að endurnýjun stjórnarsamstarfsins gæti tekið tíma, enda verk sem vanda þurfi til.

„Ég hlakka til að hafa meira frelsi og ráða meira tíma mínum og verkefnum, en auðvitað er eftirsjá að því að hverfa frá skemmtilegum viðfangsefnum og vinnufélögum. Tilfinningarnar verða því eflaust blendnar þegar kemur að þessu," segir Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. ■



Getur ekki hætt að selja föt

Kaupmaður á Akureyri hefur staðið á búðargólfinu í 56 ár og stefnir að 14 árum til viðbótar í fatasölu. Klýfur fjöll þess á milli.

bth@frettabladid.is

VIÐSKIPTI „Ég fór út í þennan bransa vegna þess að ung stúlka, Guðný, við vorum bara 14-15 ára, er dóttir Jóns M. Jónssonar sem stofnaði þessa búð," segir Ragnar Sverrisson, kaupmaður í JMJ á Akureyri, sem fagnaði 56 ára starfsafmæli í vikunni.

„Við Guðný urðum kærustupar og trúlofuðum okkur 1965, fyrir 56 árum. Tengdapabba vantaði strák í búðina og hann réði mig á stundinni. Ég hef ekki sloppið síðan," segir Ragnar.

Hann er 72 ára gamall og hefur reyndar ekki gert mikið til að sleppa úr búðinni heldur þvert á móti. Fyrir þremur árum tóku börn hans við fyrirtækinu. Þá slagaði Ragnar í sjötugt og börnunum fannst að komið væri nóg hjá honum. Eitt barnanna nefndi að hann ætti inni að minnsta kosti fimm ára sumarfrí.

„Ég gekk um götur bæjarins í nokkra mánuði, fór þvisvar á dag í líkamsrækt en mér bara hundleiddist," segir Ragnar.

„Þetta endaði með því að börnin sáu aumur á mér og sögðu: Heyrðu gamli, komdu þá og vertu hjá okkur hálfan daginn. Ég greip það tækifæri fegins hendi en auðvitað hefur þessi hálfi dagur þróast í það að nú kem ég fyrstur og fer síðastur eins og ég hef alltaf gert."

Ragnar er þjóðkunnur fyrir útivistaráhuga sinn og þá ekki síst fjallaklifur. Hann segist leita upp í tindana nánast allar helgar nema í desember, þá sé of mikið að gera. Þá hjólar hann og lyftir í ræktinni. Hann segist mjög heppinn með heilsuna.

„Það er alltaf gaman í vinnunni vegna þess að ég hef endalaust gaman af því að umgangast fólk og er frekar geðgóður í búðinni, þótt

Ragnar nýtur glaðbeittur enn hverrar mínútu í búðinni en það var ástin sem opnaði leiðina fyrir hann inn í fataheiminn á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Á léttu augnabliki í búðinni á níunda áratug síðustu aldar með samstarfsmönnum. MYND/AÐSEND

> Ég gekk um götur bæjarins í nokkra mánuði, fór þvisvar á dag í líkamsrækt en mér bara hundleiddist.
>
> Ragnar Sverrisson

ég segi sjálfur frá. Þjónustulundin átti strax mjög vel við mig, ég er ekki betri í neinu öðru en að þjóna fólki og spjalla við það."

Um breytingarnar á ríflega hálfri öld í fatabransanum segir Ragnar að fyrir 56 árum hafi tengdapabbi hans rekið heljarstóra saumastofu þar sem tæplega 100 manneskjur á Akureyri, mest konur, unnu á vöktum. „Þær saumuðu gallabuxur, skyrtur og annað en nú er allt flutt inn.

Spurður hvenær hann ætli að hætta segist hann eiga eftir 28 ár.

„Helminginn af þeim tíma, næstu fjórtán árin, ætla ég að vera áfram í búðinni," svarar öldungurinn og skellihlær. ■


25. DESEMBER
GLASSRIVER

Ísland með mesta blóðmerahald í Evrópu

ingunnlara@frettabladid.is

Aðeins fimm lönd í heiminum stunda blóðmerahald: Kína, Argentína, Úrúgvæ, Þýskaland og Ísland.

Starfsemin snýst um að taka blóð úr fylfullum hryssum til að vinna úr því hormónið PMSG sem er notað í framleiðslu frjósemislyfja fyrir húsdýr. Langstærsti kaupandi þessara lyfja eru erlendir verksmiðjubændur.

Ísland er þriðji stærsti framleiðandi PMSG í öllum heiminum og með talsvert stærri iðnað en Þýskaland og því langstærsti löglegi framleiðandi PMSG í Evrópu.

Þetta segir Sabrina Gurtner, fulltrúi alþjóðlegu dýraverndarsamtakanna Animal Welfare Foundation í samtali við Fréttablaðið, en hún rannsakaði blóðmerahald á Íslandi 2019 til 2021.

Samtök hennar vörpuðu ljósi á hryllilegar aðstæður í greininni í Suður-Ameríku árið 2015. Þar er fóstureyðing framkvæmd svo hægt sé að stunda blóðtöku á tveimur tímabilum á ári. Í kjölfarið hættu öll evrópsk og norður-amerísk lyfjafyrirtæki og svínabændur að versla PMSG frá Suður-Ameríku og byrjuðu að kaupa frá evrópskum framleiðendum, það er frá Íslandi.

„Öll verslun færðist frá Suður-Ameríku til Evrópu eftir 2015. En evrópski iðnaðurinn er í raun bara Ísland," segir Sabrina. ■

Nánar á frettabladid.is

Við Svínavatn þar sem stundaður er búskapur með blóðmerar. MYND/AWF

Forboði um hlaup í Grímsvötnum

thorgrimur@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur segir það geta tekið tíma að koma í ljós hvort hlaup sé að hefjast í Grímsvötnum.

Mælingar sýna að ískellan í Grímsvötnum sígur. Samkvæmt tilkynningu Veðurstofunnar fundaði vísindaráð Almannavarna í gær.

Þorvaldur segir að teikn sem nú sjáist séu af því tagi sem gjarnan boði hlaup.

Þorvaldur Þórðarson, prófessor

„Við sjáum sig á ískellunni, lækkun á yfirborði á Grímsvatni sjálfu, sem er stöðuvatnið ofan í öskjunni á Grímsvötnum. Ef það flæðir út úr henni og vatnið finnur sér leið undan ísnum þá tæmist hluti af Grímsvötnum, vatnið flæðir niður og kemur síðan neðan við endann á skriðjöklinum. Þetta getur tekið nokkra daga, jafnvel viku. Þá eykst bara vatnslagið, stundum mjög mikið," segir Þorvaldur.

Að sögn Þorvaldar eru engin bein merki um að eldgos sé í vændum. Hann bendir á að Grímsvatnahlaup leiði ekki endilega til goss.

Ískellan hefur nú sigið um nær 60 sentimetra og hraðinn eykst. ■

LEIÐRÉTTING

Fjölnir Sæmundsson, sem er formaður Landssambands lögreglumanna, var rangfeðraður í blaðinu í gær og sagður Þorgeirsson.

Barist fyrir rannsókn í fjórtán ár

Þolandi á barnaheimilinu á Hjalteyri segist hafa barist fyrir rannsókn allt frá árinu 2007. Var ekki trúað. Forsetinn hlustaði á sögu hans í gær.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Steinar Immanúel Sörensson, einn þolenda í svokölluðu Hjalteyrarmáli, segist hafa barist allt frá árinu 2007 fyrir því að rannsókn færi fram á starfsemi barnaheimilisins, sem rekið var í nokkur ár við Hjalteyri í Eyjafirði á áttunda áratug síðustu aldar.

„Strax eftir að Breiðagerðismálið kom upp bað ég um rannsókn, en þá bar ríkið því við að hún ætti ekki við vegna þess að ekki hefði verið um ríkisrekið heimili að ræða. Það náttúrlega stenst enga skoðun," segir Steinar.

Hann bætir við að hann hafi upplifað að sér hafi ekki verið trúað. „Ég upplifði viðmót eins og ég væri að ljúga."

Um sanngirnisbætur sem Vistheimilanefnd hefur greitt út til þolenda í sambærilegri stöðu og umræða er um að endurvekja, segir Steinar að hann myndi þiggja bæturnar. Þær séu þó ekki aðalatriðið í hans huga.

„Við verðum að einfaldlega fá þessi mál upp á yfirborðið. Ég og aðrir þolendur viljum afsökunarbeiðni að lokinni rannsókn."

Steinar segir að sárin sem dvölin á Hjalteyri skildi eftir, muni aldrei gróa.

„Fólk verður að átta sig á að þessi meðferð í bernsku hefur litað allt mitt líf. Allt mitt líf og bróður míns og fjölmargra annarra barna sem þarna voru."

„Það eru mörg líf í rúst, sumir hafa fyrirfarið sér. Ég heyrði í manni sem sagðist hafa grátið í þrjá daga eftir þáttinn vegna þess að hann rifjaði upp sína eigin reynslu," bætir hann við.

Steinar Immanúel Sörensson, sem mátti þola illa meðferð á Hjalteyri, segist hafa talað fyrir daufum eyrum er hann bað um rannsókn fyrir fjórtán árum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Fólk verður að átta sig á að þessi meðferð í bernsku hefur litað allt mitt líf.

Eftir að Stöð 2 afhjúpaði síðastliðinn sunnudag hvernig börn á heimilinu þurftu að upplifa kúgun og kynferðisofbeldi, gjarnan undir yfirskyni guðstrúar, hafa orðið mikil viðbrögð. Steinar segist hafa fylgst með framvindunni í kerfinu. Viðbrögðin hafi vakið blendin viðbrögð, þakklæti, en líka aðrar tilfinningar.

Erfitt hafi verið að sjá ráðamenn móast við að taka ábyrgð á hvaða ráðuneyti eigi að standa fyrir rannsókn. Hann hafi þó ekki setið auðum höndum og látið duga að fylgjast með, heldur hafi hann átt símtal við forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannesson, í gær.

Auk þess sendi Steinar Salvöru Nordal, umboðsmanni barna, bréf eftir að Fréttablaðið birti viðbrögð umboðsmanns barna við málinu. Salvör segir frásagnirnar hræðilegar. Málið sé mjög alvarlegt, ekki síst vegna þess að brotið hafi verið á börnum sem eigi sér ekkert bakland. Málið sýni fram á mikilvægi eftirlits með allri svona starfsemi.

Forsætis- og dómsmálaráðherrar ætla að kalla eftir greinargerð um hvernig beri að haga rannsókn á máli barnanna á Hjalteyri, enda sé búið að fella lög um Vistheimilanefnd úr gildi. ■

5 ÁRA ÁBYRGÐ / 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI

TRYGGÐU ÞÉR JEEP Á LÆGRA VERÐI

ALVÖRU JEPPI. ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

Nú er tilvalið að tryggja sér alvöru jeppa með alvöru fjórhjóladrifi í forsölu.

Áætlað er að bílarnir verði tilbúnir til afhendingar í desember.

PLUG-IN HYBRID

ISBAND | Jeep

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

*Verð á Compass og Renegade hækkar um áramótin vegna VSK hækkana.
**Bjóðum upp á 35"-40" breytingapakka fyrir Wrangler.

Tilboðin gilda frá fimmtudegi til sunnudags

ELKO

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl

FIM

-19%
20 stk.

KAUPAUKI:
Samsung SmartTag
að andvirði 6.995 kr.

SAMSUNG
Galaxy A52s 5G
SMA528BBLA

Verð áður: 79.995
64.995

FIM

-45%
200 stk. í lit

MARGIR LITIR Í BOÐI

HAPPY PLUGS
Air 1 Zen heyrnartól
HAPPYAIR1ZEN1-

Áður: 12.990
7.120

FIM

-32%
40 stk.

AOC
24" G2U 144 Hz leikjaskjár
24G2UBK

Verð áður: 43.990
29.995



FIM

-34%
25 stk.

EPOS
GSP670 þráðlaus leikjaheyrnartól
SEPCGSP670

Verð áður: 52.995
34.995

FIM

-31%
100 stk.

MARGIR LITIR Í BOÐI

JBL
GO 3 ferðahátalari
JBLGO3-

Verð áður: 6.495
4.495

FIM

-24%
80 stk.

EINNIG TIL GRÆNT OG SVART

POLAR
Watch GRIT X snjallúr
PLR10011 PLR10012 PLR10013

Verð áður: 74.995
56.495

FIM

-40%
150 stk.

SWORDFISH
eldhúsvog
SFKSW14E

Verð áður: 4.990
2.995

FIM

-30%
70 stk.

OBH NORDICA
Hero blandari
OBH6700

Verð áður: 16.990
11.895

FIM

-36%
100 stk.

REMINGTON
hárklippur í tösku
HC363C

Verð áður: 10.995
6.995

FIM

-33%
40 stk.

WHIRLPOOL
frystikista
WHS10212

Verð áður: 29.995
19.995

FIM

-35%
150 stk.

EINNIG TIL SVARTUR

KENWOOD
örbylgjuofn
K23MSB16E K23MSW16E

Verð áður: 19.994
12.995

ELKO

Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Nethrappar beita ósvífnum ráðum

gar@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL „Netglæpir voru vaxandi vandmál á Íslandi, eins og annars staðar, og þess sáust greinileg merki," segir í ársskýrslu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið í fyrra.

Segir í skýrslunni að „ógrynni" netglæpamála hafi komið á borð lögreglunnar. „Var ýmsum ósvífnum brögðum beitt til þess að hafa fé af fólki. Svikahrappar voru á ferðinni öllum stundum og féllu margir í gildru þeirra, því miður. Ítrekað var varað við hvers kyns gylliboðum og fólk beðið að gæta að sér á netinu, enda leynast þar margar hætturnar," undirstrikar lögreglan. ■

2020 var óvenjulegt hjá lögreglunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Færri nauðganir tilkynntar í fyrra

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Tilkynningum til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um nauðganir fækkaði í fyrra miðað við 2019.

Í ársskýrslunni er kórónaveirufaraldurinn fyrirferðarmikill. Embættið sá um eftirlit með smitvörnum, meðal annars á veitingastöðum og krám. Voru á annað þúsund tilkynninga um sóttvarnabrot skráð hjá embættinu í fyrra.

Vikið er einnig að umferðarlagabrotum. Fjölgun varð meðal þeirra sem teknir voru fyrir fíkniefnaakstur, en ölvunarakstursbrotum fækkaði umtalsvert. ■

Byggingar verði lýstar appelsínugular í átaki

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Í dag hefst 16 daga átak UN Women til að vekja athygli á ofbeldi gagnvart konum. Hafa Soroptimistar á Íslandi því hvatt stofnanir og fyrirtæki til þess að lýsa upp byggingar sínar í appelsínugulum lit, sem er einkennislitur átaksins „Roðagyllum heiminn."

„Klúbbarnir okkar safna fé á margbreytilegan hátt. Sumar selja blóm eða kerti en aðrar halda söfnunarsamkomur," segir Guðrún Lára Magnúsdóttir, forseti Soroptimistasambands Íslands. Alls eru félagar um 600 talsins í 19 félögum um land allt.

10. desember er lokadagur átaksins og þá verða Kvennaráðgjöfin og Sigurhæðir, úrræði fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Suðurlandi, styrkt. Fyrir ári styrktu Soroptimistar Sigurhæðir um 2 milljónir króna.

Meðal þeirra bygginga sem voru roðagylltar í fyrra var utanríkisráðuneytið og ýmis sendiráð Íslands á erlendri grundu.

> Samtakamáttur kvenna nær fram því besta fyrir konur.
>
> Guðrún Lára Magnúsdóttir, forseti Soroptimistasambands Íslands

„Soroptimistar hafa það að markmiði að stuðla að jákvæðri heimsmynd. Samtakamáttur kvenna nær fram því besta fyrir konur," segir Guðrún Lára. „Við söfnum miklu fé til að styrkja konur og stúlkur til menntunar. Helsta markmið okkar er að styrkja konur í baráttunni fyrir jafnrétti og frelsi." ■

Lögregla hefur ekki áhyggjur af ofbeldi andstæðinga sóttvarna

Ríkislögreglustjóri fylgist með umræðu um sóttvarnir og bólusetningar en hefur ekki áhyggjur af því að út brjótist ofbeldi. Gera megi þó ráð fyrir að einhverjir fyllist reiði. Erlendis eru auknar áhyggjur af ofbeldi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Mótmæli andstæðinga bólusetninga við heilbrigðisráðuneytið í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

LÖGGÆSLA Greiningardeild Ríkislögreglustjóra hefur ekki áhyggjur af því að andstæðingar bólusetninga beiti ofbeldi. Fylgst er þó vel með umræðu um sóttvarnir og bólusetningar.

„Heildarmyndin á Íslandi er þó sú að allur þorri landsmanna virðir og fer eftir tilmælum sóttvarnayfirvalda. Á þessum tímapunkti er, að mati greiningardeildar, ekki ástæða til að ætla að á næstu mánuðum verði breyting þar á," segir Runólfur Þórhallsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá greiningardeildinni.

Nokkur umræða hefur verið erlendis um hættu sem kynni að stafa af ofbeldi af hálfu andstæðinga bólusetninga við Covid-19. Í Bretlandi er hættan metin „alvarleg", í Ástralíu „líkleg" og „í meðallagi" á Nýja-Sjálandi. Lögreglan á Nýja-Sjálandi metur hættuna mesta af einstaklingum knúnum áfram af öfgafullri hugmyndafræði.

Á mánudag gerði ítalska lögreglan húsleit hjá 17 manns í 16 borgum sem grunaðir eru um að hvetja til ofbeldis í garð Mario Draghi forsætisráðherra, lækna og fleiri sem bera ábyrgð á sóttvarnaaðgerðum. Hér á Íslandi hefur lögreglan í tvígang þurft að hafa afskipti af andstæðingum bólusetninga þó að ofbeldi hafi ekki verið beitt. Þann 29. júlí var öskrandi kona handtekin við Suðurlandsbraut þegar verið var að bólusetja þungaðar konur. Þann 24. ágúst þurfti lögreglan að vísa öskrandi manni frá Laugardalshöll þar sem verið var að bólusetja 12 til 15 ára börn.

> Ein birtingarmynd þessa eru til dæmis hótanir í garð þeirra er standa í framlínu sóttvarnaaðgerða.

Runólfur Þórhallsson, hjá greiningardeild Ríkislögreglustjóra

„Gera má ráð fyrir að einhverjir einstaklingar geti fyllst reiði gagnvart þeim sem þeir telja að beri ábyrgð á þeim samfélagslegu hömlum sem til staðar eru hverju sinni og settar eru með lögmætum hætti í sóttvarnaskyni," segir Runólfur. „Ein birtingarmynd þessa eru til dæmis hótanir í garð þeirra er standa í framlínu sóttvarnaaðgerða."

Hann segir þó stöðuna hér aðra en til dæmis í Ástralíu eða á Nýja-Sjálandi, þar sem ströngum aðgerðum hafi verið haldið uppi um langan tíma sem kunni að hafa áhrif á mótmæli. Aðstæður í hverju landi kunni að ráða nokkru um hverjar afleiðingar faraldursins verða innan viðkomandi ríkis. Svo sem styrkur heilbrigðiskerfis og viðbrögð stjórnvalda.

Bendir Runólfur á Þjóðarpúls Gallup frá því í október þar sem kom fram að 89 prósent landsmanna treysta heilbrigðisyfirvöldum og almannavörnum mjög eða frekar vel til að takast á við faraldurinn. Ekki megi þó loka augunum fyrir því að ástandið geti haft áhrif á andlega heilsu.

„Sóttvarnaráðstafanir og ótti við smitsjúkdóma geta haft neikvæð áhrif á andlega líðan margra, til dæmis, en ekki einvörðungu, einstaklinga sem tilheyra viðkvæmum hópum og mega illa við sýkingum," segir hann. ■

Myrkir markaðs-dagar.

Gerðu mögnuð kaup á myrkum markaðsdögum á Heimkaup og kláraðu jólagjafirnar á öruggan og ódýran hátt. Glæsilegt úrval af alls kyns vörum á risaafslætti.

-20%



Krakkakviss 2 - spil
Verð: ~~3.490 kr.~~ 2.792 kr.

-20%

Pöbbkviss 2 - spil
Verð: ~~5.990 kr.~~ 4.792 kr.

-44%

Snjöug jólagjöf

Anker Soundcore Flare+ þráðlaus hátalari
Verð: ~~24.990 kr.~~ 13.990 kr.

-30%

Philips 43" 4K (2021) Ambilight Android
Verð: ~~139.990 kr.~~ 97.990 kr.

Snjöug jólagjöf

-40%

Samsung 2.1 soundbar
Verð: ~~32.990 kr.~~ 19.890 kr.

-22%

Philips 65" 4K (2021) Ambilight Android
Verð: ~~229.990 kr.~~ 179.990 kr.

-30%

Wilfa Quick Boil hraðsuðuketill 1l
Verð: ~~6.990 kr.~~ 4.890 kr.

Snjöug jólagjöf

-37%

George Foreman FlexE Grill
Verð: ~~18.990 kr.~~ 11.990 kr.

-20%

Snjöug jólagjöf

Braun Satin Hair HD 730 hárblásari
Verð: ~~9.990 kr.~~ 7.990 kr.

heimkaup



Margir foreldrar fá sjokk þegar það rennur upp fyrir þeim að greiða þurfi milljónir í tannréttingakostnað barna þeirra. Kristín Heimisdóttir, formaður Tannréttingafélags Íslands, er í hópi þeirra sem telja að um hróplegt óréttlæti sé að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Börnin sem hætta að brosa

Sprengja getur fallið á efnahag heimila ef börn þurfa spangir. Þjónusta sem áður var ókeypis kostar nú milljónir. Styrkur frá Sjúkratryggingum hefur staðið í stað um áratugabil. Mörg börn fá ekki meðhöndlun og læra að lifa með lokaðan munninn.

Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is

JAFNRÉTTI Um 1.800 börn á Íslandi fá árlega tannréttingaþjónustu. Kostnaður heimila vegna þessa getur numið á aðra milljón fyrir hvert barn. Eini frádrátturinn er styrkur upp á 100.000 til 150.000 krónur frá Sjúkratryggingum nema í mjög alvarlegum undantekningartilfellum.

Styrkirnir hafa ekki hækkað í tvo áratugi. 150.000 króna styrkur ætti samkvæmt verðlagshækkunum að vera 340.000 krónur í dag. Í því ljósi má færa rök fyrir að fjárútlát foreldra vegna nauðsynlegra tannréttingaaðgerða hafi aldrei verið meiri síðan Ísland varð velferðarríki. Ekki alls fyrir löngu voru tannréttingar ókeypis.

Milljóna fjárútlát

Meðferð tekur um þrjú ár að meðaltali. Fréttablaðið hefur rætt við foreldra sem segja að fjárhagur heimila þeirra hafi hreinlega sligast vegna þessa kostnaðar. Þeir sem hafa lent í mestum fjárhagsvanda vilja ekki koma fram undir nafni. Gunnlaugur Karlsson á þrjú börn sem öll þurftu tannréttingar. Eitt barnanna þurfti mikið inngrip, ríkið bætti að mestu fjárhagsskaðann vegna aðgerða þess en fyrir hin börnin tvö þurftu foreldrarnir að greiða nálægt fjórum milljónum króna. Gunnlaugur segir að fjölskyldan hafi verið í stöðu til að standa í skilum en augljóslega hafi ekki allar fjölskyldur efni á slíkum fjárútlátum.

Dreifa má greiðslunum en þær hverfa ekki. Ef heildarkostnaður við tannréttingar þriggja barna er þrjár milljónir og hlutur ríkisins er 450.000 krónur þurfa foreldrar að greiða tvær og hálfa milljón.

Hafa skal í huga að þegar mjög alvarlegra inngripa er þörf, svo sem vegna klofins góms, greiðir ríkið 95 prósent kostnaðar. Hefðbundin meðferð, spangir á annan góm eða báða, er aftur á móti sá veruleiki sem flestir glíma við.

Sálrænt og líkamlegt

Eldri kynslóðir Íslendinga muna þá tíma þegar grín var gert að börnum með spangir. Meiri sársauki fylgir þó því að vera barn með skakkar tennur eða bit sem aldrei fær bót sinna meina vegna efnahagslegrar mismununar.

Fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu fyrr á árinu um gjaldfrjálsar tannréttingar er fyrrverandi þingmaður, Ágúst Ólafur Ágústsson.

„Það er ótrúlega sorglegt að við tryggjum ekki öllum börnum jafna heilbrigðisþjónustu, því tannréttingar eru hluti heilbrigðisþjónustu," segir Ágúst Ólafur.

„Sum börn með tennur í ólagi veigra sér við því að brosa eða opna munninn," bætir hann við.

Afnám gjalds bætti tannheilsu

Með samningi Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands urðu fríar tannlækningar barna veruleiki. Guðbjartur heitinn Hannesson velferðarráðherra undirritaði þann samning. Sú ákvörðun hefur bætt tannheilsu barna. Kostnaður ríkisins við gjaldfrjálsar barnatannlækningar verður þetta árið 2,6 milljarðar króna samkvæmt áætlun. Ef ríkið tæki skrefið með gjaldfrjálsar tannréttingar myndi það kosta um 1,4 milljarða aukalega á ári.

„Ég var áður formaður Tannlæknafélagsins þegar við gerðum barnasamningana og er ekki síst mjög ósátt við þetta ástand í ljósi þess að tannskekkjur, skakkt bit, eru í flestum tilvikum eitthvað sem fólk hefur enga stjórn á," segir Kristín Heimisdóttir, formaður Tannréttingafélags Íslands.

„Varðandi tannskemmdir hins vegar, þar hefur tannhirða fólks mjög mikil áhrif á hvort tennur skemmast eða ekki," bætir hún við.

Mörg börn út undan

Kristín segir ljóst að margir kinoki sér við að börn þeirra fái nauðsynlega þjónustu þar sem heimilin hafi ekki efni á tannréttingum. Í breskri rannsókn segi að um 45 prósent breskra 12 ára barna hafi að jafnaði þörf fyrir tannréttingar. Á Íslandi hafi þörfin verið metin 30-40 prósent.

Hún tekur fram að krafan sé ekki að allir séu með fullkomnar tennur en skakkar tennur og bitskekkjur geti unnið á beini, haft áhrif á slímhúð, stóraukið líkur á tannbrotum og valdið eyðingu. Tennur geti einnig haft mikil sálræn áhrif á sjálfsmynd barna.

Kristín segir að einu sinni hafi hún setið í Tannlæknafélaginu fund með fulltrúum allra stjórnmálaflokka. Allir hafi verið sammála um að um réttlætismál væri að ræða. Samt finni ríkið ekki fé í málaflokkinn sem þó nemi ekki mjög hárri upphæð.

„Við þekkjum dæmi um fólk sem leitar ekki til okkar fyrr en undir áttrætt, þá loks hefur það kannski efni á þessu. Hluti fólks kemur líka í tannlæknadeild HÍ og sækir þjónustu þar," bætir Kristín við.

Horfa megi til Noregs

Í norska kerfinu er meðferðarþörf metin og borgar fólk meira eftir því sem þörfin er minni. Kristín segist hrifin af þeirri leið. Vísir að því kerfi sé þegar íslensk börn séu með mjög alvarlega galla. Þá greiði ríkið 95 prósent af heildarkostnaði.

Svíar bjóða upp á fría þjónustu fram að 23 ára aldri. Þar er, samkvæmt upplýsingum blaðsins, strangt mat um hvað skuli flokka undir lýtaaðgerð og hvað nauðsyn. Danir eru með kerfi sem umbunar barnafólki verulega. Ekki komast þó allir þar inn, biðlistar eru langir. Ísland sker sig úr frá hinum Norðurlöndunum hvað varðar rýra þátttöku hins opinbera í tannréttingakostnaði.

Ömurleg misskipting

Erling Ingvason tannlæknir segir ömurlegt að ástandið valdi misskiptingu þjónustu fyrir börn eftir efnahag heimilanna.

„Fólk lendir í sjokki þegar það kemur í fyrstu skoðun og fær áætlun. Kannski eru tvö til fjögur börn í fjölskyldu sem þurfa meðferð, því oft liggja bit- og tannskekkjur í ættum. Ef þetta eru ein til tvær milljónir á hvert barn þarf ekki að hafa fleiri orð um þannig áfall."

Misvísandi ástæður eru nefndar fyrir því að horfið var frá gjaldfríum tannréttingum barna. Meint ofþjónusta sérfræðinga er sögð ein skýring. Aðrir segja um hreina nýfrjálshyggju að ræða.

Engin svör fengust frá heilbrigðisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur, við skriflegri fyrirspurn um hvers vegna styrkurinn frá Sjúkratryggingum hafi ekki hækkað, hvort ráðherra telji verjandi að heimili sitji uppi með milljóna kostnað og hvort ráðherra telji sanngirnismál að tannréttingar barna verði gjaldfrjálsar.

Hins vegar segir ráðherra að tannheilsumál hafi verið í forgangi með ýmsum hætti undanfarið, svo sem með innleiðingu gjaldfrjálsra tannlækninga fyrir börn að 18 ára aldri og með hækkun greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlækningum öryrkja og aldraðra. ■

> Styrkir hafa ekki hækkað í tvo áratugi. 150.000 króna styrkur ætti samkvæmt verðlagshækkunum að vera 340.000 krónur í dag.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Ágúst Ólafur Ágústsson

Margvíslegur kostnaður

Kostnaður við forréttingar með gómum, beisli, eða lausum tækjum nemur í flestum tilvikum 150-400 þúsundum króna.

Tannréttingameðferð með spöngum í annan góm kostar 400-600 þúsund krónur.

Tannréttingameðferð með spöngum á báða góma kostar 700-1.100 þúsund krónur.

Dæmi um tanngalla eru margvísleg. Ef ekki tekst að laga bit og skekkjur geta afleiðingar orðið miklar á sál og líkama.

Teljum niður í Svartan Föstudag

30%

AFSLÁTTUR

JUNE
Sófi

Verð á svörtum föstudegi frá
97.860 kr.
Fullt verð frá 139.800 kr.

BROOKLYN
Borðstofuborð

Verð á svörtum föstudegi
118.860 kr.
Fullt verð frá 169.800 kr.

Komdu strax í dag og gerðu frábær kaup
Húsgögn | Rúm | Hægindastólar | Stillanleg rúm

Öll tilboðin er að finna á vefverslun okkar vogue.is

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Höfðingi hnígur til viðar

1973
var samið um smíði varðskipsins Týs.

8
skip voru dregin úr strandi.

3.800
er fjöldi flóttamanna sem áætlað er að skipið hafi bjargað frá 2013-2015 við landamæraeftirlit í Miðjarðarhafi.

105
skipti voru veiðarfæri skorin úr skrúfum fiskiskipa af köfurum varðskipsins.

40
millimetra fallbyssa, Bofors L60 MK3, var um borð.

1
milljarð kostaði Týr en skipið var þá fullkomnasta skip Íslands og jafnframt það dýrasta.

18
sinnum var herskipum siglt á Tý í 200 sjómílna þorskastríðinu.

3
sinnum fór skipið í viðhald til Póllands þar sem gerðar voru ýmsar endurbætur á því.

100
plús skip voru dregin til hafnar af Tý.

1421
var skipaskráarnúmer skipsins.

2.881
sjómíla var lengsta dráttarverkefni Týs þegar dráttarbáturinn Hebron Sea var dreginn frá Pictou á Nova Scotia í Kanada til Grena í Danmörku.

46
tonna dráttarspil frá Rolls Royce var sett í skipið 2006.

14.
mars 1975 var skipið formlega afhent Landhelgisgæslu Íslands.

Varðskipinu Týr hefur verið lagt eftir þjónustu við landsmenn síðan 1975. Freyja hefur tekið við hlutverki hans og fór í sína fyrstu ferð um Íslandsmiðin á þriðjudag. MYNDIR/LANDHELGISGÆSLAN

Varðskipið Týr lagðist að bryggju í síðasta sinn um miðjan mánuðinn. Týr hefur leikið afar stórt hlutverk í sögu Landhelgisgæslunnar en það kom í fyrsta sinn til Reykjavíkur árið 1975 og var þá dýrasta fley landsins.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas
@frettabladid.is

LANDHELGISGÆSLAN Varðskipið Týr kom til landsins 24. mars árið 1975 og þótti mikið tækniundur. Það kostaði um einn milljarð króna og var þá dýrasta og fullkomnasta skip landsins.

„Hvað fær maður fyrir milljarð?“ var fyrirsögn á fjögurra blaðsíðna úttekt Tímans skömmu eftir komu skipsins. Þar var farið yfir tækninýjungar og sérstaklega vikið að Sperry-tölvuradar sem gat séð á augabragði hvort togarar væru að veiða eða ekki. Slíkt tók áður margar mínútur og var gert handvirkt. Þá var skurðstofan mærð og ýmislegt fleira en blaðamanni Tímans fannst lágkúra í myndavali skipsins. Milljarðaskipið hefði ekki átt að vera skreytt með eftirprentunum.

Týr stóð vaktina með slíkum sóma að eftir var tekið í fiskveiðideilunni við Breta árið 1976 enda stóð skipið uppi í hárinu á freigátum Breta og beitti togvíraklippum af mikilli nákvæmni.

Í BA-ritgerð Flosa Þorgeirssonar, Stál í stál, sem Guðni Th. Jóhannesson var leiðbeinandi að, er fjallað um árekstra og ásiglingar í þorskastríðunum. Bók Guðna, þorskastríðin þrjú, var töluvert skarpari en Íslendingar höfðu átt að venjast og hetjuljómi Týs var settur í söguskoðun vísindamanns – sem ekki allir voru sáttir við.

Skipið var jú aðalsögupersónan í þriðja þorskastríðinu og skipherrarnir dásamaðir hér heima og hafnir upp til skýjanna. Í ritgerð Flosa er einmitt vikið að því að íslensku skipherrarnir hafi verið orðnir full uppteknir af eigin frægð og frama heima fyrir og farnir að láta illa að stjórn. Flosi bendir á að Geir Hallgrímsson forsætisráðherra á að hafa kvartað yfir þessu við sendiherra Noregs á Íslandi. „Óljóst er þó hvernig norski sendiherrann átti að bjarga því máli,“ skrifar Flosi.

Fertugur í Miðjarðarhafi

Þrátt fyrir að Týr hafi upphaflega verið smíðaður til eftirlits- og björgunarstarfa á Íslandsmiðum hefur skipið farið víða, eða allt frá botni Miðjarðarhafs til Norfolk í Virginíu í Bandaríkjunum og norður fyrir Svalbarða í Norðurhöfum.

Saga Týs við Íslandsmið er nánast ein samfelld sigurganga. Halldór B. Nellett, fyrrverandi skipherra, þekkir sögu Týs betur en flestir. Þegar Týr varð fertugur var hann staddur í björgun í Miðjarðarhafi og skrifaði Halldór aðeins um sögu hans á milli verkefna.

Halldór byrjaði aðeins 16 ára hjá Landhelgisgæslunni og hefur starfað nánast á flestum sviðum. „Ætli ég sé ekki búinn að vinna við flest nema í vélarúminu,“ segir hann. Halldór segir að allur aðbúnaður um borð hafi verið í öðrum gæðaflokki en áður hafði þekkst. Allir í sérherbergjum og brúin hafi verið sérlega vel hönnuð. Þá var skipið búið bestu siglingatækjum.

„Mesti munurinn var tölvuradarinn. Guðmundur Kjærnested skipherra hældi þessu mikið. Hann hafði þarna smá forskot í þorskastríðinu og sá hver var að veiða og hver ekki. Radarinn var mikil bylting.“

Ekki alltaf dans á rósum

Halldór segir að andinn um borð hafi alltaf verið góður en að sjálfsögðu komu dimmir dalir inn á milli enda skipið sent á staði sem aðrir vilja helst ekkert vera á. „Þetta var ekki alltaf dans á rósum enda fór skipið í mörg alvarleg tilvik sem mörg hver taka á.

Ekkert tók þó meira á en þegar Sigurður vinur minn Bergmann lést um borð í desember 1990. Ég hef komið að alls konar en það slys situr í mér. Það var svo skelfileg aðkoma og var óskaplega sorglegt slys. Það var mikill missir að Sigurði enda mikill öðlingur og mikið ljúfmenni,“ segir Halldór.

> Týr var frábært skip en er auðvitað barns síns tíma.

Halldór að ganga frá togvíraklippunum goðsagnakenndu.

Hann segir að tími Týs sé einfaldlega liðinn og þótt hann vilji halda þessari fyrrum hetju Íslandsmiða til haga er hann ekki í neinum vafa um að Landhelgisgæslan sé komin með frábær skip í stað þeirra sem eldri eru. Freyja, nýjasta skip gæslunnar, hélt einmitt í sína fyrstu eftirlitsferð á þriðjudag um Íslandsmið.

„Týr var frábært skip en er auðvitað barns síns tíma. Það var smíðað 1975 og er eins og Ægir sem var smíðað 1968. Þá var ekkert búið að finna upp skuttogara og bara síðutogarar við landið.

Í dag ræður Týr ekkert við þessi stóru skip svo við tölum nú ekki um stóru skemmtiferðaskipin ef þau myndu bila. Þó mér þyki vænt um skipið og vildi helst hafa það áfram í eigu Íslendinga þá er tími Týs einfaldlega liðinn,“ segir Halldór. ■

Baráttan við Falmouth

Harðasta ásigling allra þorskastríðanna átti sér stað að kvöldi 6. maí 1976. Þá kom til átaka milli varðskipsins Týs og bresku freigátunnar Falmouth. Skipin háðu einvígi í margar klukkustundir, en um klukkan ellefu um kvöldið missti skipherra Falmouth þolinmæðina.

Hann tók beina stefnu á Tý og lét setja 30 þúsund hestafla vélarnar í botn og keyrði beint á miðjan Tý. Týr var með klippurnar úti og þrír menn úti og fór skipið alveg á hliðina og mennirnir á bólakaf.

Við ásiglinguna snérist Týr í 180 gráður og stefnið á Falmouth gekk svo langt inn að það náði yfir þyrlupallinn. Guðmundur Kjærnested, skipherra Týs, náði að losa skipið frá og koma vélunum í gang en þær höfðu báðar stoppað.

Hann sá breskan togara beint fram undan og klippti aftan úr honum allt saman. Þá gerði Falmouth aðra alveg eins aðför og keyrði Tý aftur alveg á hliðina. Týr var mikið skemmdur og Guðmundur og áhöfn keyrðu inn á bakborðsvélinni einni.

Breskur dráttarbátur elti Tý og það var keyrt upp á líf og dauða á einni vél inn fyrir 12 mílurnar. Öll hin íslensku varðskipin, Baldur og Óðinn komu og fylgdu Tý inn. Dráttarbáturinn var alveg að ná Tý en það rétt slapp.

Í samantekt Flosa um atvikið segir að skipherrann Guðmundur Kjærnested hafi sagt fyrir dómi í sjóprófum að ásiglingin hefði komið honum nokkuð á óvart: „Við áttum eiginlega ekki von á þessu, við erum svo vanir að sigla langtímum saman meðfram þessum skipum að svona snögg breyting eða svona snögg árás er mjög sjaldgæf en hins vegar eru þessir menn ekki óvanir því að blotna þarna aftur á.“

Svartur
föstudagur
á morgun

20% afsláttur af stórum
og smáum heimilistækjum.

Gildir í vefverslun okkar á **sminor.is**
með afsláttarkóðanum: **svartur**

föstudaginn 26. nóvember.

Sami afsláttur er einnig veittur í verslun okkar í Nóatúni 4.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Fimm ára ábyrgð fylgir stórum heimilistækjum frá Siemens,
Bosch og Gaggenau hjá Smith & Norland,
að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála.
Þá er að finna á heimasíðu okkar.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 22.–29. NÓV. 2021

15 milljónir minka voru urðaðar á heræfingasvæðinu í Holstebro. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Minkabændur krefjast milljarða frá danska ríkinu

Eftir að hafa neyðst til þess að lóga öllum dýrum sínum hafa minkabændur í Danmörku lögsótt ríkið. Telja þeir bæturnar sem þingið hefur boðið of lágar. Málið skók danska stjórnmálaheiminn í fyrra.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DANMÖRK Eigendur danskra minkabúa hafa lögsótt danska ríkið vegna skipunar um að aflífa öll dýrin. Skipunin var gefin út í nóvember árið 2020 vegna stökkbreytts afbrigðis Covid-19 og olli miklu fjaðrafoki. Krefjast bændurnir þess að fá 600 milljónir danskra króna, eða um 12 milljarða íslenskra króna, aukalega í bætur ofan á það sem þingið hefur ákveðið.

Danska þingið hefur þegar ákveðið að bæta bændunum skaðann. Verður bændum boðnar 250 danskar krónur fyrir hvert skinn, eða tæpar 5 þúsund íslenskar krónur. Alls er pakkinn 19 milljarðar danskra króna og 2,5 milljarðar hafa þegar verið greiddir út.

Þetta eru bændurnir ekki sáttir við því að meðalverð skinna á mörkuðum í ár er 323 krónur, og vantar því 73 krónur upp á. Er krafa bændanna byggð á þessum mun.

„Dýrin, sem var lógað í nóvember í fyrra, átti að selja í ár. Þess vegna ættum við að fá greitt samkvæmt núverandi verðlagi," sagði Jens Jensen minkabóndi í samtali við sjónvarpsstöðina TV2.

Mette Fredriksen forsætisráðherra tilkynnti þann 4. nóvember í fyrra að allar 15 milljónir minka landsins skyldu aflífaðar samstundis. Sagði hún að hið stökkbreytta afbrigði sem fannst gæti ógnað væntanlegum bóluefnum, en á þeim tíma voru fyrstu bóluefnin að líta dagsins ljós.

Eftir rannsóknir fannst kórónaveiran í alls 207 minkabúum og hið stökkbreytta afbrigði dró úr næmi mótefnanna. Minkabændur lýstu aðgerðunum sem endalokum minkaræktunar í Danmörku.

Málið hafði miklar pólitískar afleiðingar því að viku eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar kom í ljós að ekki hafði reynst lagalegur grundvöllur fyrir henni. Þann 19. nóvember axlaði Mogens Jensen landbúnaðarráðherra ábyrgð og sagði af sér embætti.

„Ég er búinn að biðjast afsökunar og geri það aftur, sérstaklega bið ég minkaræktendur afsökunar sem eru í erfiðum aðstæðum," sagði Jensen.

> Þingið býður 250 krónur á hvert skinn en bændur vilja 323.

Eftir að minkarnir voru aflífaðir voru þeir urðaðir á vöktuðu svæði á vesturhluta Jótlands sem áður var æfingasvæði fyrir danska herinn. Voru þeir grafnir einn metra ofan í jörðina en það dugði ekki til því þegar hræin rotnuðu og blésu út komu þau upp úr fjöldagröfum sínum og lágu eins og hráviði úti um allt.

„Vandamálið er að jarðvegurinn hér í Vestur-Jótlandi er of léttur," sagði Thomas Kristensen, upplýsingafulltrúi ríkislögreglunnar, við ríkisútvarpið DR þann 24. nóvember. Var þó talin lítil smithætta af fjöldagröfunum. ■

Sæfarar, hipsterar, söngvarapör
þurfa söfn til að kanna og lakkrísrör.
Brandenburg | sía
Þegar þú velur íslenska vöru eða þjónustu skilar það sér aftur til
þín. Þú styður við íslenskan iðnað, verslun, framleiðslu og hugvit.
Þannig skapast verðmæti og störf, samfélaginu okkar til góða.
Kynntu þér málið á gjoridsvovel.is.
ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

Velkomin í Hverfahleðslu ON

Þú hleður frítt til og með 30. nóvember með ON-lyklinum

Hverfahleðslur ON eru í alfaraleið í Reykjavík og Garðabæ. Þær gefa fólki kost á að hlaða við sundlaugar, menningarhús, íþróttamiðstöðvar, skóla og leikskóla. Hverfahleðslurnar eru líka hentugar fyrir fólk sem vill hlaða bílinn í sínu hverfi en eiga ekki kost á að hlaða heima við.

ON-lykillinn - langþægilegast

ON-lykilinn er einfaldasta leiðin til að nota nota hleðslustöðvar ON. Þú getur sótt hann á nokkrum vel völdum stöðum á landinu eða pantað hann á **on.is** og við sendum hann þér að kostnaðarlausu.

Þú finnur næstu Hverfahleðslu á on.is.



Fossvogur | Árbær | Grafarholt | Grafarvogur | Hlíðar | Neðra Breiðholt

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Garðabær

Vogar

Vesturbær

Efra Breiðholt

Frá loftslagsverkfalli ungmenna á Austurvelli. Miklar breytingar á veðurfari eru í vændum að mati Umhverfisstofnunar Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Stórfelldra veðrabreytinga og öfga að vænta segir Umhverfisstofnun Evrópu

bth@frettabladid.is

LOFTSLAGSMÁL Evrópubúar þurfa að búa sig undir meiri hitasveiflur, öfgafyllri úrkomu, tíðari stórviðri og ýmsar neikvæðar afleiðingar þeim tengdar, samkvæmt nýrri skýrslu sem Umhverfisstofnun Evrópu hefur gefið út.

Í skýrslunni segir að vaxandi hætta steðji að Evrópuríkjum vegna loftslagsbreytinga á næstu áratugum. Afleiðingarnar muni birtast með misjöfnum hætti eftir svæðum.

Enginn vafi er sagður á að loftslagsbreytingar af mannavöldum skýri tíðari öfgar í veðri. Í öllum ríkjum Evrópu megi fólk búa sig undir fleiri daga með miklum hita og öfgakenndari úrkomu. Íbúar í grennd við Miðjarðarhafið ættu sérstaklega að búa sig undir heitari sumur og tíðari þurrka.

Aukin eldhætta gæti skapast í Suður-Evrópu vegna úrkomu. Í Norður-Evrópu er sagt líklegt að árleg úrkoma og mikil úrkoma í einu, verði aukinn vandi. Það á einnig við um Ísland.

Árflóð gætu orðið vaxandi vandi. Áætlað er að yfirborðshiti sjávar hækki og sýrustig vatns muni aukast á öllum svæðum í Evrópu.

Breytingar á snjó og ísmyndun gætu leitt til breytilegra staðbundinna áhrifa. Hlýnun muni hafa neikvæð félags- og efnahagsleg áhrif á sum svæði í Evrópu sem gera út á skíðasvæði. Hætta á flóðum muni aukast á öðrum svæðum.

Þá eru miklar vindhviður sagðar geta valdið víðtæku tjóni á skógum, byggingum og samgöngu- og orkumannvirkjum.

Umhverfisstofnun Evrópu segir að skýrslan nýtist ekki síst stefnumótendum og sérfræðingum sem hafi áhuga á mati á loftslagsáhættu og aðlögunaráætlunum í Evrópu.■

Dæmdir sekir fyrir morðið á Arbery

thorgrimur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Þrír bandarískir karlmenn, þeir Travis og Gregory Michael og William Bryan, voru í gær dæmdir sekir af kviðdómi, fyrir morðið á Ahmaud Arbery. Arbery, sem var 25 ára og þeldökkur, var skotinn til bana í febrúar í fyrra, þegar hann var á skokki í gegnum hverfi í Brunswick í Georgíu.

Morðingjarnir voru allir hvítir íbúar í hverfinu og hefur þeim verið gefið að sök að elta og ráðast á Arbery að tilefnislausu. Vegna litarhafts aðila málsins hefur víða verið litið á morðið sem dæmi um kynþáttaníð. Þremenningarnir héldu því fram að þeir hefðu drepið Arbery í sjálfsvarnarskyni og höfðu hann grunaðan um innbrot.■

Mótmælendur fyrir framan dómshúsið í Brunswick. MYND/GETTY

Fjöldagreftrun fórnarlamba Covid-19 í héraðinu Manaus í Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heimurinn að falla á tíma gagnvart næsta faraldri.

Ný skýrsla á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sýnir að ríki heimsins voru ekki undirbúin undir Covid-19 og eru heldur ekki undirbúin undir næsta heimsfaraldur. Heilbrigðisráðherrar heimsins funda í næstu viku um hvort þörf sé á sáttmála um faraldra.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ALÞJÓÐAMÁL Nefnd sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, stofnaði til þess að gera úttekt á vörnum gegn Covid-19 og leggja til úrbætur, telur að of hægt gangi að bæta viðbragðskerfi heimsins gegn næstu heimsfaröldrum. Leggur hún til að varnir gegn þeim næsta sem muni skella á, hefjist samstundis.

Nefndin var stofnuð í september árið 2020 og er undir forystu Helen Clark, fyrrverandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands, og Ellen Johnson Sirleaf, fyrrverandi forseta Líberíu. Hálfsársskýrsla þeirra var opinberuð á mánudag.

„Heimurinn er að falla á tíma," segir í skýrslunni. „Bylgjur sjúkdóma og dauða halda áfram að skella á okkur. Á norðurhvelinu er fólk innandyra, þreytt á sóttvarnaaðgerðum og misbólusett. Í fátækari löndum hefur fólk nánast ekkert aðgengi að bóluefnum."

Við kynningu skýrslunnar sagði Sirleaf að skilaboðin væru einföld og skýr. „Núverandi kerfi var ekki í stakk búið til að verja okkur fyrir Covid-19. Og ef við bregðumst ekki við núna, mun það heldur ekki geta varið okkur fyrir næsta heimsfaraldri, sem getur brotist út hvenær sem er," sagði hún.

Benti hún á að fyrirheit ríkra landa um að bóluefni myndu skila sér til hinna fátækari, hafi ekki raungerst. Aðeins brot af bóluefni hafi komist til skila, meðal annars í COVAX-samstarfinu. Sagði hún að leggja þyrfti 10 milljarða Bandaríkjadala árlega til varna gegn heimsfaröldrum og þegar ljóst væri að slíkur væri að skella á, þyrftu 100 milljarðar að vera til ráðstöfunar.

Í næstu viku fer fram sérstakur fundur hjá WHO þar sem heilbrigðisráðherrar ræða hvort þörf sé á sérstökum heimssáttmála um viðbrögð við faröldrum. Verður skýrsla Clark og Sirleaf örugglega til tals á þeim fundi.

„Ríki heimsins ættu að eyða minni tíma í að rífast um smáatriði í nefndum á meðan heimsfaraldurinn geisar," sagði Clark. „Fólk er að deyja og ný ógn getur sprottið upp hvenær sem er."

Meðal þess sem Clark og Sirleaf hafa lagt til er að tryggja WHO varanlega fjármögnun til þess að takast á við heimsfaraldra. Einnig að gerður verði sáttmáli um faraldra og stofnað verði sérstakt heimsráð, sem í sitja þjóðarleiðtogar, sem vinni samkvæmt honum.

> Ríki heimsins ættu að eyða minni tíma í að rífast um smáatriði í nefndum á meðan heimsfaraldurinn geisar.

Helen Clark, fyrrverandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands

Áætlað er að fátækari löndin muni hafa fengið 1 milljarð bóluefnaskammta í september síðastliðnum, sem er langt frá því nóg. Í sumum löndum eru vel innan við tíu prósent landsmanna bólusett. Sirleaf benti á það ranglæti að heilbrigðisstarfsfólk í mörgum löndum hefði ekki fengið einn skammt á meðan fólk í ríkum löndum væri að fá sinn þriðja.■

Gildi – lífeyrissjóður

Rafrænn sjóðfélaga- og fulltrúaráðsfundur

Í dag, fimmtudaginn 25. nóvember klukkan 17:00

Dagskrá:

- Staða og starfsemi Gildis á árinu 2021
- Hækkandi lífaldur, hvernig bregðast lífeyrissjóðirnir við?

*Vegna samkomutakmarkana verður fundurinn að fullu rafrænn. Honum verður streymt á íslensku og ensku en nánari upplýsingar má finna á **www.gildi.is**. Sjóðfélagar eru hvattir til að taka þátt í fundinum og kynna sér stöðu og rekstur sjóðsins.*

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs

GILDI

Lífeyrissjóður www.gildi.is

Forsætisráðherra í sjö klukkutíma

thorgrimur@frettabladid.is

SVÍÞJÓÐ Magdalena Andersson, nýr forsætisráðherra Svíþjóðar, sagði af sér aðeins sjö klukkustundum eftir að hún tók við embætti í gær. Hún tók við embætti forsætisráðherra af Stefan Löfven og varð þá fyrsti kvenforsætisráðherra í sögu landsins.

Andersson tilkynnti afsögn sína í kjölfar þess að Græningjar ákváðu að draga til baka stuðning sinn við stjórn hennar, eftir að fjárlagafrumvarp hennar náði ekki fram að ganga innan þingsins. Þess í stað var fjárlagafrumvarp Miðflokksins, Kristilegra demókrata og Svíþjóðardemókrata samþykkt og þótti Græningjum það ekki ganga nógu langt varðandi loftslagsmálefni.

Nýi forsætisráðherrann segir málið snúast um virðingu. „Ég get ekki leitt ríkisstjórn ef tilefni er til að efast um lögmæti hennar," sagði Andersson, sem hefur þó tjáð Andreasi Norlén, forseta sænska þingsins, að hún hafi enn áhuga á að leiða minnihlutastjórn Jafnaðarmannaflokksins.■

> Ég get ekki leitt ríkisstjórn ef tilefni er til að efast um lögmæti hennar.

Magdalena Andersson, fráfarandi forsætisráðherra Svíþjóðar.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Rósa Kristinsdóttir og Aníta Rut Hilmarsdóttir voru gestir Markaðarins á Hringbraut í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Peningamál fólks eru svo mikið einkamál

Þrjár ungar konur hafa vakið athygli fyrir frumlega og skemmtilega nálgun sína að umfjöllun um fjármál og fjárfestingar og halda þær úti Instagram-reikningi sem nýtur mikilla vinsælda.

elinhirst@frettabladid.is

Áhugi almennings á verðbréfakaupum hefur aukist mjög á undanförnum misserum, sérstaklega í ljósi þess að bankavextir hafa lækkað.

Þrjár athafnakonur, þær Rósa Kristinsdóttir, Aníta Rut Hilmarsdóttir og Kristín Hildur Ragnarsdóttir, hafa gefið út bókina Fjárfestingar, til þess að gera þessi mál aðgengileg almenningi „án þess að svæfa þig úr leiðindum“, eins og segir í bókinni. Einnig er hægt að fara inn á Instagram-reikninginn Fortuna Invest, sem þær reka, til þess að fá daglega fræðslu um fjárfestingar.

„Fólk talar yfirleitt lítið um fjármál sín við aðra. Því finnst þetta vera svo mikið einkamál. Samt erum við öll að taka þessar stóru ákvarðanir í tengslum við peningamál okkar og þurfum oft á ráðleggingum að halda. Þetta er eitthvað sem við viljum breyta, opna þessa umræðu og einfalda hana,“ segir Rósa Kristinsdóttir fjárfestingaráðgjafi. Rósa og Aníta Rut Hilmarsdóttir voru gestir í þættinum Markaðnum á Hringbraut í gærkvöldi.

„Hlutabréf hafa verið að hækka í verði og þá eru margir sem vilja kaupa. Það er eðlilegt að þú hoppir á vagninn þegar eitthvað er búið að hækka mikið,“ segir Aníta Rut Hilmarsdóttir. „Okkur er heldur ekki eðlislægt að kaupa eitthvað sem hefur lækkað, þannig að þetta er mjög mikil sálfræði,“ segir hún enn fremur.

„Við höfum lagt grunn að því að fólk hugsi þetta alltaf til lengri tíma, þó að það sé mjög auðvelt að láta stjórnast af einhverjum skammtímasveiflum. Svo þegar tölurnar verða rauðar tekur fólk oft óskynsamlegar ákvarðanir og vill selja í stað þess að hugsa til lengri tíma. Eðli hlutabréfa er að sveiflast í verði og fólk verður að vera meðvitað um það,“ segir Aníta.

> **Hlutabréf hafa verið að hækka í verði og þá eru margir sem vilja kaupa. Það er eðlilegt að þú hoppir á vagninn þegar eitthvað er búið að hækka mikið.**
>
> Aníta Rut Hilmarsdóttir, fjárfestingaráðgjafi

Þær segja að hið nýja lágvaxtaumhverfi, sem við Íslendingar höfum kynnst á síðustu misserum þegar stýrivextir lækkuðu mjög hratt, sé alveg nýr veruleiki. Það er ekki lengur nóg að setja peninga inn í banka og fá fína ávöxtun með lítilli áhættu, en ávöxtun og áhætta haldist í heldur.

„Eitt af því sem við viljum leggja áherslu á er að við erum alla ævina að spara í gegnum lífeyrissjóðakerfið,“ segir Rósa. „Það eru ótrúlega margir sem vita ekki einu sinni í hvaða lífeyrissjóð þeir eru að greiða eða hvernig lífeyrissjóðirnir virka og hvernig þeir eru að ávaxta fé okkar.“ Aníta bætir við að það séu einnig örfáir sem mæti á ársfundi lífeyrissjóðanna: „Maður myndi ætla að margir hefðu eitthvað um hlutina að segja, til dæmis ef þeir eru óánægðir með hvernig lífeyrissjóðurinn þeirra er að fjárfesta.“

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er orðið gríðarlega stórt og það sé stærsti leikmaðurinn á íslenskum verðbréfamarkaði. Aníta Rut segir að lífeyrissjóðirnir séu með mjög virka eignastýringu. „Við gleymum mjög oft að þetta eru peningar sem fara af launum okkar mánaðarlega til lífeyrissjóðanna og viljum við ekki vita hvað verður um þá peninga?“ Rósa segir að þær séu einmitt með sérstakan kafla um lífeyrissjóðina í nýútkominni bók sinni, Fjárfestingar, Fortuna Invest, til þess að fræða fólk um þetta.

„Svo erum við einnig á Instagram. Við völdum þann miðil fyrir fólk sem gefur sér ekki tíma til að eyða löngum stundum í að stúdera fjárfestingar. Við höfum þetta einfalt og það kemur eitthvað nýtt inn á hverjum degi. Þá hættir þetta að vera íþyngjandi og þú sækir þér þessa fræðslu í smáum skömmtum,“ segir Rósa Kristinsdóttir. ■

Of mikið af innviðum á fjarskiptamarkaði í opinberri eigu

helgivifill@frettabladid.is

Of mikið af innviðum á fjarskiptamarkaði er í opinberri eigu, að sögn Orra Haukssonar, forstjóra Símans. „Hið opinbera er betra í að setja reglur en að reka innviði.“ Hann nefnir í því samhengi til að mynda Farice sem rekur netsæstrengi og Ljósleiðarann (áður Gagnaveitan) sem rekur ljósleiðarakerfi.

Þetta kemur fram í viðtali við sjónvarpsþátt Markaðarins sem frumsýndur var klukkan sjö í gærkvöldi á Hringbraut, þar sem Orri ræddi sölu Símans á Mílu til franska innviðasjóðsins Ardians. Eftirlitsaðilar eiga eftir að samþykkja kaupin.

Ljósleiðarinn er keppinautur Mílu en fyrirtækið er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, sem er nánast að öllu leyti í eigu borgarinnar. Það þykir Orra vera óeðlileg samkeppni og nefnir að í ljós hafi komið að fyrirtækin hafi blandað saman fjármunum úr samkeppnisrekstri og rekstri sem sé háður einkaleyfi.

Orri segir að víða erlendis sé horft til þess að mikil samkeppni ríki á fjarskiptamarkaði þegar litið sé til þjónustu, en að fyrirtæki vinni saman þegar kemur að rekstri innviða. „Hér höfum við farið þá leið að vera með samkeppni í innviðum líka,“ segir hann.

Að sögn Orra hafi verið unnið hratt við að samnýta fjarskiptainnviði þegar gosið í Geldingadölum hófst. „Neyðarlínan leiddi það verkefni,“ segir hann og nefnir að hægt væri að fara í samstarf víðar um land, svo sem með 5G-farsímakerfi og í ljósleiðaravæðingu, því það séu svæði á Íslandi sem séu svo fámenn að erfitt sé að keppa á sviði fjarskiptainnviða í hagnaðarskyni.

> **Hið opinbera er betra í að setja reglur en að reka innviði.**

Orri Hauksson, forstjóri Símans.

Orri segir meðal annars um tildrög að sölu á Mílu, að stjórnendur Símans hafi legið undir ámæli frá fjárfestum því stór hluti af sjóðsstreymi félagsins hafi farið í fjárfestingar og því minna orðið eftir handa hluthöfum. Af þeim sökum hafi Síminn heldur dregið úr fjárfestingum, þótt farið hafi verið í miklar fjárfestingar við uppbyggingu á 4G farsímakerfum, ljósleiðarauppbyggingu og fleiru. Síminn hafi marga haghafa og því þurfi að líta til margra sjónarmiða.

Hann bendir á að Ardian horfi til langs tíma og geti því tímasett sínar fjárfestingar með öðrum hætti en Síminn, sem sé skráður í Kauphöll. Íslendingum þyki kaupin á Mílu stór, en í huga stjórnenda Ardian sé um tiltölulega lítil viðskipti að ræða. Ardian hafi hug á að fjárfesta í uppbyggingu Mílu til að auka umsvif fyrirtækisins og koma fjármagni í umferð. Orri segir aðspurður að Síminn sé ekki besti eigandinn að Mílu. Eftirlitsstofnanir leggi til dæmis meiri kvaðir á bæði félögin vegna eignarhaldsins.■

Njótum aðventunnar



Undirbúið aðventuna með okkur!

FJÖLDI SKEMMTILEGRA KENNSLUMYNDBANDA OG FALLEGRA HUGMYNDA Á VEFNUM OKKAR.

OPIÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Auka arðgreiðslur vegna góðs gengis

helgivifill@frettabladid.is

Stjórn fasteignafélagsins Eikar hefur hækkað arðgreiðsluhlutfallið úr 35 prósentum í 50 prósent, af handbæru fé frá rekstri. Að frádreginni þeirri fjárhæð sem nýtt verður í kaup á eigin bréfum fram að boðun næsta aðalfundar.

Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar.

„Við teljum rekstur félagsins hafa gengið vel og eðlilegt að hluthafar njóti góðs af því. Meðal annars höfum við náð að lækka fjármagnskostnað félagsins á undanförnum árum, sem eykur arðgreiðslugetu félagsins," segir Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar, við Markaðinn. Sá fyrirvari er þó sleginn í arðgreiðslustefnunni, að við mótun tillögu um arðgreiðslu skuli litið til fjárhagsstöðu félagsins, fyrirætlana um fjárfestingar og stöðu efnahagsmála. ■

Tempo kaupir kanadískt félag

helgivifill@frettabladid.is

Tempo, hlutdeildarfélag Origo, keypti í gær Roadmunk, sem er í Ontario, Kanada. Roadmunk hefur þróað hugbúnað sem hjálpar fyrirtækjum að byggja upp, hanna og miðla stefnu fyrir hugbúnaðarvörur með sjónrænum hætti. Þetta kemur fram í tilkynningu til Kauphallarinnar.

Árlegar tekjur Roadmunk eru um 12,5 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 1,6 milljarða króna, og er félagið með jákvætt sjóðsstreymi.

Kaupin eru fjármögnuð af Tempo og engin ný hlutabréf eru gefin út vegna viðskiptanna.

Hlutabréfaverð Origo hækkaði í gær um tæplega fimm prósent í 173 milljóna króna veltu.

Origo seldi 55 prósenta hlut í Tempo til Diversis Capital, fjárfestingafélags frá Los Angeles, sem sérhæfir sig í fjárfestingum í hugbúnaðar- og tæknifyrirtækjum, í lok árs 2018. Áður en salan gekk í gegn átti Origo Tempo að fullu. ■

Tækifæri felist í hugviti og nýsköpun

Fagstjóri hugvits, nýsköpunar og tækni hjá Íslandsstofu, segir mikilvægt að Ísland fari að leggja áherslu á hugvit sem útflutningsgrein, því í því felist mikil vaxtartækifæri.

magdalena@frettabladid.is

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Jarþrúður Ásmundsdóttir, fagstjóri hugvits, nýsköpunar og tækni hjá Íslandsstofu og Guðmundur Hafsteinsson, stofnandi og forstjóri Fractal5. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hugvit, nýsköpun og tækni verða burðarásar í verðmætasköpun Íslendinga. Þetta er markmið starfsins í Vísindaþorpinu í Vatnsmýri eða Reykjavik Science City sem kynnt var formlega í nýju húsnæði Íslandsstofu í Grósku í gær. Markmið Vísindaþorpsins er að stuðla að því að Ísland verði eftirsóttur staður til rannsókna, þróunar og fjárfestinga, auk þess að laða erlend fyrirtæki og sérfræðinga til landsins.

Við athöfnina héldu erindi þau Jarþrúður Ásmundsdóttir, fagstjóri hugvits, nýsköpunar og tækni hjá Íslandsstofu, Guðmundur Hafsteinsson, stofnandi og forstjóri Fractal5 og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.

Jarþrúður Ásmundsdóttir segir í samtali við Markaðinn að mikilvægt sé að Ísland fari að leggja áherslu á hugvit sem útflutningsgrein.

„Reykjavík Science City er fyrsta alþjóðlega herferðin sem Íslandsstofa fer af stað með til að leggja áherslu á hugvit, nýsköpun og tækni sem útflutningsgrein," segir Jarþrúður og bætir við að miklir vaxtarmöguleikar felist í að leggja áherslu á hugvit.

„Það liggja fyrir gögn sem sýna það með óyggjandi hætti að þetta er einn helsti vaxtarmöguleiki íslensks hagkerfis og við bindum því miklar vonir við þetta verkefni. Við vonumst til þess að með þessu framtaki getum við markað Ísland sem land hugvits, nýsköpunar og tækni."

Guðmundur Hafsteinsson, stofnandi og forstjóri Fractal5, segir í samtali við Markaðinn að um þessar mundir séu að eiga sér stað miklar breytingar.

„Ég bjó í Kísildalnum í 15 ár og vann meðal annars hjá Google og Apple. Að sjálfsögðu var mjög gaman að upplifa það, en á sama tíma fórnaði ég lífsgæðum á móti. Maður eyddi til dæmis 3 tímum í umferð á hverjum degi," segir Guðmundur og bætir við að maður kunni ekki að meta Ísland fyrr en maður hefur prófað að búa erlendis og flytur síðan heim.

„Það sem ég áttaði mig á þegar ég flutti aftur heim var hvað lífsgæðin á Íslandi eru svakalega góð. Eftir að ég flutti hingað batnaði líf mitt heilmikið.

Um þessar mundir eru að eiga sér stað miklar breytingar hvað varðar það að fólk getur í raun unnið hvar í heiminum sem er í gegnum heimavinnu. Þær breytingar hafa í för með sér að það er liðin tíð að Kísildalurinn, New York eða London þurfi að vera miðjan. Því um þessar mundir getur fólk einfaldlega leitað þangað sem lífsgæðin eru mest og þá er Reykjavík afar fýsilegur kostur. Aukin heimavinna er klárlega framtíðin." ■

> Þetta er fyrsta alþjóðlega herferðin sem Íslandsstofa fer af stað með til að leggja áherslu á hugvit, nýsköpun og tækni sem útflutningsgrein.
>
> Jarþrúður Ásmundsdóttir, fagstjóri hjá Íslandsstofu

Vísindaþorpið ein meginstoð borgarinnar

Í Vatnsmýrinni hefur skapast frjór jarðvegur fyrir fyrirtæki sem drifin eru áfram af hugviti og segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Vísindaþorpið eina meginstoð borgarinnar í atvinnumálum.

„Við þurfum fjölbreytt atvinnulíf og öflugt þekkingarsamfélag er liður í samkeppnishæfni borgarinnar. Öðrum megin í borginni er að vaxa Þorp skapandi greina í Gufunesi og hinum megin erum við með Vatnsmýrina, sem samanstendur af framúrskarandi rannsóknum á sviði læknavísinda við Landspítalann, að Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Nú þegar eru starfandi framsækin og stöndug fyrirtæki eins og CCP, Decode og Alvogen, auk fjölda lítilla og meðalstórra sprotafyrirtækja, á sviði tækni og vísinda. Við erum staðráðin í að fjölga stórum og öflugum þekkingarfyrirtækjum á svæðinu og auka enn á gróskuna hjá minni fyrirtækjum og sprotum. Framtíðin er því björt í Vatnsmýrinni og hryggjarstykkið verður Vísindaþorpið sem við kynnum hér í dag," segir Dagur.

Störfum í hugverkaiðnaði fjölgaði um 14 prósent í miðjum heimsfaraldri

Markmið Reykjavík Science City er að styðja við vöxt í greinum tengdum hugviti, nýsköpun og tækni. Samkvæmt rannsókn Íslandsstofu á rekstrarumhverfi slíkra fyrirtækja kom í ljós að á árinu 2020 fjölgaði starfsgildum þar um 14% á sama tíma og heimsfaraldur Covid-19 gekk hér yfir, með tilheyrandi uppsögnum og atvinnuleysi.

„Segja má að Reykjavík sé eitt stærsta vörumerki Íslands og í kringum Vatnsmýrina hafa byggst upp einstakir innviðir í formi háskóla, rannsóknastofnana og þekkingarfyrirtækja. Við teljum okkur því eiga fjölmörg tækifæri að sækja í þessum efnum," segir Jarþrúður Ásmundsdóttir, fagstjóri hugvits, nýsköpunar og tækni hjá Íslandsstofu.

Í Vísindaþorpinu verði lögð áhersla á uppbyggingu svokallaðrar grænnar og blárrar tækni (e. Greentech og e. Bluetech) og lífvísinda, en Íslendingar hafi þegar aflað sér mikillar þekkingar á þeim sviðum og eiga þar inni öflug tækifæri.

FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA

Kynntu þér árangur og úrval ÍV sjóða á WWW.IV.IS

ÍSLENSK VERÐBRÉF síðan 1987

Ýmsar lausnir að finna hér á Íslandi í loftslagsmálum og orkuskiptum

magdalena@frettabladid.is

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að nýsköpunarfyrirtæki hér á landi hafi komið fram með ýmsar lausnir í loftslagsmálum. „Loftslagsmálin eru mjög stór samfélagsleg áskorun sem allur heimurinn tekst á við og það verður mikil áhersla lögð á þau á komandi árum. Hér á landi er að finna ýmsar lausnir sem taka á þessum vanda og má þar nefna lausnir á sviði orkuskipta, kolefnisbindingar og orkuþekkingar," segir Sigurður og bætir við að hér hafi ýmis þekking byggst upp sem getur komið að góðum notum á erlendri grundu.

„Ýmis verkefni hjá verkfræðistofunum sem snúa að grænum lausnum hafa verið nýtt erlendis. Það sama á

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

við um fyrirtæki eins og Jarðboranir. Nýlegt dæmi er svo fyrirtækið Carbfix sem er brautryðjandi á heimsvísu í því að breyta koldíoxíði í stein. Það er lausn sem er mjög áhugaverð og getur nýst bæði okkur og öðrum þjóðum í því að ná loftslagsmarkmiðum. Síðan má ekki gleyma því að fram undan eru þriðju orkuskiptin, en þau tengjast samgöngum. Við þekkjum öll rafbílavæðinguna en fram undan eru stærri breytingar sem snúa að skipum, flugvélum og stærri ökutækjum."

Hann segir jafnframt að hjá Samtökum iðnaðarins sé nýbúið að stofna Samtök vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda. „Þetta er hugsað sem sérstakur faghópur fyrirtækja á þessu sviði. Fyrir þá sem hyggja á framleiðslu á vetni eða öðru rafeldsneyti með það að markmiði að koma á orkuskiptum hér á landi, en einnig alþjóðlega."

Aðspurður hvernig rekstrarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja sem leggja áherslu á umhverfismál sé, segir Sigurður að á heildina litið sé það mjög gott. „Það þarf með einhverjum hætti að efla loftslagssjóð. Þannig að hann fjárfesti meira í nýsköpun og þróun, sem nýtist við það verkefni að draga úr losun." ■

ICELANDAIR

Okkar bestu verð á

Black Friday

til 2. desember

Black Friday-veislan stendur yfir til 2. desember og fjöldi áfangastaða er í boði. Svartasta skammdegið kallar á góð verð — því styttri dagar, því lengri tilboð!

Tryggðu þér þitt sæti út í heim á **icelandair.is**

Evrópa frá 9.900

Norður-Ameríka frá 22.500

Innanlands frá 7.990

Strönd Kjólsvíkur er klettótt og hentar því ekki fyrir útræði. Í staðinn var stundaður þar búskapur og þegar mest lét bjuggu þar 16 manns. Í forgrunni sjást rústir gamla bæjarins og fjallið Grenmór í fjarlægð. MYND/ÞÓRHALLUR ÞORSTEINSSON

Glettilega falleg Kjólsvík

Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari

Á Víknaslóðum er aragrúi skemmtilegra örnefna sem lífga enn frekar upp á stórkostlega náttúruna. Má þar nefna Kjólsvík en hún liggur milli fjallanna Glettings (554 m) og Grenmós, norðan Breiðuvíkur. Í Kjólsvík er undirlendi lítið en skriðuhlaup úr snarbröttum hlíðum Glettings setja svip sinn á landslagið. Óvenjulegt nafn sitt dregur víkin af kletti í hlíðum Glettings sem kallast Kjóll, orð sem í fornu máli var notað yfir bátskjöl. Engu að síður var útræði aldrei stundað frá klettóttri Kjólsvík og brugðu bændur sér því yfir Gletting út á Glettingsnes til að sækja þar sjó. Í Víkinni var hins vegar stundaður landbúnaður alveg fram til 1938, aðallega sauðfjárrækt, oft við afar erfiðar aðstæður. Má sjá rústir eyðibýlisins skammt frá ströndinni. Þarna gerðust válegir atburðir árið 1705, sem leiddu til þess að þremur árum síðar var vinnukonunni Hallfríði Magnúsdóttur drekkt í Drekkingarhyl á Þingvöllum. Átti hún að hafa sængað með bæði Ólafi Kolbeinssyni vinnumanni á bænum og bóndanum Sigmundi Vigfússyni, sem var giftur þriggja barna faðir. Í vettvangskönnun sýslumanns til Kjólsvíkur sá hann að úr brjóstum Hallfríðar lak mjólk, en barnið fannst síðan eftir leit, niðurgrafið skammt frá bænum. Sagði Hallfríður Ólaf hafa borið út barnið. Fyrir þetta var Ólafur hálshöggvinn en Sigmundur aðeins dæmdur til húðstrýkingar fyrir hórdómsbrot. Þótti dauðadómur Hallfríðar og Ólafs endurspegla bága réttarstöðu vinnuhjúa á þessum tíma.

Óhætt er að mæla með heimsókn í Kjólsvík en þangað er aðeins hægt að komast gangandi eða ríðandi. Fyrst er haldið upp á Kjólsvíkurvarp og er einfaldast að komast þangað sunnan úr Breiðuvík, þar sem er vistlegur skáli Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og tjaldstæði. Annar valkostur er að hefja gönguna í Borgarfirði og fylgja Þrándarhrygg að Kjólsvíkurvarpi. Þaðan liggur stórkostleg gönguleið meðfram klettóttum hlíðum Glettings, eftir svokölluðum Kjólsvíkurmelum, yfir Hall og niður Háuhlaup að gamla bæjarstæðinu. Þarna leitar hugurinn ósjálfrátt að lífsbaráttu þeirra sem þarna náðu að draga fram lífið á einhverjum afskekktasta stað á Íslandi. Í norður glottir Glettingur og erfitt að sjá fyrir sér hvernig hægt var að klöngrast yfir hann til að sækja sér björg í bú. Á leiðinni til baka er fylgt sömu leið, annað hvort aftur til Breiðuvíkur eða haldið yfir í Borgarfjörð eftir Þrándarhrygg. ■

Ofan Kjólsvíkur eru fallegar tjarnir sem fífa og ský ná að spegla sig í. MYND/TG

Gönguleiðin niður í Kjólsvík er mikið fyrir augað og hlíðar Glettings skarta litríku líparíti. MYND: TG

TAKK LAMBAKJÖT

ÞAKKARGJÖRÐ MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI – NÁTTÚRULEGA

Nú er þakkargjörðardagur haldinn hátíðlegur víða um heim. Það er fallegur og góður siður að nánasta fjölskylda komi saman, þakki fyrir það sem þakka ber og borði góðan mat. Og er ekki kjörið að við helgum hann matnum sem hefur fylgt okkur frá landnámi, íslenska lambakjötinu?

Skoðaðu uppskriftirnar á islensktlambakjot.is

Kerti lýsir upp skammdegið

98 kr./stk.

8x5 cm

198 kr./stk.

12x6 cm

359 kr./stk.

18x7 cm

259 kr./pk.

Lifa í 4 klst.

Teljós
30 stk. í pk.

459 kr./pk.

Lifa í 8 klst.

Rauð teljós
24 stk. í pk.

879 kr./ks.

Robin klementínur
2,3 kg - frá Spáni

BÓNUS

Afgreiðslutími á bónus.is

Verð gildir til og með 28. nóvember eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Þakkargjörðarhátíð

2.998
kr./kg

Ali sous vide kalkúnabringur
fulleldaðar

498
kr./pk.

Íslandsnaut rjómasveppasósa
500 ml

598
kr./pk.

Þykkvabæjar sæt kartöflumús
450 g í pk.

1.798
kr./kg

Kalkúnabringur
frosnar
frá Þýskalandi

Dýraníð

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Enginn þarf að velkjast í vafa um að svonefndar blóðmerar eru beittar harðræði hér á landi, eftir að hafa horft á hryllilega meðferð á þeim á myndum sem alþjóðlegu dýraverndarsamtökin Animal Welfare Foundation gerðu nýverið opinberar. Þær voru teknar með földum myndavélum á bæjum íslenskra hrossabænda sem selja merablóð.

Málið er allt hið ógeðfelldasta, jafnt dýraníðið sjálft, sem vanræksla opinberra stofnana og næsta augljós meðvirkni með harðneskjulegri græðginni í þessum efnum.

Dýrahald snýst í eðli sínu um dýravernd. En í þessum efnum hafa lögin þar að lútandi verið þverbrotin – og það árum saman. Eftir stendur sködduð ímynd af hrossarækt hér á landi og harla sprunginn stallur íslenska hestsins, sem hefur verið eitt af einkennistáknum íslenskrar þjóðmenningar um aldir, enda einstakur á heimsvísu fyrir fjölhæfni sína.

Kjarni þessa máls er sá að ómögulegt er að taka blóð úr ótömdum og hálfvilltum hryssum í sérstökum blóðtökubásum án þess að beita þær harðræði, svo sem myndir dýraverndarsamtakanna sanna, en dýrin eru þar bundin í þröngu hólfi, höfuðið reyrt upp og slám skotið yfir og aftan við þau áður en slagæðin á hálsi er rofin og fimm lítrum er tappað af skelfingu lostinni merinni næstu fimmtán mínúturnar – og vel að merkja, allan þann tíma reynir hún allt hvað af tekur að brjótast úr búri sínu.

Eftir þennan ótuktarskap stendur hryssan varla undir sér, enda búin að missa 15 prósent af blóði sínu – og til að bíta höfuðið af skömminni er athæfið svo endurtekið næstu átta vikur, en þá er búið að tappa af dýrinu sem nemur heildarblóðmagni þess.

Allt er þetta gert til að svala gróðahyggju mannsins, ekki aðeins þeirra liðlega hundrað bænda sem leyfa þennan óskunda á býlum sínum, heldur líka forkólfa fyrirtækisins Ísteka sem kaupa árlega um 170 tonn af blóði úr þúsundum mera til að auka frjósemi gyltna á svínabúum, en PMSG-hormónið úr fylgju blóðmerarinnar, sem sprautað er í gylturnar, rýfur tíðahring þeirra svo hægt er að sæða þær miklu oftar. Níðingsskapurinn á blóðmerum er því gerður til að fjölga grísum á færibandi í iðnaðarframleiðslu.

Matvælastofnun skrifar upp á þessi ósköp. Því fari fjarri að „augljóslega þurfi að beita hryssurnar ofbeldi“ við aftöppun blóðsins, eins og segir í einu svara hennar. Þau orð eru komin á öskuhauga eftirlitsins. ■

> Dýrahald snýst í eðli sínu um dýravernd. En í þessum efnum hafa lögin þar að lútandi verið þverbrotin – og það árum saman.

SVARTUR FÖSTUDAGUR
Tilboð 22.-27. nóvember

Halldór

Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

Klúðursamband Íslands
Hvernig getur stærsta batterí í íslenskum íþróttum sífellt klúðrað málum svo eftir er tekið? Það klúðraði því reyndar ekki að bjóða manni sem átti að hætta að drekka á fyllerí, það var viljandi. Íslenskir fjölmiðlar komust á snoðir um maðk í mysunni á mánudag og fóru að herja á formann KSÍ, landsliðsnefndina og fleiri starfsmenn sambandsins. Ekkert var sagt. Ekkert var gefið út. Svo þegar flestir voru gengnir til náða birtist yfirlýsing klukkan hálf tólf þar sem Eiður Smári var búinn að missa vinnuna sína. Síðast þegar KSÍ ætlaði að vera sniðugt var fyrir Króatíuleikinn árið 2013. Þá seldi það miða um miðja nótt.

Ingi og félagar
Fólksfæðin er loksins almennilega að koma í bakið á okkur, verkefnin eru orðin svo sérhæfð að sá eini sem getur haft eftirlit með eftirlitsmanninum er hann sjálfur. Sama fólkið starfaði fyrir undirbúningsnefndina frægu og landskjörstjórnina, leikur grunur á að það fólk hafi líka verið að redda sér aukapeningum með því að telja atkvæði í Borgarnesi. Ingi dómari getur svo ekki dæmt Inga yfirstjórnarmann, sérstaklega ekki á grundvelli vitnisburðar Inga fasteignasala um að allt hafi verið með felldu. Stefnir allt í að Norðvesturkjördæmismálið muni rekja upp hina yfirborðskenndu íslensku stjórnsýslu. ■

Met í Reykjavík

Pawel Bartoszek
borgarfulltrúi Viðreisnar og formaður skipulags- og samgönguráðs

Síðasta ár var metár í uppbyggingu íbúða í Reykjavík, þegar rúmlega 1.500 nýjar íbúðir komu inn á markað. Árið þar á undan voru þær yfir þúsund. Það stefnir í að þær verði í ár vel yfir þúsund. Meðaltal áranna 2018-2021 er þegar komið yfir 1.000 íbúðir á ári. Það hefur ekki áður gerst í sögu borgarinnar, þótt árin í kringum uppbyggingu Breiðholts og Grafarvogs hafi vissulega líka verið góð.

Tilraunir Samtaka iðnaðarins til að mála þetta blómaskeið sem kreppu taka stundum á sig furðulega mynd. Eins og sá samanburður að „einungis“ rúmlega 2.000 íbúðir hafi byggst upp árlega á höfuðborgarsvæðinu, á meðan rúmlega 3.000 vanti á landinu öllu. Reynt er að láta líta út eins og það sé 1.000 íbúða gat. Staðreyndin er að ekkert er óeðlilegt við að landsvæði, þar sem 2/3 landsmanna búa, skaffi 2/3 nýrra íbúða.

Ástandið á landinu öllu er raunar einnig ágætt. Samkvæmt Þjóðskrá fjölgaði í fyrra íbúðum á landinu um tæplega 4.000. Landsmönnum fjölgaði um 4.600 svo að það nánast bættist við ein íbúð fyrir hvern nýjan Íslending. Með sömu þróun mun hratt saxast á útreiknaða íbúðaþörf.

Nóg verður hægt að byggja í Reykjavík á næstu árum. Yfir 2.000 íbúðir eru í byggingu. Yfir 3.000 íbúðir eru á deiliskipulögðum svæðum. Mörg þúsund íbúðir eru í skipulagsferli og vegur Ártúnshöfðinn þar þyngst. Lóðir fyrir yfir 1.600 íbúðir gengu kaupum og sölum milli einkaaðila í seinustu viku. Borgin sjálf hefur sett upp áætlun um að úthluta lóðum fyrir allt þúsund íbúðir á ári næsta áratug.

Ábyrgð okkar er fyrst og fremst að sjá til þess að uppbygging haldist áfram, jafnt og þétt. Sé horft til nýbyggingarsögu landsins er það varla lærdómurinn að topparnir í kringum 1970, 1990 og 2007 hefðu mátt vera enn hærri. Mun frekar að lægðirnar þar á milli hefðu ekki þurft að vera svona djúpar. Að því þurfum við að vinna. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Hver á að segja erfiðu hlutina?

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Seðlabankastjóri fór nýlega í stælur við forystu launafólks og atvinnulífs vegna kjarasamninga.

Deilur af þessu tagi eru gamalkunnar. En hitt er meira nýmæli að seðlabankastjóri skuli hafa forystu um þær. Tilgangurinn er að sýna fram á ábyrgð viðsemjenda á vinnumarkaði á verðbólgu.

Viðbrögðin hafa verið hefðbundin: Talsmenn fyrirtækjanna taka undir með seðlabankastjóra en vilja eigi að síður standa við gerða samninga. Launþegaforystan hafnar því hins vegar að alþýðan sé gerð ábyrg fyrir verðbólgunni.

Hlutverkaskipti

Orsakir verðbólgunnar eru vitaskuld margvíslegar nú eins og áður. Við sumar verður ekki ráðið, en aðrar eru afleiðing rangra ákvarðana á Alþingi, á vinnumarkaði og jafnvel í Seðlabankanum sjálfum.

Á endanum er það þó ríkisstjórn á hverjum tíma sem ber ábyrgð. Henni verður ekki skotið neitt annað. Þetta er lykilatriði í lýðræðislegri stjórnskipun.

En nú er engu er líkara en ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafi samið um hlutverkaskipti.

Ríkisstjórnin virðist líta á sig sem hlutlausa kjölfestu, sem blandar sér helst ekki í eldfima umræðu, en Seðlabankinn brúkar munn og gefur út pólitíska leiðsögn um launastefnu.

Einsdæmi

Síðustu kjarasamningar voru einstæðir um tvennt.

Í fyrsta lagi gaf ríkisstjórnin fyrirfram loforð um verulegar skattalækkanir og margvísleg útgjöld án skilyrða um að niðurstaðan væri í samræmi við efnahagsleg markmið. Það hafði aldrei gerst áður, jafnvel ekki á tímum misjafnlega ábyrgra vinstri stjórna.

Í öðru lagi kynntu aðilar vinnumarkaðarins ekki niðurstöður eigin samninga. Það gerði ríkisstjórnin í Ráðherrabústaðnum.

Með þessu axlaði ríkisstjórnin meiri pólitíska ábyrgð á efnahagslegum áhrifum kjarasamninga en nokkur önnur ríkisstjórn hefur gert.

Hlutleysisstefna

Nú hafa hlutir þróast á annan veg en vonir stóðu til. Þá bregður svo við að Ráðherrabústaðurinn breytist allt í einu í vettvang efnahagslegrar hlutleysisstefnu.

Alþingi hefur svo verið óvirkt frá júlíbyrjun þar til nú.

Ríkisstjórnin segist réttilega vera meirihlutastjórn, en hefur í tvo mánuði eftir kosningar viljað njóta skjóls eins og starfsstjórn vegna innri íhugunar.

Fréttir herma að fjárlög næsta árs eigi að afgreiða á undanþáguhraða á nokkrum dögum í desember. Það er óþægilega fjarri góðum lýðræðislegum stjórnarháttum.

Óvissuferð

Þegar hlutir fara úrskeiðis er mikilvægt að almenningur sé vel upplýstur. Það þarf að segja erfiða hluti eins og aðra. Stundum getur jafnvel verið hyggilegt að taka djúpt í árinni til þess að fá fótfestu fyrir raunhæf viðbrögð.

Þegar tómarúm myndast í umræðunni vegna forystuleysis ríkisstjórnar er um margt skiljanlegt að Seðlabankinn reyni að fylla upp í það.

Eftir sem áður er það lýðræðisleg skylda ríkisstjórnar að hafa forystu. Hún á að senda aðilum vinnumarkaðarins skilaboð, sé þess þörf.

Við ríkjandi aðstæður er ríkisstjórn án launastefnu ekki trúverðugur málsvari efnahagslegs stöðugleika. Hún er í óvissuferð.

Heitar kartöflur

Vaxtahækkunum fylgir pólitískur vandi. Ástæðan er sú að ríkisstjórnin lofaði áframhaldandi lágum vöxtum í kosningunum þó að Seðlabankinn hefði þá þegar hafið hækkun vaxta.

Mörg heimili tóku ákvarðanir í trausti þess að nýr stöðugleiki væri fundinn. Það kemur í hausinn á

þeim nú að sú staðhæfing ríkisstjórnarinnar var vísvitandi tilbúningur.

Vextir eiga eftir að hækka upp fyrir verðbólgutöluna. Það er vandi sumra en hagur annarra.

Vandi heildarinnar liggur í meiri og tíðari sveiflum en í samkeppnislöndunum. Sá vandi breytist ekki meðan ríkisstjórnin snertir ekki heitar kartöflur.

Að tala

Upp á síðkastið hafa komið fram fróðlegar upplýsingar í þessu samhengi:

Fleiri erlendir fjárfestar hafa yfirgefið íslenska hagkerfið en komið.

Gögn OECD sýna að lægra hlutfall af landsframleiðslu fer til rannsókna og þróunar en á öðrum Norðurlöndum.

Formenn Bandalags háskólamanna og Samtaka iðnaðarins hafa vakið athygli á því að Íslendingar eru nú í hópi þeirra Evrópuþjóða sem hægast fara í að endurheimta hagvöxt ársins 2019.

Einmitt þarna ræðst hvort unnt er að auka kaupmátt, greiða skuldir og verja velferðarkerfið.

Ríkisstjórnin á ekki að afneita þeim vanda. Hún á að tala um hann og ræða hverju þurfi að breyta til að bæta stöðuna. ■

Upprætum kynbundið ofbeldi

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra

Í dag er alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi gagnvart konum og markar hann upphaf sextán daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem lýkur á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna 10. desember. Í tilefni átaksins eru byggingar víðsvegar um heiminn lýstar upp með appelsínugulum lit að kvöldi 25. nóvember sem er táknræn aðgerð fyrir bjarta framtíð kvenna án ofbeldis.

Samkvæmt upplýsingum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar verður ein af hverjum þremur konum fyrir ofbeldi á lífsleiðinni. Kynbundið ofbeldi er því eitt útbreiddasta mannréttindabrot í heiminum og fyrirfinnst á öllum sviðum samfélagsins.

Heimsfaraldur heimilisofbeldis

Heimsfaraldur Covid-19 hefur haft í för með sér verulega aukningu á ofbeldi gegn konum um heim allan. Í nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna um heimsmarkmiðin eru dæmi um að tilkynningar um heimilisofbeldi hafi aukist um allt að 80 prósent í sumum löndum.

Sterk staða Íslands á sviði jafnréttismála í alþjóðlegu samhengi er tækifæri til að gegna leiðandi hlutverki á alþjóðavettvangi. Í því samhengi er mikilvægt að styðja við jafnréttisstarf innanlands og að Ísland leggi sitt af mörkum á heimsvísu.

Íslensk stjórnvöld leiða alþjóðlegt aðgerðabandalag um kynbundið ofbeldi í tengslum við átaksverkefni UN Women Kynslóð jafnréttis. Markmið þess er að vinna að heildstæðum lausnum og leiða til umbreytandi aðgerða í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Í skuldbindingum Íslands í verkefninu er lögð áhersla á stefnumótun og lagasetningu sem hefur meðal annars að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi með auknum forvörnum, bættu samráði um aðgerðir gegn ofbeldi og eflingu þjónustu og stuðningsúrræða við bæði þolendur og gerendur. Lögð er áhersla á að ná betur til drengja og karla í forvarnarstarfi og að ráðist verði í aðgerðir gegn stafrænu kynferðisofbeldi og úrbætur í réttarvörslukerfinu sem fylgi eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar í málaflokknum. Að auki hefur Ísland um árabil lagt ríka áherslu á jafnréttismál og samþætt þau stefnumótun í þróunarsamvinnu og allri málafylgju á alþjóðavettvangi. Til að mynda eru íslensk stjórnvöld meðal þeirra ríkja sem veita hvað hæst framlög til UN Women.

Í samstarfi við malavísk stjórnvöld og UN Women studdi Ísland nýverið gerð fyrstu landsáætlunar Malaví um konur, frið og öryggi í samræmi við ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Malavísk stjórnvöld kynntu áætlunina fyrr í þessari viku sem er mikilvægur áfangasigur fyrir hvert ríki. Áður hafði Ísland unnið að sambærilegu verkefni í samstarfi við stjórnvöld í Mósambík.

Mikilvæg alþjóðasamvinna

UNFPA er ein áherslustofnana Íslands í þróunarsamvinnu og gegnir lykilhlutverki þegar kemur að þjónustu við þolendur kynferðisbrota á átakasvæðum. Í síðustu viku var undirritaður rammasamningur við stofnunina sem kveður á um þreföldun á kjarnaframlögum á næsta ári, sem veitir henni sveigjanleika til að bregðast við þar sem neyðin er mest hverju sinni.

> **Ísland mun halda áfram að tala fyrir mannréttindum, frelsi og jafnrétti kynjanna á alþjóðavettvangi.**

Í áratug hefur Ísland stutt við samvinnuverkefni UNFPA og UNICEF um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna. Þær eru gróf birtingarmynd ofbeldis gegn konum og stúlkum og er umfang þeirra gríðarlegt, en talið er að um 200 milljónir núlifandi kvenna og stúlkna lifi með afleiðingum limlestinga á kynfærum.

Gert er ráð fyrir að baráttan gegn kynbundnu ofbeldi verði eitt af áherslumálum Íslands í formennsku Evrópuráðsins á næsta ári og mun málaflokkurinn áfram skipa stóran sess í starfi Íslands á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna.

Ísland mun halda áfram að tala fyrir mannréttindum, frelsi og jafnrétti kynjanna á alþjóðavettvangi og hvetja alþjóðasamfélagið til að standa vörð um fyrri áfangasigra.

Reynslan hefur sýnt að lítil ríki geta haft mikil áhrif. ■

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6

JAGUAR LAND ROVER

RANGE ROVER Fifty Edition P400e Autobiography
Nýskr. 3/2021, ekinn 6 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 24.440.000 kr.
Rnr. 420799.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

LAND ROVER Discovery Sport SE R-dynamic
Nýskr. 2/2018, ekinn 53 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 6.890.000 kr.
Rnr. 148631.

JAGUAR I-PACE S EV400
Nýskr. 9/2019, ekinn 26 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 8.290.000 kr.
Rnr. 420725.

LAND ROVER Discovery 5 HSE Lux 240D G4
Nýskr. 5/2020, ekinn 36 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 13.890.000 kr.
Rnr. 148507.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

JAGUAR F-PACE 180D RWD
Nýskr. 11/2019, ekinn 41 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 7.690.000 kr.
Rnr. 420822.

LAND ROVER Defender SE First Edition P400
Nýskr. 9/2020, ekinn 29 þús. km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 16.790.000 kr.
Rnr. 420821.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

RANGE ROVER Evoque 180D Autobiography
Nýskr. 6/2016, ekinn 42 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 6.490.000 kr.
Rnr. 148607.

RANGE ROVER Evoque P300e
Nýskr. 4/2021, ekinn 7 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 9.690.000 kr.
Rnr. 420820.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

ENNEMM / SÍA / NM008522

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 25. nóvember 2021

Ásta hefur vakið athygli fyrir fallegan hljóm, aðeins fjórtán ára gömul. MYND/AÐSEND

Schumann hjónin sameinast í Hörpu

jme@frettabladid.is

Tónlistarhátíðin Seigla stendur fyrir tónleikunum Ævintýri síðsumars, í Kaldalóni, Hörpu, föstudaginn 26. nóvember kl. 20.00. Fram koma pianóleikarinn Ásta Dóra Finnsdóttir, Grímur Helgason á klarínett, Guðrún Dalía Salómonsdóttir á píanó og Þórarinn Már Baldursson á víólu.

Tónleikarnir hefjast á tveimur tríóum fyrir óhefðbundna hljóðfærasamsetningu: klarínett, víólu og píanó. Þar leika Grímur, Þórarinn og Guðrún saman tvö tríó eftir Robert Schumann og W. A. Mozart. Eftir hlé leikur Ásta þrjár rómönsur eftir Clöru Schumann. Hún endar tónleikana á mögnuðu einleiksverki eftir Rachmaninoff: Corelli tilbrigðunum, Op. 42.

Fjórtán með dásamlegan hljóm

Ásta Dóra er efnilegur og ungur píanóleikari sem hefur hlotið mikið lof fyrir fallegan og þroskaðan píanóleik. Árið 2020-2021 hefur verið viðburðaríkt hjá Ástu, sem varð 14 ára í janúar sl. Hún hefur leikið með hljómsveitum víða um heim. Í október lék hún Shostakovich píanókonsert nr. 2 með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg og hlaut standandi lófatak og einróma lof frá gagnrýnendum.

Á vefsíðunni seiglafestival.is má nálgast dagskrá tónleikanna, upplýsingar um flytjendur og efnisskrá. Miðasala fer meðal annars fram á tix.is/seigla. ■

Björn Þór Heiðdal í Rúmföt.is er þessa dagana í óðaönn að taka upp dýrindis rúmfatnað sem slær í gegn í jólapökkum fyrir allan aldur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ekki margra gáma maður

Björn Þór Heiðdal er eigandi einu rúmfatasérverslunar landsins. Hann er með óstjórnlega dellu fyrir vönduðum rúmfötum og hefur ferðast um allan heim í leit að því besta. 2

Æðislega flott og vönduð rúmföt frá þýska framleiðandanum Curt Bauer.

Nú er hátíð í bæ í Rúmföt.is enda nýkomin glæsileg jólasending í hús. Magga saumakona hér kát að líta á fegurðina.

Kóngafólk heimsins sefur undir ítalska rúmfatnaðinum frá Quagliotti.

900 þráða silkimjúkt satín veitir yndislegan nætursvefn.

Tunglið mitt eru falleg rúmföt úr bómullarsatíni.

Magga saumakona á veg og vanda af vönduðum sérsaumi rúmfata.

Undurfallegt og ljósgrænt Magnolia úr bómullarsatíni.

Glæsilegt og vandað damask frá Curt Bauer.

„Það er fátt betra en að sofa í góðum rúmfötum og rúmfötin sem við flytum inn eru svo sannarlega mjúk og dásamleg viðkomu," segir Björn Þór Heiðdal, eigandi einu sérverslunarinnar með rúmföt á Íslandi.

Rúmfötin sem fást í Rúmföt.is koma langflest frá Ítalíu, Þýskalandi og Kína.

„Áður en ég opnaði Rúmföt.is vann ég í þvottahúsi A. Smith, sem afi minn stofnaði. Þar þvoði ég rúmföt allan daginn í yfir tuttugu ár, og þaðan er áhugi minn á rúmfötum líklega kominn," segir Björn.

„Það var svo dag einn árið 2003 að ég vildi gera eitthvað meira og byrjaði að flytja inn rúmföt fyrir hótel. Ég man ekki nákvæmlega hvað ég hafði samband við margar verksmiðjur en þær skiptu tugum, ef ekki meira. Ég fékk prufur frá merkjum eins og Frette á Ítalíu og Dibella í Þýskalandi, en bæði eru mjög stór í hótelbransanum og með breiða vörulínu. Ég verslaði líka við frönsk fyrirtæki, eitt í Belgíu og annað frá Danmörku, og einhverjar prufur fékk ég frá Portúgal og gott ef ekki frá Makedóníu. Eftir smá tíma var ástandið orðið svo alvarlegt að ég þurfti að nota skóhorn til að komast inn á skrifstofuna. Prufur út um allt og kassar upp í loft!" segir Björn og skellir upp úr.

Ekki lengur framleitt í Evrópu

Flestar prufurnar komu frá Kína.

> **Það var ekki fyrr en ég álpaðist upp á efstu hæð í höll númer ellefu að ég sá ljósið. Ég fékk hreinlega ofbirtu í augun því rúmfötin voru svo flott.**

„Ég áttaði mig nefnilega fljótlega á að evrópsku fyrirtækin voru ekki endilega að framleiða sín rúmföt sjálf, í eigin verksmiðjum. Stærsta fyrirtækið lét til dæmis framleiða flest handklæðin sín á Indlandi og margt var framleitt í Tyrklandi. Þaðan fékk ég líka prufur, og frá sömu verksmiðjunum og evrópsku merkin keyptu frá," greinir Björn frá.

Ekkert af því heillaði hann upp úr skónum.

„Það var ekki fyrr en ég datt niður á rétta verksmiðju í Kína, að hjólin fóru að snúast. Tveimur árum síðar byrjaði ég að selja rúmföt frá ítalska fyrirtækinu Quagliotti, en það fyrirtæki framleiðir enn allt sitt í eigin verksmiðju. Mér finnst það skipta svo miklu máli. Að versla beint við fyrirtæki sem framleiða sín rúmföt sjálf."

Stórbruni breytir framtíðinni

Líða nú árin í þvottahúsinu eitt af öðru.

„Þegar mest var störfuðu hjá mér fimmtán manns, sem var mikill lærdómur. Árið 2014 verða svo ákveðin tímamót, þegar þvottahúsið Fönn brann í júlí. Ég var þá staddur í sumarbústað og sá svartan reyk stíga til himna. Við móðir mín, sem á þvottahúsið, ákváðum strax að rétta Ara Guðmundssyni í Fönn hjálparhönd, sem hann þáði. Þarna, á einni nóttu, tvöfaldaðist því þvottamagnið og við bættist brjáluð helgarvinna," upplýsir Björn.

Á svipuðum tíma fann hann saumastofu í Kína sem gat framleitt fyrir hann vönduð rúmföt fyrir heimili í litlu magni, en fram að því hafði slíkt verið vandamál.

„Um haustið var ég orðinn svo uppgefinn að ég sagði við sjálfan mig að þetta væri komið gott. Ég þyrfti að breyta til og finna skemmtilegri vinnu sem gæti líka verið áhugamál," segir Björn. Þó liðu fjögur ár enn þar til hann hætti og opnaði Rúmföt.is.

„Áður en ég opnaði búðina heimsótti ég Heimtextil-sýninguna í Franfurt. Fyrsta daginn ráfaði ég stefnulaust um gangana og spjallaði meðal annars við nokkra Pakistana sem allir spurðu hvað ég vildi marga. „Marga hvað?", hváði ég. „Jú, hvað viltu marga gáma af vörum?" Svo kom næsta spurning: „Hversu oft á ári?" Einn Pakistananna sá strax að ég væri ekki margra gáma maður og sagði allt í lagi að byrja smátt og panta bara einn gám. Svo rakti karlinn sögu af Pólverja sem hafði byrjaði smátt en væri nú með heila keðju af búðum um allt Pólland og orðinn virkilega stór viðskiptavinur."

Gæði frekar en magn

Björn langaði hins vegar ekkert að verða umsvifamikill og stór.

„Ég vildi bara finna flottustu og bestu rúmfötin á sýningunni. Að flytja inn gáma frá Pakistan eða Tyrklandi, fulla af sæmilegum rúmfötum, var hvorki raunhæft né heillandi. Ég kunni betur við Kínverjana á sýningunni. Þeir voru líka með betri efni og minna agressívir," segir Björn, sem á Heimtextil í Frankfurt myndaði góð tengsl við nokkar kínverskar verksmiðjur sem í dag framleiða fyrir hann rúmföt úr silki, dúnsængur og kodda.

„En það var ekki fyrr en ég álpaðist upp á efstu hæð í höll númer ellefu að ég sá ljósið. Ég fékk hreinlega ofbirtu í augun því rúmfötin voru svo flott. Þetta var ítölsk verksmiðja og ég fékk fínar móttökur. Ítalirnir spurðu mig reyndar hvað ég vildi mikið í metrum talið, sem hljómaði betur en allt gámatalið í Pakistönunum, og í fluginu heim vissi ég að ég væri kominn með allt til að opna búðina."

Jólasalan fer vel af stað

Jólin eru komin í Rúmföt.is.

„Við erum að sjá mörg andlit sem hafa verslað hjá okkur áður. Einlita 600 og 900 þráða bómullarsatínið er mjög vinsælt í ár og hentar í alla jólapakka. Svo erum við líka með þessi geggjuðu ítölsku rúmföt sem ég fann á sýningunni," upplýsir Björn.

Í síðustu viku kom í búðina kona og verslaði rúmföt handa öllum í fjölskyldunni.

„Í fyrra hafði hún nefnilega gefið dóttur sinni rúmföt og sú hafði aldrei sofið undir neinu betra né jafn góðu. Rúmfötin okkar geta því verið mjög góðar jólagjafir sem fólk kann að meta. Sérstaklega ef viðkomandi á allt, eða maður veit ekki hvað á að gefa. Síðan er ekkert mál að skipta eftir jól eða kaupa gjafakort hjá okkur," segir Björn.

Í ár er úrvalið líka meira en nokkru sinni fyrr í Rúmföt.is.

„Það var dálítið tvísýnt hvort jólavörurnar kæmust til landsins, en Arnarfellið lagðist að bryggju með gáminn okkar á mánudaginn var. Sú pöntun var gerð í sumar og reyndi ég að velja rómantísk munstur í bland við geómetrísk, og svo pantaði ég nokkur óhefðbundin sem mér þótti flott. Ég get ekki beðið eftir að taka upp úr kössunum og fylla allar hillur af hágæða lúxusrúmfötum," segir Björn kátur og sannarlega kominn í jólaskap. ■

Rúmföt.is eru á Nýbýlavegi 28 í Kópavogi. Sími 565 1025. Skoðið úrvalið á rumfot.is. Opið virka daga frá 12 til 17.30 og á laugardögum frá 11 til 15.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

ES&SY glimmerkjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 8.980

ZE-ZE Filuc pífukjóll með doppum
Stærðir 38-48
Verð kr. 10.990

ZE-ZE Piya stuttur pífukjóll
Stærðir 38-48
Verð kr. 9.990

ZE-ZE Lisic léttur pífukjóll
með gyllingu
Fæst líka í bláu - Stærðir 38-48
Verð kr. 9.990

YEST/YESTA kjóll
Stærðir 38-50
Verð kr.12.980

yesta yest no secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE-ZE Nordic OPHILIA

YEST/YESTA Shiffon kjóll
Stærðir 38-56
Verð kr. 12.980

YEST/YESTA skyrtukjóll
Stærðir 38-56
Verð kr. 12.980

ES&SY Zhahira pleðurskyrta
Stærðir 38-46
Verð kr. 8.980

YESTA Ankaria essential tunika
Stærðir 44-56
Verð kr.10.980

YEST/YESTA shiffonblússa
Stærðir 38-56
Verð kr.9.980

SYBEL FRANDSEN festival DENMARK STUDIO Tamaris GOZZIP Handberg SANDGAARD Jana LASESSOR

YEST/YESTA köflóttur kjóll
Stærðir 38-56
Verð kr. 12.980

ES&SY Peysukjóll
Stærðir 36-44
Verð kr.7.980

FRANDSEN ullarjakki
Stærðir
Verð kr. 59.980

NORMANN dúnúlpa
Fleiri litir til
Stærðir 38-56
Verð kr. 39.980



TAMARIS Loðfóðraðir kuldaskór
Stærðir 37-42
Verð kr. 28.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Tískusigur Cardi B á AMA

Rapparinn Cardi B sló rækilega í gegn með klæðnaði sínum á American Music Awards verðlaunaafhendingunni um síðustu helgi, en hún var kynnir kvöldsins og kom fram í mörgum ólíkum samsetningum af hátískuklæðnaði.

oddurfreyr@frettabladid.is



Cardi B tók við verðlaununum sínum í þessum gula kjól sem er með skrauti frá Jean Paul Gaultier. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Cardi B hefur sjaldan ef nokkurn tímann sést í eins glæsilegum klæðnaði og á verðlaunaafhendingu American Music Awards síðasta sunnudag. Þetta var í fyrsta sinn sem hún er kynnir hátíðarinnar og hún nýtti tækifærið til að spóka sig í mörgum ólíkum samsetningum frá hátískuhúsum eins og Schiaparelli, Jean Paul Gaultier, Alexandre Vauthier og fleirum, með dyggri aðstoð frá stílistanum sínum, Kollin Carter. Tískumiðillinn Women's Wear Daily fór yfir klæðnaðinn og gaf innsýn í hönnunina.

Átta „lúkk“ á einu kvöldi

Cardi B byrjaði kvöldið í klæðnaði sem gleymist seint. Hún mætti á rauða dregilinn í sérhönnuðum svörtum Schiaparelli-kjól með svart slör og svarta hanska með gullnöglum. Svo var hún með gullgrímu fyrir öllu andlitinu.

Cardi skipti síðan í dramatískan klæðnað fyrir byrjun sýningarinnar og mætti á svið í svörtum flauelskjól með háu hálsmáli sem var klofinn upp að læri og var með fjaðraðan höfuðbúnað úr haustsafni Alexandre Vauthier fyrir árið 2021.

Síðan kom hún aftur á svið í svörtum jakkalegum flauelskjól með glitrandi axlir og sat ofan á nokkrum Loius Vuitton ferðatöskum.

> Þetta var í fyrsta sinn sem hún er kynnir hátíðarinnar og hún nýtti tækifærið til að spóka sig í mörgum ólíkum samsetningum frá hátískuhúsum.

Cardi fór ekki bara upp á svið til að kynna, heldur vann hún líka verðlaunin fyrir besta hipphopplagið fyrir smellinn Up. Hún kom á svið til að taka við verðlaununum í kanarígulum kjól með úfið skraut eftir Jean Paul Gaultier úr haustsafninu frá 2019.

Því næst kom Cardi B fram í fjólublám kjól með kristalskreytingum á búknum, en á öxlunum var hún með stórar fjólublár fjaðrir úr safni Jean-Louis Sabaji fyrir haustið 2021. Eftir það fór hún í korsettlegan topp við svart pils og var með stórt svart skraut sem líktist blævæng á höfðinu.

Rapparinn fór svo aftur í föt frá Schiaparelli til að klára verðlaunaafhendinguna og kom fram í víðum jakka með alls kyns gullskrauti. Að lokum spókaði hún sig á rauða dreglinum með verðlaunin sín í hvítum kjól með hvíta hettu sem var skreytt gimsteinum og kom úr safni Miss Sohee fyrir haustið 2021. ■

Rapparinn vakti mikla athygli með þessu sérstaka útliti frá Schiaparelli.

Eftir að hún var búin að taka við verðlaunum sínum kom hún fram í þessum fjólubláa kjól.

Cardi B var glæsileg á sunnudagskvöld.

Cardi B endaði kvöldið á rauða dreglinum í hvítum klæðnaði sem var skreyttur gimsteinum.

Þegar Cardi B fór fyrst upp á svið var hún í þessum dramatíska klæðnaði.

Úrval af Madshus gönguskíðum. Viðskiptavinir fá ráðgjöf við val á skíðum.

Leifur Dam Leifsson (t.v.), annar eigenda GG Sport, og Guðmundur sérfræðingur úr skíðadeildinni.

Ný og glæsileg skíðadeild GG Sport í Kópavogi skartar vönduðum merkjum á borð við Madshus, K2, Bllz og Black Crows. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vandaður skíðafatnaður frá Peak Performance.

K2 fjallaskíðin koma sterk inn í vetur.

Í GG Sport er gott úrval af K2 snjóbrettum og svigskíðum fyrir fjölskylduna.

Madshus gönguskíðin eru fáanleg á alla fjölskylduna.

Gönguskíði eru fyrir alla fjölskylduna

GG Sport opnaði nýlega nýja og glæsilega skíðadeild í verslun sinni í Kópavogi. Auk úrvals af þekktum skíðavörumerkjum býður verslunin upp á fjölbreytt úrval af útivistarvörum.

GG Sport hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem helsta útivistarverslun landsins. Verslunin býður upp á mikið úrval af skíðabúnaði, gönguog klifurbúnaði, og vörur sem tengjast ýmsum gerðum af sjósporti svo nokkur dæmi séu nefnd.

Nýlega opnaði GG Sport nýja og glæsilega skíðadeild í verslun sinni sem staðsett er á Smiðjuvegi 8 í Kópavogi. Þar verður boðið upp á frábær vörumerki, að sögn Leifs Dam Leifssonar, annars eigenda GG Sport, meðal annars Madshus gönguskíðin. „Við erum mjög stolt af nýju skíðadeildinni okkar. Ekki bara vegna þess að við skörtum frábærum vörumerkjum eins og K2, Black Crows og Madshus, heldur vegna þess að við gengum hreinlega í allar framkvæmdir sjálf. Skíðadeildin okkar er því handgerð frá grunni og með þá hugsun að leiðarljósi: „Hvernig skíðadeild myndi ég vilja koma inn í ef ég væri viðskiptavinur?“ Allt til að segja sögu og hámarka upplifun. Við erum afar stolt af búðinni okkar, það er stór hluti af þessu öllu.“

Madshus eitt besta vörumerkið

GG Sport keypti Madshus gönguskíðaumboðið í haust af Bobba á Ísafirði, sem var búinn að leggja góðan grunn sem verslunin byggir nú á. „Madshus er eitt besta vörumerkið og í GG Sport verðum við án efa leiðandi á markaðinum. Bobbi hefur sagt það sjálfur að þegar hann sá hvernig við unnum af fagmennsku, þá ákvað hann að slá til, enda framtíðin björt fyrir Madshus á Íslandi. Við erum líka með frábæra endursöluaðila hjá Útisport Akureyri og Ísfell verslun Húsavík. Auk þess opnum við um komandi mánaðarmót skíðadeild hjá og í samstarfi við Ellingsen á Granda.

Skíðadeildin kærkomin viðbót

Vinsældir skíðaíþróttarinnar vaxa ár frá ári hérlendis og því er nýja skíðadeildin kærkomin viðbót, segir Leifur. Enda hefur verið talsverð áskorun að þjóna sívaxandi útivistaráhuga Íslendinga undanfarin ár, t.d. þegar kemur að gönguskíðum og öðrum vetraríþróttum. „Við gerum okkar besta til að fylgja eftir því sem viðskiptavinir okkar vilja sjá í GG Sport. Ekkert hefur vaxið eins hratt hérlendis og áhuginn á gönguskíðum. Þeim áhuga er fylgt eftir með góðum verslunum, gönguskíðahópum og nýjum og betri leiðum um allt land, sem er vel haldið við.“

Aðgengi að gönguskíðaslóðum er því orðið mjög gott. „Það skapar nýjan heim fyrir okkur sem höfum áhuga á hreyfingu og útivist. Þegar þú eignast par af gönguskíðum ertu að fjárfesta í vellíðan og upplifun sem skilar sér svo í betra eintaki af sjálfum þér. Það er þínu skrítið að maður er farinn að hlakka til þessa tímabils, sem er jafnan dimmustu mánuði ársins. Vinnudagurinn er alltaf skemmtilegur þegar ég veit hvert ég er að fara að bruna eftir vinnu. Þá förum við yfirleitt saman ég, konan og sjö ára strákurinn, því gönguskíði eru fyrir alla fjölskylduna. Ef ég vil fara hraðar yfir þá geri ég það bara og konan tekur bara næsta hring á meðan ég dúlla mér með stráknum.“

Góðar ráðleggingar

Hann segir helstu sérstöðu GG Sport vera, utan þeirra gæðavara sem verslunin býður upp á, að passa vel upp á viðskiptavini og gefa þeim góðar ráðleggingar. „Salan kemur að sjálfu sér í framhaldinu. Ef við til dæmis setjum þetta í samhengi við gönguskíðin, þá skiptir máli að finna rétta spennu miðað við þyngd notandans. Þá fær maður svokallaða flex-tölu. Við hvikum ekkert út frá þessari tölu. Gönguskíðin eru nefnilega þannig að þegar staðið er jafnfætis á skíðunum snertir miðjan ekki snjóinn. Undir miðjunni er sóli sem drífur þig áfram þegar sparkað/ýtt er niður á skíðið með öðrum fætinum. Þá þarf spennan að vera hárrétt miðað við hvern og einn og með réttu skíðunum svífur þú áfram.“

> **Við erum afar stolt af búðinni okkar, það er stór hluti af þessu öllu.**
>
> Leifur Dam Leifsson

Spennandi nýjungar

Ýmsar spennandi nýjungar eru í vændum í vetur. „Við ætlum okkur ekkert að gefa eftir þegar kemur að fjallaskíðum og erum að taka inn mjög töff fjallaskíði frá Black Crows, ásamt því að vera með aukið úrval í K2 fjalla- og svigskíðum og snjóbrettum. Einnig vorum við að taka inn fisléttar fjallaskíðabindingar frá ATK og íþróttagleraugu frá BlIZ sem henta einkar vel á gönguskíði, í hlaup og hjólreiðar. Þannig að það er stöðugt eitthvað nýtt í gangi hjá okkur.“

Leifur er bjartsýnn á veturinn. „Þjónustan er okkar helsta vara. En auðvitað þarf að fylgja góðri þjónustu eftir með öflugum og áreiðanlegum vörumerkjum. Fyrir hönd viðskiptavinarins þá tikkum við í öll box hvað þetta varðar. Hér eru aldrei vandamál sem ekki er hægt að leysa, við megum aldrei gleyma því fyrir hverja við vinnum. Með þetta að leiðarljósi verður líka vinnan svo gefandi og skemmtileg.“ ■

Dýrustu ilmvötn heims

Það er líklega enginn vafi á því að Chanel No. 5 er mest selda ilmvatn allra tíma. Ilmvatnið sló rækilega í gegn þegar Marilyn Monroe sagðist einungis vera í Chanel No. 5 í rúminu í viðtali árið 1952.

elin@frettabladid.is

Þótt Coco Chanel hafi þróað Chanel No. 5 á sínum tíma og Marilyn gert það að eftirsóttri vöru er langt frá því að það sé dýrasta ilmvatnið á markaðnum. Dýrasta ilmvatn í heimi nefnist nefnilega Clive Christian's Imperial Majesty en 30 ml kosta um 350 þúsund krónur.

Það var árið 2006 sem Clive Christian ákvað að bjóða upp á algjörlega sérstakan ilm í glæsilegu glasi sem hann og glerblásarameistarar framleiðanda hins virta franska Baccarat kristals byggju til. Þetta vildi hann gera fyrir mjög sérstaka viðskiptavini. Ilmvatnsglasið sjálft er úr slípuðum kristal með 18 karata gulli og 5 karata demanti. Svo dýrmætar eru umbúðirnar að aðeins tíu stykki voru búin til. Sjö stykki voru keypt af einkasöfnurum en hin þrjú ferðast um heiminn sem hluti af sérstöku safni Clive Christian. Sjálfur kallar hann vöruna ilmvatn hjarta síns. Ilmvatnið hefur komist í heimsmetabók Guinness fyrir að vera dýrasta ilmvatn í heimi.

Flaska af DKNY Golden Delicious sem er skreytt skartgripum Martin Katz, næstum 3.000 gimsteinum og 2.700 demöntum, var seld á góðgerðaruppboði árið 2011 fyrir rúmlega 130 milljónir króna. Þá má geta þess að í Emirates-verslunarmiðstöðinni í Dúbaí er mögulegt að finna demanta- og perluhúðað ilmvatnsglas, Shumukh by Spirit of Dubai, sem var verðlagt á 1,295 milljónir Bandaríkjadala eða 170 milljarða króna þegar það var frumsýnt árið 2019.

Verðið á dýrustu ilmvötnum endurspeglar gjarnan það sem lagt er í umbúðirnar. Ef fólk vill hins vegar einkailm frá tilteknu fyrirtæki þarf líka að borga stóra upphæð fyrir það. Ilmvatnsframleiðendur segja að því meira sem þú borgar, þeim mun minni líkur séu á að þú rekist á einhvern annan með sama ilm. Það eru mörg ilmvötn mjög dýr og hér eru nokkur. ■

Marilyn Monroe gerði Chanel No. 5 að einu eftirsóttasta ilmvatni allra tíma þegar hún sagði í viðtali árið 1952: „Fimm dropar af Chanel No. 5 og ekkert annað í rúminu." Þessum orðum gleymir enginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Dýrasta ilmvatn í heimi nefnist nefnilega Clive Christian's Imperial Majesty en 30 ml kosta um 350 þúsund krónur.

Tíu dýrustu ilmvötnin

1 Joy Baccarat Pure Parfum, Limited Edition
Þetta ilmvatn kostar um 235 þúsund krónur hjá Bergdorf Goodman í New York. Ilmvatnið skapaði Jean Patou árið 1930 og hefur ávallt verið hátt verðlagt enda hefur ilmurinn að geyma 10.600 jasmínblóm og 28 tugi rósa í hverri flösku. Þetta ilmvatn var lengi það dýrasta sem hægt var að fá. Ilmvatnið er alltaf framleitt í mjög takmörkuðu upplagi.

2 Les Royales Exclusives Jardin d'Amalfi Fragrance
Þessi ilmur kemur frá breska ilmvatnshúsinu Creed en þaðan komu einmitt uppáhaldsilmir þeirra Audrey Hepburn og Grace Kelly. Creed kynnti þennan Royal Exclusives ilm árið 2011 til að fagna 250 ára afmæli fyrirtækisins. Ilmurinn á að vera slakandi og minna á ítalskan skrautgarð með blómum og ávöxtum ásamt sedrusviði og kanil. Flaskan er handblásin og glasið kostar rúmlega 130 þúsund krónur í Nordstrom.

3 Original Collection No. 1 Feminine
Þessi ilmur kemur líka frá Clive Christian sem fann upp dýrasta ilm í heimi. Hægt er að fá þennan ilm fyrir tæpar 70 þúsund í Saks Fifth Avenue í New York.

4 Roja Haute Luxe
Það var Roja Dove sem setti þennan ilm á markað en hann þykir magnaður hönnuður í ilmvatnsframleiðslu. Óhræddur við að blanda saman blómaangan við alls kyns krydd eins og engifer, kanil, negul og fleira. Aðeins 500 eintök eru framleidd á hverju ári af þessum ilmi sem kostar rétt tæpa hálfa milljón í Saks Fifth Avenue í New York.

5 Amorem Rose Parfum in Lalique Crystal Flacon
Þetta ilmvatn er unnið af ilmvatnsmeistaranum Maurice Roucel. Ilmurinn er með keim af búlgarskri rós, saffranblómum og mahoníviði. Ilmurinn er í fallegu glasi úr kristal sem táknar flug ástarinnar. Þetta ilmvatn kostar 394 þúsund krónur hjá Bergdorf Goodman í New York.

6 Maison Francis Kurkdjian Paris – À La Rose
Vel þekktur ilmur en í hverri flösku eru 250 Grasse-rósir. Þeir segja að ilmurinn sé skapaður fyrir konur sem séu vandlátar. Flaskan kostar um 70 þúsund krónur í Nordstrom.

7 Gardenia Les Exclusifs de Chanel – Parfum Grand Extrait
Glasið kostar um 70 þúsund krónur hjá Nordstrom. Þetta Chanel-ilmvatn þykir hátíska í ilmvatnssköpun. Kraftmikill ilmur sem var gerður í virðingarskyni við Coco Chanel. Til er sérstök hátíðarútgáfa í mjög takmörkuðu upplagi en verðið er töluvert hærra eða rúmar fjórar milljónir.

8 Fabulous Eau de Parfum Decanter frá Tom Ford
Ilmur fyrir þær sem vilja vera gordjöss að hætti Páls Óskars. Ilmurinn þykir vera sprenging úr jurtaríkinu með lavender og salvíu, möndlum og sætri vanillu. Ilmvatnið kostar 113 þúsund í Nordstrom.

9 Love is in the Air - Limited Edition
Ilmur sem ætlaður er sem gjöf til elskunnar sinnar, sem kostar um 160 þúsund hjá Bergdorf Goodman í New York. Ilmurinn þykir minna á jasmín, plómur og hafa yfir sér rómantískan blæ. Glasið er einstaklega fallega skreytt.

10 Eleganter Schwan 06 – Limited Edition perfume
Albert Krigler fékk innblástur frá Neuschwanstein-kastalanum í Bæjaralandi þegar hann hannaði þennan ilm. Kastalinn var fyrirmynd Disney í bíómyndinni um Þyrnirós. Ilmurinn ber nafn sitt af frægum svönum sem hafa komið fyrir í þekktum bókmenntum. Ilmvatnið var vinsælt á fyrri hluta 20. aldar en hefur verið endurvakið og kostar tæpar 60 þúsund hjá Krigler.com.

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

vfs.is

RYOBI

SVÖRT VIKA

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RYOBI VERKFÆRUM

FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG

RYOBI ONE+ 18V

EIN RAFHLAÐA

+ Öll verkfæri fyrir heimilið, bílskúrinn og garðinn.

vfs.is

25% afsláttur er á netinu og í verslunum okkar.

Gildir fimmtudag og föstugag á meðan birgðir endast.

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

AÐALKAUP Bílasala

EKINN AÐEINS 19Þ.KM!!!
VOLVO XC60 T8 Twin engine 4x4. Árgerð 2020, ekinn aðeins 19þ. km., bensín/rafmagn, Sjálfskiptur. Ný þjónustaður af Brimborg. Leiðsögukerfi, Lúga, Bakkmyndavél o.fl o.fl. Litur sérlega vel út. Verð aðeins kr.7.977.000. Rnr.120572. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu, Skeifunni 3c.



ALGJÖR DRAUMUR!!!
VOLVO XC60 T8 Twin engine 4x4. Árgerð 2019, ekinn 39þ.km., bensín/rafmagn, Sjálfskiptur. Ný þjónustaður af Brimborg. 19" Álfelgur, Leður, Lúga, Bakkmyndavél o.fl o.fl. Litur virkilega vel út. Verð aðeins kr.7.977.000. Rnr.120571. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup bílasölu, Skeifunni 3c.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

FAGLIST
ALLT ALMENNT HÚSAVIÐHALD OG JARÐVINNA
SMÍÐAVINNA - MÚRVINNA - MÁLNINGARVINNA
DRENLAGNIR - HELLULAGNIR
ÞJÓNUSTUM EINSTAKLINGA, HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI
faglist@faglist.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Keypt & Selt

Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir dióðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum
Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir:

- **Hliðarvegur í Lækjarbotnum, Kópavogsbæ**
- **Skarðsvegur í Skarðsdal, Siglufirði**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111 /2021.

Ákvarðanirnar eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **3. janúar 2022**

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Framkvæmdaleyfi
Hringvegur um Hornafjörð

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar á fundi sínum þann 11. nóvember s.l. að endurútgefa framkvæmdaleyfi til Vegagerðarinnar vegna Hringvegar um Hornafjörð samkvæmt leið 3b. Um er að ræða 18 km langan veg, gatnamót, ásamt 4 brúm og 7 efnistökusvæðum. Í endurútgefnu leyfi er veitt heimild fyrir aukinni efnistöku í námu nr. E48 Hólmsá, nr. E44 Djúpá, nr. E34 Hornafjarðarfljót og nr. E35 Skógey. Leyfið er gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum vegarins, álits Skipulagsstofnunar, Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030, umsóknar Vegagerðarinnar og umsagna Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar sveitarfélagsins.

Nánari upplýsingar um útgáfu framkvæmdaleyfisins , forsendur, álit Skipulagsstofnunar og umsókn Vegagerðarinnar má nálgast á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar undir vefslóðinni http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/framkvaemdaleyfi/

Vakin er athygli á því að niðurstaða bæjarstjórnar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar, sjá nánar á heimasíðu nefndarinnar uua.is.

Höfn í Hornafirði 23. nóvember 2021

F.h. bæjarstjórnar
Brynja Dögg Ingólfsdóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður
velliðan fyrir alla

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Þjónustuauglýsingar
Sími 550 5055

LED leiðiskrossar

- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND

Varahlutir í lyftara
- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofl.

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga
arnarut@frettabladid.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Bókaðu gleðileg jól

Útkall - í auga fellibylsins
Þrír menn eru á leið frá Kanada til Íslands á lítilli skútu, á einu hættulegasta hafsvæði veraldar, þegar brestur á fárviðri. Tveir Íslendingar sem aldrei hafa kynnst siglingum áður, verða að liggja á gólfi káetunnar í ofsanum í tugi

4.899 kr.



Arnaldur Indriðason deyr
Íslenska þjóðin er í áfalli þegar ástsælasti rithöfundur hennar, Arnaldur Indriðason, finnst myrtur í kjallaraíbúð í Norðurmýrinni. Hvernig tengist hinn mislukkaði rithöfundur Uggi Óðinsson morðinu og hví fléttast strákarnir úr 70 mínútum inn í málið?

4.799 kr.

Heima hjá Lækninum í eldhúsinu
Heima líður okkur vel og þar eigum við okkar bestu stundir. Ástríðukokkurinn og Læknirinn í eldhúsinu, Ragnar Freyr, töfrar hér fram litríkt lostæti sem aldrei fyrr. Enda á heimavelli.

5.699 kr.

Dagbók Kidda klaufa 14
Pabbi og mamma Kidda erfa peninga eftir gamla frænku. Allt í einu eiga þau mikið af peningum. Hvað á að gera við alla þessa seðla? Mömmu dettur í hug að endurinnrétta húsið. Ekki eru allir í fjölskyldunni sáttir við það. En framkvæmdir hefjast, allt er brotið og bramlað.

3.599 kr.

Aðeins færri fávitar
Aðeins færri fávitar er önnur bók Sólborgar Guðbrandsdóttur, byggð á samnefndu samfélagsverkefni hennar gegn stafrænu og annars konar kynferðisofbeldi. Hér er vangaveltum unglinga um samskipti kynjanna, kynlíf og sambönd svarað og áhersla lögð á sterka sjálfsmynd þeirra og sjálfsöryggi.

4.999 kr.

Undraverð íslensk dýr
Myndir af íslensku dýrunum ásamt fróðleiksmolum. Nöfn dýranna eru merkt inn á blaðsíðurnar. Stuttur texti á hverri blaðsíðu auðveldar börnum lestur bókarinnar. Hentar vel fyrir börn sem eru að æfa lestur.

999 kr.



Ekki opna þessa bók - ALDREI
Með hverri blaðsíðunni sem lesandinn flettir eldist aðalpersónan meira... og hún reynir allt til þess að láta krakka hætta lestrinum.

2.899 kr.

Íslenskar draugasögur
Er þetta einungis vindurinn að berja á gluggann þinn? Er brakið í gólffjölunum ekkert annað en dragsúgur? Er þetta bara skuggi þarna í horninu? Eða er þetta kannski eitthvað óskyggilegra, eitthvað óhugnanlegra, eitthvað ekki af þessum heimi?

4.799 kr.

Úr heljargreipum
Bókin lýsir ótrúlegu lífshlaupi Baldurs Freys Einarssonar, sem fór frá því að verða manni að bana og leika stórt hlutverk í innsta hring undirheima Íslands, yfir í að helga líf sitt því að láta gott af sér leiða og hjálpa öðru fólki.

4.799 kr.

Tommi Klúður - Sjáðu hvað þú ert búinn að gera
Tommi er í þann mund að leysa stærsta mál sinnar kynslóðar. En einhverjir stunda blekkingarleiki. Gabba, svindla, ljúga, snuða. Þess vegna þarf hann að vera á varðbergi gagnvart því eina sem gæti fellt hann: klækjabrögðum!

2.999 kr.

Jólainnkaupin

hafa aldrei verið eins leikandi létt.
Þú færð jólabækurnar á **netto.is**

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu. Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.

nettó

Lægra verð – léttari innkaup

Vertu hreyfiafl, hafðu áhrif á val á FKA viðurkenningarhöfum

Andrea Róbertsdóttir
framkvæmdastjóri FKA

Öll kyn úr framlínu íslensks viðskipta- og atvinnulífs mæta árlega á hátíðlega Viðurkenningarhátíð FKA, þegar veittar eru viðurkenningar til þriggja kvenna sem hafa verið konum í atvinnulífinu hvatning og fyrirmynd. Ferlið er þannig að FKA kallar eftir tilnefningum sem skipuð dómnefnd metur og velur hver hlýtur FKA Viðurkenninguna, FKA Þakkarviðurkenninguna og FKA Hvatningarviðurkenninguna.

Þetta eru þekktar og minna þekktar konur af landinu öllu, sem vakið hafa athygli sem fyrirmyndir í sínu nærsamfélagi og/eða á alþjóðavísu, ekki bara meðal kvenna og stúlkna, heldur okkar allra. Það er svo gaman að gleðjast og fylgjast með fólki ná markmiðum sínum, enda er fólk gjarnan búið að leggja inn og fórna á löngum köflum í lífinu þegar loksins kemur að uppskeru. Auðvitað eru áskoranir á vegi okkar og ómögulegt að gera sér í hugarlund hve mikið er þarna undir, en á sama tíma og lífið sökkar reglulega þá er margt að þakka fyrir hér á Klakanum.

Konur sem rutt hafa brautir má nefna í þessu sambandi og það er mikilvægt að þakka þeim, láta konur finna fyrir virði sínu og hvetja þær áfram. Þetta er meðal þess sem gert er hjá Félagi kvenna í atvinnulífinu, FKA, sem tekur að sér með glöðu geði að vera alvöru hreyfiafl á ýmsan hátt, meðal annars með því að heiðra konur á árlegri FKA Viðurkenningarhátíð í janúar ár hvert.

> **Við beinum kastaranum að flottum fyrirmyndum, fjölbreytileika og óskum eftir nöfnum, fjölbreyttum hópi kvenna á lista, af öllu landinu.**

Ærslabelgurinn Ísland

En FKA er ekki bara hreyfiafl, heldur höndlar félagið einnig með sýnileika og tengslanet. Lögð er áhersla á jafnvægi og fjölbreytileika, ásamt fjölmörgum breytum og á spennandi tímum sem þessum hvetjum við einstaklinga til að gera tilraunir, að við leyfum okkur að gera mistök, sköpum okkur, endursköpum og jöfnum stöðuna í leiðinni.

Þrátt fyrir að Ísland sé þessi svaðalegi ærslabelgur er kemur að jafnréttismálum, þá þarf að standa vaktina til að koma í veg fyrir stöðnun og bakslag er kemur að jöfnum tækifærum. Við beinum kastaranum að flottum fyrirmyndum, fjölbreytileika og óskum eftir nöfnum, fjölbreyttum hópi kvenna á lista, af öllu landinu, sem dómnefnd mun vinna með og á endanum velja þær konur sem verða heiðraðar á Grand Hótel Reykjavík 20. janúar 2022. Konurnar sem tilnefndar eru þurfa ekki að vera félagskonur FKA, hægt er að tilnefna í einum flokki eða öllum og allir geta sent inn tilnefningu á heimasíðu FKA til og með 25. nóvember 2021.

Taktu þátt í dag og vertu hreyfiafl með okkur. Hvaða konur vilt þú heiðra á FKA Viðurkenningarhátíðinni? ■

Lögreglu og jafnvel almenningi boðið að stýra fangavist

Guðmundur Ingi Þóroddsson
formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Íslenskur karlmaður sem nú er vistaður í fangelsinu Litla-Hrauni hefði að öllu jöfnu átt að losna úr haldi fyrir rúmu hálfu ári, eða í byrjun maí. Afstaða, félag fanga, hefur unnið að máli mannsins í stjórnsýslunni en að sögn félagsins hafa fangelsisyfirvöld synjað manninum um reynslulausn vegna þess að lögregla sé með mál á hendur honum til rannsóknar.

Málið snýst um umdeilda og mjög vafasama lagareglu þ.e.a.s. 5. mgr. 80. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 þar sem segir: „Fanga, sem á mál til meðferðar hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum þar sem hann er grunaður um refsiverðan verknað, verður að jafnaði ekki veitt reynslulausn, enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur á því ekki af völdum fangans."

Samkvæmt upplýsingum frá Afstöðu er um að ræða sérislenska reglu sem er með öllu óútskýrð. Sömu reglu er að finna víða í fangelsislöggjöfinni og þá til skerðingar á réttindum fanga. Notuð til að skerða réttindi fanga. Reglan er eins og skemmd í banana. Erfitt er að finna haldbæran rökstuðning fyrir reglunni, eða að benda á tengsl hennar við tilgang og markmið reynslulausnar eða laganna almennt. Hún laumaði sér inn í lögin árið 2005 í gegnum reglugerð frá árinu 1993 sem hafði fengið verulega útreið í áliti Umboðsmanns Alþingis frá 2000. Þá fellur hún ekki að niðurstöðum Mannréttindadómstóls Evrópu. Við lagasetninguna árið 2005 skaust hún inn í lagatextann án skýringa eða umræðu. Upp frá því hefur hún verið notuð óspart til að synja föngum um réttindi sín, en enginn hefur þó gert nothæfa tilraun til að rökstyðja hana. Slíkar tilraunir hafa fætt af sér rökleysu, enda ómögulegt að ímynda sér aðstæður þar sem hún falli í hópinn.

Eitt er augljóst og blasir við. Regluna má misnota. Tilvist hennar ein og sér býður hættunni heim. Lögreglan getur, hvað sem hver segir, einfaldlega skráð mál í kerfið með þeim afleiðingum að „tiltekinn" einstaklingur fái ekki reynslulausn. Og reglan veitir jafnvel almennum borgurum tækifæri til að halda mönnum í fangelsi, með því að leggja fram skipulagða kæru á hendur fanga. Hér er ekki verið að segja að lögregla misfari með það vald sem lagareglan veitir henni, eða að almennur borgari taki upp á slíku. En leiðin er hins vegar fær og það eitt ætti að duga til að afskrifa hana. Allt hugsandi fólk ætti því að sjá að umrædd regla er röng. Hún hefur engan sjáanlegan tilgang og er miklu líklegri til að valda skaða en gagni. Það eru einmitt svona reglur sem valda því að almenningur missi trú á réttarkerfið.

Gögn málsins, sem send hafa verið til dómsmálaráðuneytisins, gefa vísbendingu um að lögregla hafi í raun farið frjálslega í kringum lagaboð við rannsókn máls þessa manns.

Ráðuneytið hefur undir höndum gögn frá barnsmóður mannsins sem kveðst hafa verið beitt þvingunum af lögreglufulltrúa við skýrslutöku. Barnsmóðirin ber við að lögreglufulltrúi hafi hótað henni ef framburður hennar væri ekki viðunandi og staðið við hótunina í beinu framhaldi. Í upphafi í máli fangans hafi lögregla reynt að hafa áhrif á það hver yrði verjandi mannsins. Þannig hafi lögregla neitað að verða við beiðni mannsins um verjanda, heldur sjálf ákveðið hver skyldi verja hann. Það er reyndar nokkuð sem stöðugt kemur á borð Afstöðu, en lögreglu er frekar tamt að velja sakborningum verjendur. Það er tekið fram að ekki er verið að gagnrýna viðkomandi lögmenn, heldur bent á að val rannsakanda á verjanda andstæðings síns er fallið til efasemda.

Í ljósi þessa máls og annarra hefur Afstaða bent á að íslensk fangelsislöggjöf byggi á öðrum forsendum en löggjöf þjóðanna í kringum okkur. Hvað eftir annað eru synjanir um reynslulausn rökstuddar með óskiljanlegum hætti og jafnvel rökleysum. Einn algengasti rökstuðningur yfirvalda, og grundvallarrök fyrir synjunum, er í hróplegri andstöðu við úrtölur sem eru birtar á vef Fangelsismálastofnunar.

Afstaða fer ekki ofan af því að víða í íslenskri fangelsislöggjöf eru ómálefnalegar lagareglur sem standast hvorki stjórnarskrá né markmið laganna sjálfra. Þetta er einnig sannleikur um nálgun fangelsisyfirvalda og lögskýringar þar á bæ. Telur félagið að skýringin sé sú að heildarmyndin snúi öfugt. Í stað þess að fjalla um skyldu stjórnvalda til að veita réttindi, er talað um heimild. Íslenskur fangi þarf að rökstyðja það hvers vegna yfirvöld eigi að veita honum heimild til reynslulausnar. Sænskum stjórnvöldum er skylt að veita fanga reynslulausn og þurfa að rökstyðja það sérstaklega ef hann á ekki að hljóta hana.

Reyndar telur Afstaða að mjög víða í löggjöf landsins séu ómálefnalegar lagareglur um réttindi manna, sem fæðast í þeirri hugmynd að lög séu skrifuð fyrir stjórnvöld til að útdeila réttindum, en ekki fyrir borgarana til verndar réttindum þeirra. ■

Gleymum ekki konum í Afganistan

Stella Samúelsdóttir
framkvæmdastýra UN Women á Íslandi

Í dag er alþjóðlegur baráttudagur Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Af því tilefni eru Harpa, Stjórnarráð Íslands, Gróttuviti auk fleiri bygginga, lýstar upp í appelsínugulum lit, sem er táknrænn fyrir von og bjarta framtíð kvenna og stúlkna án ofbeldis. Líkt og í fyrra verður engin Ljósaganga UN Women á Íslandi sökum heimsfaraldursins, en gangan hefur markað upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem lýkur 10. desember á alþjóðlegum mannréttindadegi.

Í nýrri skýrslu UN Women kemur fram að 2 af hverjum 3 konum greindu frá því að þær, eða kona sem þær þekkja, hafi verið beittar ofbeldi og að þær væru líklegri til að standa frammi fyrir fæðuóöryggi. Aðeins ein af hverjum 10 konum sagði að þolendur myndu leita til lögreglu til að fá aðstoð.

Níu af hverjum tíu konum í Afganistan eru beittar ofbeldi af maka sínum á lífsleiðinni og fer sú tala hækkandi með hverjum deginum. Frá því að Talíbanar tóku yfir Afganistan, hefur aðgengi þolenda að viðeigandi aðstoð versnað til muna. Samt hefur þörfin aukist. Tíðni barnahjónabanda fer hækkandi og kynbundið ofbeldi hefur aukist til muna, innan sem utan heimila. Skipuð hefur verið ríkisstjórn í Afganistan sem í eru engar konur og Kvenna- og jafnréttisráðuneyti landsins hefur verið lagt niður.

Í sumum héruðum Afganistan er konum sagt að mæta ekki til vinnu og yfirgefa ekki heimili sín án karlkyns ættingja. Ráðist er á kvennaathvörf og starfsfólk þeirra áreitt. Staða kvenna og stúlkna í Afganistan er grafalvarleg, en engu að síður halda konur áfram að berjast fyrir réttindum sínum og krefjast jafnréttis. Það hefur ekki breyst og mun ekki breytast. Afganskar konur hafa verið í fararbroddi í baráttunni fyrir réttindum sínum um aldir og á því er ekkert lát.

Alþjóðasamfélagið hefur brugðist konum í Afganistan. Það er sameiginleg ábyrgð okkar allra að ræður á tyllidögum verði að raunverulegum aðgerðum til að tryggja konum grundvallarmannréttindi. Við getum öll sýnt afgönskum konum samstöðu og tryggt að raddir þeirra heyrist með því að hlusta. Tryggja þarf þátttöku kvenna í samningaviðræðum við Talíbana og að konur séu hafðar með í ráðum við skipulag og veitingu mannúðar- og neyðaraðstoðar. Við tökum þátt í þessum aðgerðum með því að styrkja starf samtaka sem styðja við afganskar konur.

> **Alþjóðasamfélagið hefur brugðist konum í Afganistan.**

Við hjá UN Women gleymum ekki, við erum á staðnum, við dreifum neyðarpökkum til kvenna og barna þeirra og grípum þolendur og kvenaðgerðasinna sem gefast ekki upp, þrátt fyrir skelfilegar aðstæður.

Í dag skulum við í stað Ljósagöngu, kveikja á kerti af virðingu við óþrjótandi baráttu afganskra kvenna fyrir lífi án ofbeldis. ■

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Kári Árnason

90 leikir	6 mörk	6 stoðsendingar
32 sigrar	20 jafntefli	38 töp

„Held að flestir þjálfarar séu sammála um að það hafi verið algjör draumur að vinna með Kára. Hann hélt mönnum á tánum, bæði samherjum og þjálfurum.

Ef það var eitthvað sem var ekki rétt, þá lét Kári mann vita og lagði fram sínar hugmyndir. Hann var ekkert bara að kvarta til að kvarta heldur yfirleitt með lausnir til staðar. Það kæmi mér ekkert á óvart ef hann myndi láta að sér kveða áfram í knattspyrnuheiminum enda getur hann lagt margt gagnlegt til málanna," segir Freyr um miðvörðinn.

„Inni á vellinum var þetta einn mesti stríðsmaður sem hægt er að finna og var tilbúinn að fórna sér í hvaða aðstæðum sem er. Hann stóð alltaf fyrir sínu enda frábær í að lesa leikinn og öflugt vopn í föstum leikatriðum. Það voru einhverjir með áhyggjur af hraðanum, örugglega í tíu ár, en hann lét aldrei nappa sig. Hann sá til þess að aðrir myndu loka réttu svæðunum svo að hann myndi ekki líta illa út. "

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Álitsgjafinn

Freyr Alexandersson var aðstoðarþjálfari Eriks Hamrén, og í kringum landsliðið sem njósnari og leikgreinir í tíð Heimis Hallgrímssonar. Hann stýrir nú Lyngby í dönsku b-deildinni þar sem liðið er í öðru sæti og í harðri baráttu um að komast upp í efstu deild.

Fjórar hetjur úr landsliðinu kveðja sviðið

Líklegt er að gamla bandið sem iðulega var talað um í undankeppni EM 2020 undir stjórn Eriks Hamrén hafi leikið sitt síðasta lag á dögunum. Ari Freyr Skúlason og Birkir Már Sævarsson voru tveir af þremur síðustu leikmönnum íslenska hópsins sem léku á Evrópumótinu 2016 en þeir tilkynntu að landsliðsferlinum væri lokið. Stríðsmenn og frábærir einstaklingar, segir fyrrverandi aðstoðarþjálfari landsliðsins.

hoddi@frettabladid.is
kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Kynslóðaskipti landsliðsins halda áfram en á nokkrum mánuðum hafa fjórir af þrettán leikjahæstu leikmönnum íslenska karlalandsliðsins, sem áttu stóran þátt í velgengni þess undanfarin ár, tilkynnt að landsliðsferlinum sé lokið.

Einn þeirra, Kári Árnason, hefur lagt skóna endanlega á hilluna og Hannes Þór Halldórsson liggur undir feldi með næsta skref ferilsins á 38. aldursári en Ari Freyr Skúlason er áfram samningsbundinn Norrköping og Birkir Már Sævarsson Val. Samanlagt eiga þessir fjórir 353 leiki fyrir Íslands hönd.

Þessir fjórir, ásamt Ragnari Sigurðssyni, byrjuðu alla leikina þegar karlalandsliðið komst í fyrsta skiptið á stórmót og komst í átta liða úrslitin á Evrópumótinu 2016. Hlutverk Ara minnkaði í undankeppni HM 2018 þegar Hörður Björgvin Magnússon byrjaði sex leiki og alla leiki Íslands á HM í Rússlandi en Ari var aftur kominn í stærra hlutverk í næstu undankeppni.

Fréttablaðið fékk Frey Alexandersson, sem var hluti af þjálfarateymi landsliðsins á HM 2018 og aðstoðarþjálfari í undankeppni HM 2020, til þess að fara stuttlega yfir afrek þeirra með landsliðinu. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Birkir Már Sævarsson

103 leikir	3 mörk	5 stoðsendingar
35 sigrar	20 jafntefli	48 töp

„Líkt og hjá Hannesi ná kynni mín af Birki lengra aftur. Fyrstu kynni mín af Birki eru úr háskólanum á Laugarvatni þar sem hann er varamaður í Val og að biðja um hjálp í ræktinni því hann þyrfti að bæta snerpuna. Hann þurfti svo ekkert á því að halda, þurfti að þyngjast aðeins," segir Freyr.

„Hann er frábær einstaklingur og eins og Hannes reyndist Birkir mjög mikilvægur fyrir valdajafnvægi innan landsliðshópsins. Birkir var þögli stríðsmaðurinn sem var alltaf hægt að stóla á.

Hann lét aldrei vaða yfir sig, hvorki innan né utan vallar af mótherja né samherja. Um leið voru aldrei nein vandræði í tengslum við hann, ég man þegar hann var að hrökklast út úr hópnum í undankeppni EM 2020 hvað mér fannst það erfitt en hann tæklaði það á sinn hátt, af mikilli fagmennsku. Hann er algjör eðalmaður."

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hannes Þór Halldórsson

77 leikir	0 mörk	102 mörk fengin á sig
34 sigrar	13 jafntefli	30 töp

„Það er best og viðeigandi að lýsa ferli hans með kvikmyndahandriti, sem væri eins og hálfgerð lygasaga. Þegar ég kynnist honum er hann markmaður í yngri flokkum Leiknis og varamarkmaður í annarri deild en hann verður síðan besti markmaður Íslandssögunnar sem spilar í lokakeppni EM og HM.

Mín upplifun frá því að vinna með honum innan landsliðsins, var hvað hann hafði mikið vægi innan leikmannahópsins. Hannes veitti gott jafnvægi á milli þeirra sem voru að spila á hæsta stiginu og annarra leikmanna. Hann var ótrúlega mikilvægur fyrir jafnvægi leikmannahópsins. Hann var mikill leiðtogi og mikilvægur í klefanum, tók skotum vel en var um leið duglegur að skjóta til baka."

Hannes Þór gaf Íslendingum varið víti gegn Lionel Messi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ari Freyr Skúlason

83 leikir	0 mörk	6 stoðsendingar
29 sigrar	8 jafntefli	36 töp

„Ari er frábær knattspyrnumaður sem var mjög gaman að vinna með. Hann hefur ákveðið hugarfar sem suma knattspyrnumenn skortir. Alveg sama hversu stórt verkefnið var, þá var Ari tilbúinn í slaginn. Þegar mótherjarnir tefldu fram einhverjum stórum kantmanni til að pönkast á litla bakverðinum okkar, þá hló hann að því og tók því fagnandi," segir Freyr, spurður um Ara.

„Þjálfarateymið þurfti sjaldan að bregðast við því hann tókst á við hvaða áskorun sem var sem mótherjarnir lögðu fyrir hann og það reyndist ekkert verkefni of stórt fyrir hann. Hann er stríðsmaður, mikill karakter og um leið góður fótboltamaður sem gat leyst hvaða stöðu sem er og verkefni sem er."

blómaval HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Opið sunnudag
um land allt
Sjá nánar á husa.is

Opið í Skútuvogi
til 20:00
Alla daga til jóla

Gildir fimmtudag til sunnudags

TAX FREE

Jólaskraut og seríur

Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Louis van Gaal

- 103 leikir
- 54 sigrar
- 25 jafntefli
- 24 töp
- 52,4 prósenta sigurhlutfall
- Vann enska bikarinn
- Leikmannakaup: 351 milljón evra

Ferguson kvaddi Old Trafford með því að lyfta enska meistarabikarnum í þrettánda sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

David Moyes

- 51 leikur
- 27 sigrar
- 9 jafntefli
- 15 töp
- 52,9 prósenta sigurhlutfall
- Engir titlar
- Leikmannakaup: 77 milljónir evra

Þrautin þyngri að finna eftirmann Ferguson

Ole Gunnar Solskjær varð á dögunum fjórði knattspyrnustjórinn til þess að fá reisupassann í starfi knattspyrnustjóra Manchester United. Eftir að hafa haft sama þjálfara í 27 ár hefur starfsmannaveltan verið regluleg undanfarin ár.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Það verður ekki annað sagt en að tími Ole Gunnar Solskjær sem knattspyrnustjóra Manchester United hafi verið á þrotum eftir neyðarlegt 1-4 tap gegn Watford um síðustu helgi. Það var fimmta tap Manchester United í síðustu sjö leikjum, sem er versti árangur deildarinnar á þeim tíma. Solskjær lifði af niðurlægjandi töp gegn erkifjendunum í Manchester City og Liverpool á dögunum en frammistaðan gegn Watford reyndist kornið sem fyllti mælinn.

Stuðningsmenn Manchester United voru góðu vanir eftir að hafa fylgst með sama manni í brúnni í 27 ár. Sir Alex Ferguson leiddi félagið í gegnum gullaldartímabilið þegar Manchester United vann þrettán meistaratitla eða tæplega annað hvert ár með Ferguson í brúnni. Ferguson fékk svo að handvelja arftaka sinn, David Moyes, sem reyndist ekki starfinu vaxinn.

Moyes átti erfitt uppdráttar í starfi og var því leitað til reynslumeiri manna, Louis van Gaal og Jose Mourinho. Þeir náðu báðir að skila félaginu bikar til að lyfta en vandræði innan sem utan vallar í sambland við vonbrigði í deildarkeppninni réðu örlögum þeirra og voru þeir báðir reknir. Á stuttum tíma sem bráðabirgðastjóri heilladi Ole Gunnar Solskjær stuðningsmenn og stjórn félagsins en Norðmanninum tókst ekki að fylgja því eftir og vinna bikar.

Það er ekki hægt að segja að neinn af þessum fjórum hafi ekki fengið stuðninginn sem til þurfti á leikmannamarkaðnum. Félagið hefur keypt leikmenn fyrir rúman milljarð punda og selt fyrir um fjögur hundruð milljónir punda og er með þrjá af 20 dýrustu leikmönnum allra tíma í leikmannahóp sínum. ■

Ole Gunnar Solskjær

- 168 leikir
- 91 sigur
- 37 jafntefli
- 40 töp
- 54,2 prósenta sigurhlutfall
- Engir titlar
- Leikmannakaup: 459 milljónir evra

Jose Mourinho

- 144 leikir
- 84 sigrar
- 32 jafntefli
- 28 töp
- 58,3 prósenta sigurhlutfall
- Vann deildarbikarinn og Evrópudeildina
- Leikmannakaup: 466 milljónir evra

6,67%

allra brottrekstra í ensku úrvalsdeildinni eftir að Sir Alex Ferguson hætti má rekja til Manchester United.

157

knattspyrnustjórar voru reknir eða komust að samkomulagi um starfslok í efstu deild Englands á þeim tíma sem Sir Alex Ferguson stýrði liði United.

38

milljónir punda er félagið búið að greiða í starfslokagreiðslur til Solskjær, Mourinho, van Gaal og Moyes.

larson®
- álklæðningar



Með samsettu Larson álklæðningunum frá Alucoil færð þú það sem þú ert að leita að - slétta og áferðafallega álklæðningu við hvaða aðstæður sem er.

Larson álklæðningarnar sameina styrk, léttleika og umfram allt eru þær sléttar.

Helstu kostir:

- Eldþolnar
- Léttar og sléttar
- Einstakt veður– og efnaþol
- Burðarkerfi sem henta mismunandi verkefnum
- Hávaða– og hitaeinangrun
- Umhverfisvænar (endurvinnanlegt efni)
- Fjöldi lita og efnisáferða
- Allt að 20 ára ábyrgð

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

www.idex.is

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idex@idex.is

Merkisatburðir

1667 Jarðskjálfti ríður yfir Kákasushérað og verður 80 þúsund manns að bana.
1849 Jólaslagarinn Rúdolf með rauða trýnið birtist fyrst á vinsældalistum vestanhafs.
1867 Sænski efnafræðingurinn Alfred Nobel fær einkaleyfi fyrir framleiðslu dínamíts.
1953 Öflugur jarðskjálfti skekur Honsu í Japan. Flóðbylgja fylgir í kjölfarið.
1955 Kynþáttaaðskilnaður bannaður í lestum og langferðabílum sem fara á milli ríkja í Bandaríkjunum.
1963 John F. Kennedy lagður til hinstu hvílu í Arlington-kirkjugarðinum í Virginíuríki.
1969 John Lennon skilar OBE heiðursnafnbót til að mótmæla stuðningi Bretlands við Víetnamstríðið.
1970 Rithöfundurinn Yukio Mishima sviptir sig lífi eftir misheppnaða valdaránstilraun í Japan.
1975 Súrinam öðlast sjálfstæði frá Hollandi.
1984 Þrjátíu og sex tónlistarmenn safnast saman í hljóðveri í Notting Hill í Lundúnum og taka upp lagið „Do they know it´s Christmas?“ og safna þannig fé til styrktar hungruðum í Eþíópíu.
2005 Georg Best, hinn kunni norður-írski fótboltamaður, deyr. Hann hafði ekki lifað heilsusamlegu lífi.
2014 Lionel Messi setur markamet í meistaradeild Evrópu.

Guðni og Anna rekja sögu meira en hundrað húsa við Laugaveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ósæð Reykjavíkur

Hjónin Anna Dröfn Ágústsdóttir og Guðni Valberg rekja sögu Laugavegarins í nýútgefinni bók sinni.

arnartomas@frettabladid.is

„Laugavegurinn er algjört byggingarsögusafn,“ segja hjónin Anna Dröfn Ágústsdóttir sagnfræðingur og Guðni Valberg arkitekt sem gáfu nýlega út bókina Laugavegur þar sem gerð er grein fyrir byggingar- og verslunarsögu götunnar í máli og myndum.

Aðspurður um hvaðan hugmyndin að bókinni kom segir Guðni: „Ég opnaði verslunina Dogma með bræðrum mínum á Laugavegi fyrir nítján árum og á sama tíma var ég að íhuga að byrja í arkitektanámi. Þegar við vorum að gera breytingar á rýminu var ég mikið að spá í það hvaða verslanir höfðu verið í húsnæðinu áður og velti mikið fyrir mér sögu húsanna í kring. Þessi forvitni um götuna hefur eiginlega fylgt mér síðan.“

Laugavegurinn hefur lengi verið eins konar ósæð fyrir bæjarlífið í Reykjavík. „Um aldamótin 1900 fór verslunum þar að fjölga. Þessi fjölmennasta íbúðagata bæjarins breyttist fljótt í aðalgötu og tóku gömlu timburhúsin mörg talsverðum breytingum í takt við ný hlutverk og dæmi voru um að húsum væri lyft til að koma fyrir verslun eða verkstæði á jarðhæð,“ segir Guðni og bætir við að timburhúsin hafi svo „vikið eitt af öðru fyrir hærri steinsteyptum nýbyggingum á öðrum og þriðja áratugnum“.

„Þau hús setja enn svip á götuna en sem dæmi má nefna húsið sem Andrés Andrésson klæðskeri reisti á Laugavegi 3 og Sandholtsbakarí og Verslun Guðsteins ofar við götuna,“ segir Anna Dröfn.

„Laugavegurinn er allt frá því að hann er lagður aðalleiðin fyrir þá sem koma fótgangandi eða ríðandi á hesti inn í bæinn. Þegar umferð eftir veginum sem hafði verið lagður í Laugarnar eykst fara sífellt fleiri að sjá tækifæri í því að koma upp þjónustu við þessa ferðamenn sem áttu erindi til Reykjavíkur og þá að vera jafnvel fyrst til þess að selja þeim eitthvað og byggja þá ofarlega en lengst af var vinsælast að byggja nálægt Kvosinni þar sem hjarta verslunar var,“ bætir hún við.

Eitt af húsunum sem stóð upp úr í rannsóknarvinnu Önnu Drafnar og Guðna er Laugavegur 25 sem á sér stórmerkilega byggingarsögu. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

> Laugavegurinn er algjört byggingarsögusafn.

Stórhýsi og stærri hugmyndir

Í bókinni fara Anna Dröfn og Guðni yfir sögu meira en hundrað húsa við Laugaveginn og leggja áherslu á byggingarsögu þeirra, hvernig þau litu út í upphafi, hvaða hugmyndir hafi verið uppi um framtíð þeirra og hvernig þau hafi umbreyst í gegnum árin.

Eitt af þeim húsum sem stóð upp úr hjá Önnu Dröfn og Guðna í rannsóknarvinnunni var Laugavegur 25. „Ég hefði fyrirfram aldrei nefnt það sem mitt uppáhaldshús á Laugaveginum en þegar ég kynntist sögu þess þá var það svo áhugavert,“ segir Guðni. „Þar var byggt stórhýsi árið 1961 með súlnagöngum sem taka næstum tvær hæðir. Þar stóð steinbær sem var minnkaður til að koma nýbyggingunni fyrir, en það var síðan aldrei klárað í fyrirhugaðri mynd. Það er magnað að sjá myndir af húsinu sem reis árið 1961 í þeirri mynd sem það stóð til 1980.“ Anna Dröfn segir að á mynd af húsinu megi sjá hvernig gatan átti að teygja sig næstum inn í húsið. „Það segir svo mikla sögu um það hvernig miðbærinn hefði getað þróast,“ segir hún.“ ■

†

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Pálmar Elíasson

húsasmíðameistari og iðnrekandi,

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju
föstudaginn 26. nóvember kl. 14.00.

Sýna þarf fram á neikvætt hraðpróf við komu í kirkju
samkvæmt sóttvarnalögum.
Streymt verður frá athöfninni á slóðinni:
https://promynd.is/einarel og www.selfosskirkja.is

Bergsteinn Einarsson **Hafdís Jóna Kristjánsdóttir**
Örn Einarsson **Steinunn Fjóla Sigurðardóttir**
Sigrún Helga Einarsdóttir **Sverrir Einarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Hjartans þakkir fyrir auðsýndan hlýhug
og vináttu við andlát elskulegrar
móður okkar, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

Guðrúnar Rögnu Valdimarsdóttur
(Stellu)

Fjölskyldan þakkar sérstaklega starfsfólki
hjúkrunarheimilisins Sléttuvegi fyrir einstaka umhyggju.

Björn Kr. Gunnarsson **Arndís Ármann**
Ásta Gunnarsdóttir
Margrét Ármann **Halldór Jensson**
Gunnar Óðinn Einarsson
Valdimar Ármann **Gunnar Friðrik Eðvarðsson**
Stella María Ármann **Sigurður Stefánsson**
og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Hinsta óskin

Við aðstoðum þig við gerð viljayfirlýsingar
um útför þína af nærgætni og virðingu
– **hefjum samtalið.**

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | **utfor.is**

†

Þökkum auðsýnda samúð við andlát
og útför ástkærrar eiginkonu minnar
og móður okkar,

Jónínu Þ. Arndal
(Nínu Arndal)
Drekavöllum 26, Hafnarfirði,

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólvangs,
sr. Arnórs Bjarka Blomsterberg og Útfararstofu Hafnarfjarðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Hjalti Skaftason
Guðrún, Lilja og Vigdís Guðbjartsdætur.

Til að birta andláts-, útfarar-
eða þakkartilkynningar
í Fréttablaðinu
þarf að senda tölvupóst á
timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055 .

***Gildir frá verðlistaverði - Í ljósi aðstæðna gildir afslátturinn frá miðvikud. 24. - laugard. 27.nóv.**
Opið virka daga frá 08:00-18:00 /Föstud. 8:00-17:00 / Laugardaga 10:00-14:00

ALFABORG
- allt á gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Veðurspá Fimmtudagur



Vestlæg átt 10-18 m/s og rigning eða snjókoma í dag, hiti 0 til 6 stig. Norðan 10-18 í kvöld, en hvassara suðaustantil. Él á Norður- og Austurlandi, kólnandi veður. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Alireza Firouzja (2770) átti leik gegn Mustafa Yilmaz (2626) á EM landsliða.

25. Dxc6!! Dxc6 26. cxb4 Dxc2 27. Hxc2 Hb8 28. a5 og hvítur vann skömmu síðar. Heimsmeistaraeinvígi Magnúsar Carlsen og Ian Nepomniachtchi hefst á morgun í Dubai.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 lyfta
5 málmur
6 íþróttafélag
8 urga
10 tveir eins
11 ónóg
12 sýnt
13 kríki
15 argar
17 róta

LÓÐRÉTT
1 refsing
2 stakur
3 laus
4 að baki
7 útbúa
9 hringsóla
12 spýtnarusl
14 tímabils
16 rykögn



LÁRÉTT: **1** hefja, 5 eir, 6 fh, 8 gnista, 10 nn, 11 van, 12 bent, 13 nári, 15 grama, 17 skara.
LÓÐRÉTT: **1** hegning, 2 einn, 3 frí, 4 aftan, 7 hantera, 9 sveima, 12 brak, 14 ars, 16 ar.

Sudoku

		5			1	6	3	
	2	1			5	4		
3	8	9	2			1		
9					7			5
	6					7	4	
	5		3	6		8	1	
8	7		6				2	
2					3			4
	1				9		7	

				3	6			
	8	3		9			2	7
	5		7			1	9	
6						4		2
	9			5				
3						8		
			9					
			8		1	9	6	
8	1			6			7	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Svartur föstudagur

20% afsláttur af öllum vörum fimmtudag, föstudag og laugardag

Opnunartími
Fimmtudag 10-18
Föstudag 10-20
Laugardag 10-18

Valdar vörur á allt að 50% afslætti

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · swix · Vango · HEAD · Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Unglingar, undur og vandamál

BÆKUR

Drekar, drama og meira í þeim dúr
Rut Guðnadóttir
Útgefandi: Vaka-Helgafell
Fjöldi síðna: 301 bls.

Brynhildur Björnsdóttir

Drekar, drama og meira í þeim dúr er sjálfstætt framhald bókarinnar Vampírur, vesen og annað tilfallandi sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í fyrra. Í þessari bók eru söguhetjurnar þrjár rétt að jafna sig á átökum við skæða vampíru sem saug lífskraftinn úr nemendum skólans þeirra og dáleiddi stærðfræðikennarann til liðs við sig. Þær eru enn góðar vinkonur þótt samband þeirra sé töluvert flóknara en áður enda þær sumrinu bæði eldri og reyndari. Eins og í fyrri bókinni verður yfirnáttúruleg vera á vegi þeirra, nánar tiltekið dreki í Smáralindinni, og mitt í öllum hversdeginum með sínum flóknu úrlausnar- og tilfinningamálum er hann það síðasta sem þær þurfa á að halda. En þetta eru ekki stúlkur sem yfirgefa dreka í neyð sem setur þær í stöðu þar sem þær þurfa að taka á henni stóru sinni til að komast af.

Þær mjúkharði gothtöffarinn Rakel, ljúfsnarpa bardagaíþróttastelpan Lilja og taugaveiklaði málfræðinördinn Milla eiga vel saman í sögu, af því það hvað þær eru ólíkar gefur færi á margvíslegum flækjum og úrlausnarefnum. Sagan er sögð frá sjónarhorni stelpnanna þriggja til skiptis sem er mjög skemmtileg aðferð við persónusköpun, þar sem lesendur fá þá bæði innsýn í þeirra hugarheim og sjá síðan hvernig þær koma öðrum fyrir sjónir sem síðan eykur skilning á því hvernig samskipti þeirra, og í víðara samhengi samskipti almennt, geta orðið svo flókin sem raun ber vitni.

Þetta er afbragðs unglingabók og nóg um drama. Flókin ástamál og spurningar og efasemdir um kynhneigð eru sett fram á áhugaverðan hátt, tæpt er á einelti og þeim áhrifum sem það getur haft og þá eru vangaveltur um sjálfsmynd í sambandi við útlit og hegðun líka til umfjöllunar. Allt gerist þetta inni í þrælskemmtilegum, léttum og spennandi söguþræði og ekki má gleyma því að bókin er með eindæmum fyndin.

Drekar, drama og meira í þeim dúr er að mörgu leyti enn heildstæðari og betur skrifuð en Vampírur, vesen og annað tilfallandi, bæði er plottið betur útfært og svo er persónusköpunin þéttari. Enda gefur bókaflokkur höfundi möguleika á því að kynnast persónum sínum betur, svo sem margir höfundar, einkum glæpasagnahöfundar hafa nýtt sér. Fyrir mitt leyti þá hlakka ég til að kynnast þeim stöllum og skrímslaveiðikonum Rakel, Millu og Lilju nánar og þeim óvættum sem á vegi þeirra verða. ■

NIÐURSTAÐA: Fyndin og vel skrifuð saga um dreka en þó umfram allt unglingadrama þar sem allt fer vel að lokum.

Yrsa og Ragnar geta verið örugg um að bækur þeirra verði á toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki hægt að hunsa glæpasögur

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Fátt er öruggt í jólabókaflóðinu en þó er víst að Yrsa Sigurðardóttir og Ragnar Jónasson verða í hópi metsöluhöfunda. Hún með bók sína Lok, lok og læs og hann með Úti.

Yrsa er þegar búin að lesa bók Ragnars, Úti. „Ég ætlaði að bíða með að lesa hana en svo gat ég það ekki. Ég er mjög ánægð með þá bók," segir Yrsa. Ragnar er byrjaður á bók Yrsu. „Það sem ég er búinn að lesa er frábært. Ég er mjög spenntur, byrjunin er óskaplega óhugguleg."

Enginn rígur

Þau eru góðir vinir og stofnuðu í sameiningu glæpasagnaverðlaunin Svartfuglinn. Bæði gefa svo bók á ári. Er ekki smá samkeppni á milli þeirra um sæti ofarlega á metsölulistum?

„Metsölulistar segja manni að margir séu að lesa bókina sem er gaman en það skiptir mig engu máli hvort ég er fyrir ofan eða neðan Yrsu," segir Ragnar.

„Maður skrifar bókina, hún fer í prent og svo getur maður ekki gert neitt meir. Maður ræður engu um það í hvaða sæti maður lendir á metsölulista. Það eina sem maður getur gert er að vanda sig og skrifa skemmtilega bók," segir Yrsa og bætir við: „Ég hef ekki orði vör við ríg á milli glæpasagnahöfunda, okkur er öllum vel til vina og maður vill að vinum manns gangi vel. Við glæpasagnahöfundarnir vorum dálítið á jarðrinum, þóttum ekki alveg nógu fín en núna ber minna á slíku viðhorfi en áður."

„Glæpasögur hafa átt stóran þátt í að halda uppi merki Íslands erlendis. Ég held að menn hafi áttað sig á því að það er ekki hægt að setja þær til hliðar," segir Ragnar. „Ef ekki væri fyrir glæpasögurnar væru mun færri að lesa íslenskar bækur úti í hinum stóra heimi. Við glæpasagnahöfundarnir erum svo alltaf að reyna að ýta undir það að glæpasögunni sé gert jafn hátt undir höfði og öðrum tegundum bókmennta. Af hverju er til dæmis ekki flokkur innan Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir glæpasögur eins og fyrir barnabækur?"

Algjörlega frábært

Þau fagna því að Arnaldur Indriðason hafi hlotið Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu. „Það er algjörlega frábært. Skrýtið að það hafi ekki gerst fyrr. Arnaldur hefur gert svo mikið fyrir lestur á Íslandi," segir Yrsa og Ragnar tekur undir.

Bækur Yrsu og Ragnars hafa verið þýddar á fjórða tug tungumála. Þau segja mikinn tíma fara í upplestra og kynningar erlendis. „Þetta kostar gríðarlega mikinn tíma. Ég þyrfti að fara á námskeið til að læra að segja nei," segir Yrsa. „Nú er ég orðinn duglegri við að segja nei og velja þau lönd sem skipta mestu máli eða lönd sem mig langar til að heimsækja, því þetta þarf að vera gaman," segir Ragnar.

Bækur í vinnslu

Nú þegar nýjustu bækur þeirra eru komnar í verslanir og munu væntanlega seljast eins og heitar lummur, eru þau þá farin að leggja drög að næstu bókum?

„Mér finnst mjög gaman að skrifa og er með margar hugmyndir. Við Katrín Jakobsdóttir erum að vinna í bók. Svo er ég að skrifa framhald af Hvíta dauða, ég fékk skemmtilega hugmynd sem ég er að vinna úr. Svo er ég með enn aðra bók sem verður væntanlega í samstarfi við annan höfund," segir Ragnar.

„Ég er afskaplega óöguð í þessu, en eins og Ragnar skrifa ég af því mér finnst það skemmtilegt. Ef maður er ekki áhugasamur um það sem maður er að skrifa þá er gefið að bókin verður ekki skemmtileg," segir Yrsa.

Hún hefur skrifað barnabækur en Ragnar hefur haldið sig alfarið við að senda frá sér glæpasögur, þótt hann skrifi fleira en þær. „Ég yrki stundum og skrifa smásögur, ætla að skrifa eina núna um jólin," segir hann. ■

> Af hverju er til dæmis ekki flokkur innan Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir glæpasögur eins og fyrir barnabækur?
>
> Ragnar Jónasson

„Þetta er saga sem situr í manni,
og lifir áfram með manni ...“
RAGNHEIÐUR BIRGISDÓTTIR / MBL
„Laundfyndið og skemmtilegt skáldverk ...“
KRISTJÁN JÓHANN JÓNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ
„Bráðskemmtileg!“
GÍSLI MARTEINN
Steinunn Sigurðardóttir
SYSTU MEGIN
leiksaga
Systu megin er hárbeitt og óvenjuleg skáldsaga eftir stílsnillinginn Steinunni Sigurðardóttur
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–17 | www.forlagid.is

Verkin eru skúlptúr sem ég bjó til á Siglufirði, segir Hrafnkell. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eyðing og sköpun

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Hrafnkell Sigurðsson sýnir verk í Hverfisgalleríi og ber sýningin yfirskriftina Tjónverk / Recondestruction.

Efniviður sýningarinnar er sóttur í brotin skíði, stóla, spýtnabrak, snjóþotur og beygluð skilti í kjölfar snjóflóðs sem féll á skíðaskálann í Skarðsdal í Siglufirði síðasta vetur.

„Verkin eru skúlptúr sem ég bjó til á Siglufirði í sumar þar sem ég dvaldi í listamannavinnustofu," segir Hrafnkell. „Ég lagði leið mína upp í skíðasvæðið í Skarðsdal og gekk þar fram á drasl sem var á víð og dreif í snjóskafli í gili fyrir neðan skíðasvæðið. Þetta reyndist vera brak úr skíðaskálanum sem varð fyrir snjóflóði og splundraðist. Ég skynjaði mátt náttúrunnar í þessum brotum, hversu miklir kraftar hefðu valdið þessari eyðileggingu. Ég ákvað að smíða eitthvað úr þessum brotum. Svo leit ég í kringum mig og hugsaði með mér að gott væri að reisa skúlptúr á stöpli. Allt í einu sá ég glitta í steyptan kassa í gilinu sem var eins og hann hefði verið gerður fyrir skúlptúr."

Spurður hvort ekki hafi kostað mikla vinnu að smíða verkið segir Hrafnkell: „Það var brjáluð vinna að skrapa saman, negla og skrúfa og hlaupa upp og niður gilið. Ég fór í ham."

Hrafnkell segist hafa gert skúlptúrinn með það í huga að mynda hann. Afraksturinn er fimm ljósmyndir sem sýna skúlptúrinn frá mismunandi hæðum. „Skúlptúrinn er rúmir tveir metrar á hæð. Til að ná þessum bláa himni fyrir aftan skúlptúrinn án þess að sýna fjöll og umhverfi þurfti ég að nota langa linsu. Fjarlægðin varð að vera mikil og það kostað hlaup með myndavélina upp brattt gil, fram og til baka í hvert sinn sem eitthvað þurfti að laga."

Hvað vill hann að áhorfandinn skynji þegar hann horfir á myndirnar? „Þessi skúlptúr er óregluleg kaótísk samsetning, eins og sprengingin. Það er eins og augnablikið þegar snjóflóðið féll á skálann sé komið í mynd. Með verkinu er ég að endurbyggja sjálft augnablik eyðileggingarinna: setja saman eyðileggingu og mína sköpun. Það er ekki til neitt orð sem sameinar þessar andstæður, eyðileggingu og sköpun – þannig



Þessi skúlptúr er óregluleg kaótísk samsetning, segir Hrafnkell. MYND/AÐSEND

> Með verkinu er ég að endurbyggja sjálft augnablik eyðileggingarinnar: setja saman eyðileggingu og mína sköpun.

að ég bjó til nýtt orð, recondestruction, eða tjónverk," segir Hrafnkell.

Auk mynda af skúlptúrunum er á sýningunni lítil mynd sem sýnir snjóflóðavarnarefni, sem er notað sem sem stoðefni í snjóflóðagarða. „Mig langaði til að mynda þetta efni til að undirbyggja ákveðna sögu eða frásögn sem er í verkinu og tengist snjóflóðinu á þessu augnabliki. Ég kalla myndina Fyrirbygging/Preconstruction. Það er ekki búið að byggja úr efninu en einmitt það hefði getað komið í veg fyrir að skálinn splundraðist." ■

Flottir tónleikar – og þó

TÓNLIST

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Verk eftir: Sibelius og Thomas Adès
Einleikur: Víkingur Heiðar Ólafsson
Eldborg í Hörpu
fimmtudagur 18. nóvember

Jónas Sen

Finnska tónskáldið Jean Sibelius drakk eins og svín og hann reykti líka. Hann varð samt eldgamall. Á efri árum sagði hann: „Allir læknarnir sem hvöttu mig til að hætta að reykja og drekka eru dauðir!"

Tónlist Sibeliusar er stórbrotin og full af vímu og lífsnautn, sem er svo sannarlega grípandi. Það var hún þó ekki á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Fyrsta tónsmíðin var upphaflega fyrir kór, sem Sibelius sendi í keppni, en útsetti síðar fyrir strengjasveit og slagverk. Kórtextinn var um elskendur, og því hefði maður búist við djúsí tónlist. Hér vantaði einhverja hormóna, því herlegheitin voru óttalega andlaus undir stjórn Thomasar Adès. Spilamennska hljómsveitarinnar var samt góð, bæði nákvæm og fallega mótuð, en hún dugði ekki til að lyfta tónlistinni upp úr meðalmennskunni.

Ofviðrið, svíta nr. 2, eftir sama tónskáld, var ekki mikið kræsilegri. Hún byrjaði sem leikhústónlist við Ofviðri Shakespeares og samanstendur af stuttum köflum, nokkuð sundurlausum. Þar er enginn voldugur hápunktur á borð við þá sem eru svo áhrifaríkir í sinfóníum Sibeliusar. Hljómsveitin spilaði engu að síður ágætlega og var útkoman ljúf og lét þægilega í eyrum, en risti ekki djúpt.

Mögnuð dögun

Thomas Adès stjórnandi er einnig tónskáld, og þekktastur þannig. Næst á dagskránni var verk eftir hann sjálfan sem bar heitið Dawn, eða Dögun. Hún var í sjakonnuformi, sem er ættað frá barokktímanum, þegar Bach og Handel voru uppi. Það einkennist af sömu hendingunni sem er endurtekin aftur og aftur, án nokkurra breytinga, en með mismunandi yfirborði. Yfirborðið hér fólst í fjölbreytilegum hljóðfærasamsetningum og ólíkum stefbrotum, sem mynduðu síbreytilega áferð. Tónlistinni óx stöðugt ásmegin og var hápunkturinn voldugur.

Hljómsveitin spilaði listavel undir öruggri stjórn tónskáldsins, hver einasti hljóðfærahópur var með sitt á hreinu. Uppröðun sveitarinnar var óvanaleg, sumir blásarar voru staðsettir á svölum. Þannig varð til ákveðin þrívídd sem tíðkast ekki á sinfóníutónleikum. Þrívíddin skapaði sérstök hughrif, það var eins og að vera svífandi úti í geimi að horfa á dögunina færast yfir jarðarkúluna. Hvert svæði á fætur öðru lýstist upp, sem mun einmitt hafa verið hugmynd tónskáldsins með verkinu. Þetta var magnað.

Fráhrindandi sköpun

Tónleikunum lauk með píanókonsert eftir Adès, In Seven Days. Titillinn vísar til sköpunarsögunnar í Biblíunni. Yfirbragð tónlistarinnar var dálítið kuldalegt. Kom þá í hugann það sem talsmaður kaþólsku kirkjunnar í Bandaríkjunum, Robert Barron, hefur haldið fram. Hann segir að í kristninni skapi Guð heiminn í kærleika, ólíkt mörgum „heiðnum" trúarbrögðum þar sem veröldin verður til úr átökum. Þessi kærleikur virtist víðsfjarri í tónlistinni hér. Þvert á móti var sköpunin hranaleg og fráhrindandi; Guð virtist ekki vera sérlega geðþekkur.

Víkingur Heiðar Ólafsson lék einleik á nýjan flygil, sem kom prýðilega út. Einleikurinn var stórbrotinn og glæsilegur, allt var tært og fullkomlega mótað. Hljómsveitin spilaði líka flókinn tónavefinn af kostgæfni og heildarmyndin var flott. En maður spurði sjálfan sig, til hvers? Sköpun þessa heims eins og Adès sýndi hana var án kærleika og ekki eftirsóknarverð, og tónlistin því síður. ■

Einleikurinn var stórbrotinn og glæsilegur, segir Jónas FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

NIÐURSTAÐA: Vel spilað allt saman, en misáhugavert.

SVARTUR FÖSTUDAGUR

ALLAR VÖRUR FRÁ BABY born

20% AFSLÁTTUR

Plötuspilari með Bluetooth tengingu
TILBOÐSVERÐ: 27.192.-
Verð áður: 33.990.-

20% AFSLÁTTUR

ALLAR BARNABÆKUR

20% AFSLÁTTUR

30% AFSLÁTTUR

NC Þráðlaus heyrnartól
TILBOÐSVERÐ: 13.993.-
Verð áður: 19.990.-

Sandberg

30% AFSLÁTTUR

Leikjastóll Commander
TILBOÐSVERÐ: 27.999.-
Verð áður: 39.999.-



21% AFSLÁTTUR

VITRA Hang-It-All
TILBOÐSVERÐ: 27.900.-
Verð áður: 31.569.-

vitra.

29% AFSLÁTTUR

Skaði
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-

30% AFSLÁTTUR

Þín eigin ráðgáta
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 5.299.-

32% AFSLÁTTUR

Lok, lok og læs
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 7.299.-

29% AFSLÁTTUR

Stórfiskur
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-

FRÍ HEIMSENDING*

EF PANTAÐ ER FYRIR 10.000 KR. EÐA MEIRA Á VEFNUM OKKAR.

SVARTUR FÖSTUDAGUR

Þú færð SMS áður en við mætum.
Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.
*á ekki við um húsgögn.

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 28. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Fimmtudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamá - Þorgrímur Þráinsson Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Sir Arnar Gauti Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.25 Menningin
13.30 Útsvar 2007-2008 Akureyri - Fjallabyggð
14.15 Fólkið í landinu Max Schmidt
14.35 Heilabrot
15.05 Gulli byggir
15.45 Veröld Ginu
16.15 Neytendavaktin
16.45 Landinn
17.10 Fjörskyldan
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Holly Hobbie
18.29 Lúkas í mörgum myndum
18.36 Áhugamálið mitt
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins Mugison - Who Would I Be Holding Tight?
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu.
20.05 Okkar á milli Sigurlaug Margrét Jónasdóttir fær til sín góða gesti úr öllum áttum og ræðir við þá undir fjögur augu. Gestirnir eiga það sameiginlegt að hafa áhugaverða sögu að segja.
21.00 Pressan Press Bresk leikin þáttaröð um líf ritstjóra og blaðamanna hjá tveimur ólíkum breskum dagblöðum og álagið sem fylgir því að lifa og hrærast í heimi þar sem sífellt meiri áhersla er lögð á hraðan fréttaflutning. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Úlfur, Úlfur Ulven kommer Leiknir þættir um félagsráðgjafa sem hefur aðeins nokkrar vikur til að átta sig á því hver segir satt og hver ekki í fjölskyldu sem mögulega býr við alvarlegt ofbeldi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.10 Ófærð
00.00 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

08.55 European Tour 2020 Útsending frá Joburg Open.
13.30 LET Tour Bein útsending frá Andalucia Costa del Sol.
16.55 DP World Tour Útsending frá Joburg Open
21.30 PGA Tour. The Cut
21.55 European Tour Útsending frá Commercial Bank Qatar Masters.

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Best Home Cook
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Jarðarförin mín Ljúfsár en alvörugefin þáttaröð með Þórhalli Sigurðssyni í aðalhlutverki.
19.40 Intelligence
20.10 Heil og sæl? Léttir, skemmtilegir og fræðandi þættir um heilsu og lífsstíl íslenskra kvenna.
20.45 Ástríða Ástríðukokkurinn Ragnar Freyr Ingvarsson hefur deilt ástríðu sinni á eldamennsku með Íslendingum í meira en 15 ár.
21.20 The Resident
22.10 Walker
22.55 The Twilight Zone (2019)
23.45 The Late Late Show
00.30 Dexter
01.20 Stella Blómkvist
02.05 Yellowstone
02.50 City on a Hill Mögnuð þáttaröð frá Showtime með Kevin Bacon í aðalhlutverki. Sagan gerist í Boston þar sem glæpir fengu að viðgangast í skjóli spilltra lögreglumanna.
03.40 Agents of S.H.I.E.L.D.
04.25 Tónlist

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Sankti María, sestu á stein
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið Þorir þú að keppa? - 5
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óperukvöld Útvarpsins
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin

Stöð 2 Bíó

11.00 Lego DC. Shazam Magic and Monsters
12.20 The Sweet Life
13.50 Little Women
16.00 Lego DC. Shazam Magic and Monsters
17.20 The Sweet Life
18.45 Little Women
21.00 AVA Afar spennandi ráðgáta og glæpamynd frá 2020.
22.30 Jexi Gamanmynd frá 2019.
23.55 Countdown
01.20 AVA

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gossip Girl
10.05 Gilmore Girls
10.50 Ísskápastríð
11.25 Dýraspítalinn
11.50 Friends
12.10 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 Jamie's Easy Christmas Countdown
13.40 The Office
14.05 McMillions
14.55 Modern Family
15.15 Home Economics
15.40 Why Can't we Sleep?
16.25 Allt úr engu
16.50 Quiz
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Samstarf Flokka, skilið? Jóhanna og Sunneva skella sér í „spari-dressið" og reyna fyrir sér á mismunandi starfsstöðvum innan Sorpu.
19.30 Temptation Island
20.15 Curb Your Enthusiasm
20.55 NCIS
21.35 Chucky
22.40 Real Time With Bill Maher
23.35 Ummerki
00.05 The Sinner
00.55 The Pact
01.55 Professor T
02.45 La Brea
03.30 Castle Rock Önnur þáttaröð þessa frábæru sálfræðitrylla.

Stöð 2 Sport

06.35 Grindavík - Breiðablik Útsending frá leik í Subway deild kvenna.
08.15 Valur - Skallagrímur
09.55 Valur - Aftureldingu Útsending frá leik í Olís deild karla.
11.20 Seinni bylgjan Leikirnir í Olís deild karla.
12.35 Seinni bylgjan Leikirnir í Olís deild kvenna.
13.35 Grindavík - Breiðablik
15.15 Valur - Skallagrímur
17.00 Subway Körfuboltakvöld kvenna
18.00 Stjarnan - Fram Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
19.20 Haukar - Tarbes GB Bein útsending frá leik í Evrópukeppni kvenna í körfubolta.
21.05 Dallas Cowboys - Las Vegas Bein útsending frá leik í NFL.
00.50 Subway Körfuboltakvöld kvenna

Stöð 2 Sport 2

06.00 Club Brugge - Leipzig
07.40 Besiktas - Ajax
09.20 Sheriff - Real Madrid
11.00 Liverpool - Porto
12.40 Meistaradeildarmörkin
13.25 Kansas City Chiefs - Dallas Cowboys
15.45 Lokasóknin
16.40 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar
17.35 Lincoln Red Imps - FC Kaupmannahöfn Bein útsending frá leik í Sambandsdeild.
19.50 Leicester - Legia Bein útsending frá leik í Evrópudeild UEFA.
21.50 NFL Gameday
22.15 The Fifth Quarter
22.30 Minnesota Vikings - Green Bay Packers
01.20 New Orleans Saints - Buffalo Bills

Nýtt heyrnartæki frá Beltone

Beltone **Imagine**™

Því barnabörnin hafa frá svo mörgu að segja

Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Imagine**™ geta valdið straumhvörfum í lífi þínu og þinna. Njóttu þess að heyra betur með nýrri kynslóð heyrnartækja sem skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú tengist fólkinu þínu betur þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Imagine**™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Það er ekkert heilagt í heimi áhrifavalda

Íslendingar geta nú loksins brugðið sér í hlutverk áhrifavalda og meira að segja stungið vini sína í bakið, þökk sé Ingvari Haraldssyni og félögum að baki áhrifavaldaspilinu Frægð og frami.

odduraevar@frettabladid.is

„Við erum allir miklir kvikmyndalúðar og upprunalega hugmyndin var að gera kvikmyndaspil," segir Ingvar Haraldsson sem hannaði spilið ásamt vinum sínum, þeim Jóni Birni Árnasyni og Daníel Brynjólfssyni.

„En svo nenntum við ekki að koma með enn eitt spurningaspilið og þetta endaði einhvern veginn svona í áhrifavöldunum enda vildum við gera eitthvað nýtt og ferskt," segir Ingvar.

> Eins og við grínumst með: Það er ekkert heilagt í heimi áhrifavalda.

Frá vinstri: Erla Brynjarsdóttir er Dagný, Jón Hjörtur Emilsson er Helgi Hansen, Hekla Lydía Gísladóttir er Lísa Dís, Ahd Tamimi er Siggi, Hólmar Freyr Sigfússon er Búi og Melína Kolka er Bára.
MYNDIR/AÐSENDAR

Ingvar Haraldsson

Hættuspilið innblástur

Hann segir þá félaga meðal annars hafa fengið innblástur frá Hættuspilinu. Í Frægð og frama gefst spilurum kostur á að bregða sér í hlutverk eins af sex áhrifavöldum sem í boði eru. Því næst gefst spilurum kostur á samstarfi eða bakstungu þar sem einungis einn getur sigrað.

„Áhrifavaldarnir eru alls staðar þessa dagana og okkur fannst kjörið tækifæri að tækla þetta í spilinu, enda er þetta mjög áhugaverður heimur og við höfum klárlega húmor fyrir því og gerum grín að því hve kjánalegur hann getur verið í spilinu," segir Ingvar.

Í spilinu er þó hvergi að finna áhrifavalda úr raunheimum eins og Birgittu Líf eða Binna Glee. „Upprunalega datt okkur í hug að heyra í alvöru fólki en ákváðum svo á endanum að hafa frekar misskrautlegar persónur," segir Ingvar. Þar má meðal annars nefna Lísu Dís og Helga Hansen og minna persónurnar um margt á persónur úr Hættuspilinu.

Þeir félagar sóttu innblástur í eitt frægasta spil íslensks samtíma, sjálft Hættuspilið.

Mikil áhersla á bakstungur

Ingvar segir að öll áherslan í spilinu sé á bakstungur. Kunni fólk vel að meta hressileg rifrildi við vini og vandamenn sé þetta rétta spilið.

„Þetta er ógeðslega skemmtilegt og einfalt spil. Þú getur annaðhvort aðstoðað aðra leikmenn á meðan það hentar þér, eða stungið þá í bakið ef það hentar þér betur. Þú gætir sömuleiðis gert hvoru tveggja og svo stungið viðkomandi í bakið á þeim tíma sem hentar þér og stolið verðlaununum," segir Ingvar.

„Eins og við grínumst með: Það er ekkert heilagt í heimi áhrifavalda." ■





Spilarar geta unnið saman í #samstarfi eða stungið hverjir aðra í bakið.

Ræktin lykillinn að sigri á myrkrinu

odduraevar@frettabladid.is



Aron Can, rappari

„Ég er súper góður. Afmælishelgin var að klárast, þetta var ótrúlega næs. Ég og kærastan mín fórum á Geysi á föstudaginn og svo fór ég í kósíbústað með strákunum daginn eftir," segir rappgoðsögnin Aron Can.

„Maður verður að muna að njóta líka," segir rapparinn sem hefur verið gríðarlega öflugur í CrossFit undanfarin ár. „Ég er búinn að vera í CrossFit í næstum þrjú ár. Það er ótrúlega gaman og ég stunda það eða einhvers konar líkamsrækt á hverjum degi," segir Aron.

Hann segir það ekki síst koma sér vel á dimmasta tíma ársins eins og nú. „Það hjálpar gríðarlega að kíkja í ræktina, fara í sánu og skella sér í kalda pottinn. Maður er búinn að sigra daginn kannski bara klukkan sjö eða átta um morguninn og fer góður út í allt annað."

> Maður er búinn að sigra daginn kannski bara klukkan sjö eða átta um morguninn og fer góður út í allt annað.

Aron segir kófið hafa sett strik í reikninginn hjá sér eins og öðrum tónlistarmönnum en hann hefur nýtt tímann vel. „Þetta er auðvitað orðið þreytt, ég ætla ekki að ljúga því. Eitt gigg hjá mér hefur til dæmis frestast í tæpt ár. En þetta er bara staðan og það er eins og það er."

Hann hefur nýtt tímann til að semja tónlist og segir að þannig hafi hans nýjasta plata, Andi, líf, hjarta, sál, orðið til. „Maður var ekki að spila mikið og nýtti tímann í stúdíóinu frekar, sem í þessu tilfelli var frekar næs. Annars hefði maður eytt kvöldunum í að gigga og flakka á milli kannski tveggja, þriggja eða fjögurra staða." ■

HITUM UPP
SVARTUR
FÖSTUDAGUR
Í REKKKJUNNI

20-50%
AFSLÁTTUR

SÆNGURFÖT
20-50%
AFSLÁTTUR

20%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM AUKAHLUTUM,
KODDUM, SÆNGUM, LÖKUM,
HLÍFÐARLÖKUM O.S.FRV.

STAKAR DÝNUR
30-50%
AFSLÁTTUR

40%

VERÐDÆMI
CADENCE PLUSH QUEEN SIZE (153X203)
VERÐ Á SVÖRTUM FÖSTUDEGI
146.520 KR.
VERÐ ÁÐUR 244.200 KR.
(INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA, BOTN OG FÆTUR)

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Á skjánum

odduraevar@frettabladid.is

Jeff í sínu besta formi í 41. seríunni af Survivor

Óskar Steinn Ómarsson

„Skemmtilegt að þú skulir spyrja að þessu, því ég er einmitt að fara í Survivor-partí í kvöld!“ sagði Óskar Steinn Ómarsson, samfélagsmiðla-stjarna og stjórnmálamaður.

„Á mínu heimili fylgjumst við vel með 41. þáttaröð af Survivor, en í þessari þáttaröð er öllu til tjaldað. Jeff Probst er í sínu besta formi hingað til og býður okkur upp á sannkallaða rússíbanareið þar sem ekkert er eins og það virðist og eitthvað óvænt leynist alltaf handan við hornið.

Keppendahópurinn er fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr og virkilega skemmtilegt að fylgjast með því hvernig þessir ólíku persónuleikar vinna saman. Ég er sérstaklega spenntur fyrir örlögum samviskulausa prestsins Shan, sem sumir telja helst til ráðríka. Nær hún að halda stjórn á leiknum til enda eða fá bandamenn hennar nóg og rísa upp gegn henni áður en það verður of seint?“ ■

Bý mér til mína eigin línulegu dagskrá

Birkir Vagn Ómarsson

„Þegar ég dett inn í þætti þá horfi ég á þá einn í einu á akkúrat viku fresti, bý þannig til línulega dagskrá,“ segir Birkir Vagn Ómarsson, eigandi Mínus 2 gym, sem staðsett er í Borgartúni.

Birkir stýrir hinu rómaða MGT-námskeiði sem færri komast á en vilja. Hann var að klára Formula 1: Drive to Survive og er byrjaður á annarri seríu af Tiger King.

„Það byrjar vel eins og síðasta sería. Geggjaðir þættir um glæsilegt eintak,“ segir hann og hlær. „Ef þú átt eftir að horfa á Squid Game þá öfunda ég þig. Það eru topp fimm þættir sem ég hef séð,“ segir líkamsræktarfrömuðurinn. ■

Gróf Góðæris-Bubba á Ísbjarnarplani

Valur Gunnarsson hafnaði græðgisvæðingunni með því að jarða Bubba-plöturnar sínar á gamla Ísbjarnarplaninu eftir að rokkarinn seldi Sjóvá höfundarrétt verka sinna. Uppgjör við Góðæris-Bubba í Borgarleikhúsinu hefur mýkt afstöðu Vals.

toti@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Valur kinkar kolli til Bubba sextán árum eftir að hann jarðaði 20 Bubba-plötur.

Útrásarpartíið var í blússandi gangi þegar Bubbi Morthens seldi tryggingafélaginu Sjóvá-Almennum höfundarréttinn á öllum verkum sínum fyrir tugi milljóna króna.

Þessi óvænta ákvörðun Bubba lagðist misvel í fólk og Valur Gunnarsson, sem þá var ritstjóri Reykjavik Grapevine, ákvað að efna til nokkuð sérstakra mótmæla þegar hann fór með tuttugu Bubba-plötur úr safni sínu og jarðaði þær á planinu þar sem frystihúsið Ísbjörninn hafði áður staðið.

Frystihúsið var vitaskuld, eins og alþjóð veit, Bubba kröftugt yrkisefni á fyrstu plötunni sinni, Ísbjarnarblús, og auk þess að bera plöturnar þar til moldar lagði Valur hvíta rós ofan á þær „til minnis um listamanninn Bubba Morthens sem illa fór fyrir“, eins og hann orðaði það í samtali við Fréttablaðið á sínum tíma.

„Einhver varð að reyna að stoppa Góðæris-Bubbann í okkur öllum af,“ segir sagnfræðingurinn, rithöfundurinn og blaðamaðurinn, þegar hann lítur um öxl með Fréttablaðinu sextán árum síðar.

„Auðvitað gerir það lítið gagn til lengdar að jarða nokkrar Bubba-plötur, en þegar Bubbi var endanlega kominn á bankanna vald fannst mér eins og vegið væri nokkuð nálægt sál þjóðarinnar. En kannski var ég að misskilja bæði Bubba og þjóðina.“

Breyttir tímar

Valur hefur í seinni tíð rýnt meira í sálir þeirra þjóða sem á sínum tíma mynduðu Sovétríkin sálugu og hann gerði nýlega góða grein fyrir mannlífsrannsóknum sínum handan gamla járntjaldsins í bókinni Bjarmalönd.

Járntjaldið stóð hins vegar óhaggað þegar Bubbi braust til frægðar og ungur Valur eygði enn von í rokkinu. „Í mína tíð trúði enginn á neitt en rokkið skipti máli og átti ekki að vera til sölu. Nú trúa allir á eitthvað, nema kannski rokkið, og allir eru að „plögga“ eins og þeir best geta og hafa tekjur þar sem það er hægt, enda ekki annað hægt á tímum þar sem plötur eru varla lengur til og tónleikahald meira og minna bannað. Þetta eru breyttir tímar.“

Gengisfallið gúanó

Valur gekk svo langt að segja Bubba hafa selt sál sína þegar hann undirritaði það sem þá var kallað „tímamótasamningur“ við þá Þorgils Óttar Mathiesen, forstjóra Sjóvár, og Bjarna Ármannsson, sem var forstjóri Íslandsbanka.

Þunginn í andófi Vals var slíkur að hann jarðsetti Bubba-safnið sitt 2005 með einni hvítri rós. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Hann gerði það reyndar fyrir löngu, en núna hefur hann dæmt allt marklaust sem hann hefur sagt í gegnum tíðina. Öll hans vinna fer beint í vasa tryggingafyrirtækis sem þýðir endanlegan sigur jakkalakka yfir gúanórokkaranum.

Ég hef verið aðdáandi Bubba lengi og maður hefur fyrirgefið honum ýmislegt en nú er tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens endanlega búinn,“ sagði Valur við Fréttablaðið laugardaginn 5. mars 2005.

Frelsi til sölu?

„Minn Bubbi er eiginlega rokkstjörnu-Bubbi miðáttunnar,“ segir Valur og kemur ef til vill ekki mjög á óvart, þegar hann er spurður hvaða birtingarmynd Bubba sé í mestu uppáhaldi hjá honum.

„Ég bjó þá í Noregi og nemendur máttu stundum koma með spólur í skólann til að hlusta á. Ég kom iðulega með Frelsi til sölu, sem vakti litla lukku norskra, en einhver spurði fyrir kurteisissakir hvað margir væru í þessari hljómsveit Bubba.“

Bubbi keypti höfundarréttinn á lögum sínum aftur til baka frá Straumi fjárfestingarbanka 2012 og núna, enn síðar, má segja að dragi enn til tíðinda eftir að Fréttablaðið fékk Val til þess að horfa á sýninguna Níu líf í Borgarleikhúsinu.

Þar túlka ólíkir leikarar Litla-Bubba, Unga-Bubba, Gúanó-Bubba, Utangarðs-Bubba, Egó-Bubba, Góðæris-Bubba og Sátta-Bubba, sem saman mynda margbrotna og síkvika persónu Bubba Morthens í meðal annars góðærisuppgjöri, sem Valur er sáttur við.

„Þessi sýning er eiginlega ótrúlega vel heppnuð, það er svo margt sem hefði getað farið úrskeiðis en hér tekst listilega vel að sigla á milli Blindskers og Brynju,“ segir Valur.

„Þegar fjallað er um mann sem allir þekkja getur það auðveldlega orðið að helgimynd, eða í hina áttina að niðurrifi. Í staðinn birtist mynd af afar breyskum manni sem er, í það minnsta stundum, að gera sitt besta.

Það er kannski ekki mikið hægt að læra af Bubba, en það er hægt að þykja vænt um hann og varla er annað hægt að sýningu lokinni.“

Ísland mun aldrei eignast aðra eins rokkstjörnu, enda er tími rokkstjörnunnar sem slíkrar liðinn. Í staðinn fyrir kókaín í hylki og gullplötur er það sojalatte og streymisveitur. Bubbi verður auðvitað aldrei svalari en hann var í upphafi, en ég myndi frekar vilja hitta Sátta-Bubba í dimmu húsasundi heldur en Utangarðs-Bubba.“ ■

Edda Only Fans-stjarna er hin íslenska Billie Eilish

odduraevar@frettabladid.is

Only Fans-gyðjan Edda Lovísa Björgvinsdóttir hefur ekki farið varhluta af því að hún þyki sláandi lík bandarísku söngkonunni Billie Eilish. „Ég hef heyrt þetta áður,“ segir Edda, sem er meðal tekjuhæstu Only Fans-stjarna landsins.

„Alveg þónokkrum sinnum,“ bætir hún hlæjandi við, þegar hún er spurð hvort henni hafi oft verið bent á líkindin við Billie Eilish sem hefur farið með himinskautum á vinsældalistum vestanhafs, hér heima og miklu víðar undanfarin ár.

Edda segist vera gríðarlega mikill aðdáandi söngkonunnar góðu, en hún og Billie eru einmitt jafngamlar, báðar fæddar árið 2001 og því tuttugu ára. „Uppáhaldslagið mitt með henni er You Should See me in a Crown.“ ■

> Ég hef heyrt þetta áður.



Edda Lovísa er eiginlega alveg eins og Billie Eilish og helsti munurinn er kannski ... MYND/AÐSEND



... að hún er frek til fjörsins á Only Fans á meðan Eilish á „million fans“. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

ÞAÐ ER ALDREI RANGUR TÍMI FYRIR MANNRÉTTINDI

Ekki láta þitt eftir liggja. Skrifaðu undir mál einstaklinga sem beittir eru grófum mannréttindabrotum.

AMNESTY.IS

Allra best

Leikhús

Lára og Ljónsi – jólasaga

Sigríður Jónsdóttir, leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins, segir sýninguna Lára og Ljónsi, jólasaga, sem sýnd er í Þjóðleikhúsinu, vera tilvalda fyrir allra yngstu leikhúsgestina. „Hér er á ferðinni krúttleg tæp klukkustund í góðum félagsskap þar sem leikhústöfrar svífa yfir leiksviðinu eins og snjókorn." Leikritið hugljúfa er eftir Birgittu Haukdal og Guðjón Davíð Karlsson leikstýrir. Ungir leikhúsgestir fá síðan tækifæri til að hitta persónur verksins eftir sýningu, sem er vitanlega mikil og sterk upplifun.

Bókin

Nornirnar, eftir Roald Dahl

Öll börn verða að kynnast bókum Roald Dahls. Þær bestu eru hreinir gimsteinar. Það á við um Nornirnar, en aðalpersónan, drengur, læsist óvart inni í sal þar sem fram fer ársþing norna. „Óhreinn, illa lyktandi, lítill strákur! Við kremjum hann! Við kreistum hann! Við hökkum hann og étum!" skrækja nornirnar þegar þær koma auga á hann. Drengurinn þarf á öllu sínu hugviti að halda til að sleppa undan þeim. Hann nýtur þar aðstoðar hinnar stórskemmtilegu og karaktermiklu ömmu sinnar, sem kann ýmislegt fyrir sér. Afar snjöll, fyndin og myrk klassísk barnasaga.

Sjónvarp

Dexter: New Blood

Geðþekki raðmorðinginn Dexter Morgan er upp risinn í sjónvarpi, að því er virðist með allnokkrum stæl, þannig að eftir þrjá þætti er ekki seinna vænna að stökkva um borð í líkvagn Dexters. Showtime útdeilir einum nýjum þætti vikulega og þaðan skila þeir sér í Sjónvarp Símans og enn bendir allt til þess að í vændum sé stórgóð Dexter-sería.

Beggi í Sóldögg segist sjaldan betri en á Mývatni.

MYND/AÐSEND

Á rjúpu vegna U2 og Frikka

Þegar söngvarinn Friðrik Ómar leiddi rokkarana Bergsvein Arilíusson og Stefán Jakobsson saman fyrir sjö árum tókust með þeim svo miklar rjúpuástir að nú fara þeir árlega saman á rjúpu á heimavelli Stefáns í Mývatnssveit.

odduraevar@frettabladid.is

„Þetta er sjöunda árið í röð," segir Bergsveinn, betur þekktur sem Beggi í Sóldögg, um veiðiferðina norður í Mývatnssveit þar sem hann veiðir í Búrfellshrauni, paradís rjúpnaveiðimannsins. Hann og Stefán Jakobsson, rokkari allra landsmanna í Dimmu, hafa undanfarin sjö ár verið óaðskiljanlegir einu sinni á ári.

„Það er eiginlega Friðriki Ómari að þakka að þetta veiðifélag varð til. Það er svo magnað, ég held að hann sé ekkert í skotveiði en hann setti saman sýningu til heiðurs U2 fyrir tja, sjö árum síðan örugglega og þar bara kynntumst við Stefán í fyrsta skiptið," útskýrir Beggi um tilurð veiðifélagsins.

> Hann rekur augun í það að ég er eitthvað að hreyfa mig og er svona rjúpulegur og þá fer hann að spyrja mig út í þetta.

Beggi segir þetta hafa verið mikinn happafund en Stefán er landeigandi að Búrfellshrauni og hefur gengið til rjúpna síðan hann var smápolli. Þekkir nánast hvern hól og hverja þúfu í úfnu hrauninu.

„Ef ég man rétt þá var þetta akkúrat á þeim tíma sem rjúpnaveiðitímabilið var að byrja og hann rekur augun í það að ég er eitthvað að hreyfa mig og er svona rjúpulegur og þá fer hann að spyrja mig út í þetta og úr verður Veiðifélagið Han," segir Beggi laufléttur.

Hann segir veiðina í ár hafa verið góða en ferðin snúist um svo miklu meira. „Þetta gengur alltaf vel. Það fléttast inn í þetta villibráðarhlaðborð og við gerum vel við okkur á hverju ári og þetta er mikil gæðastund," segir Beggi. Þá skemmi náttúrufegurðin ekki fyrir.

„Það þarf ekkert að ræða það að Mývatnssveit er fallegasti staður á landinu og jafnvel þótt víðar væri leitað. Þetta er orðið stór hluti af aðventunni," segir Beggi. Hann segist eiga Friðriki Ómari margt að þakka en telur ólíklegt að sá dúnmjúki söngfugl myndi þiggja boðið.

> Það hefur ekki einu sinni verið rætt hvort hann eigi að koma með. Ég held reyndar að hann hafi lítinn áhuga á skotveiði.

„Það hefur ekki einu sinni verið rætt hvort hann eigi að koma með. Ég held reyndar að hann hafi lítinn áhuga á skotveiði, ef nokkurn," segir Beggi í Sóldögg, hlæjandi. ■

Veiðifélag þeirra félaga ber nafn með rentu: Veiðifélagið Han og dingdong.

MYND/AÐSEND

Wes Anderson er Wes Anderson

KVIKMYNDIR

The French Dispatch

Framleiðendur: Wes Anderson, Jeremy Dawson, Steven Rales
Leikstjóri: Wes Anderson
Aðalhlutverk: Benicio del Toro, Adrien Brody, Tilda Swinton, Léa Seydoux o.fl.

odduraevar@frettabladid.is

Fingraför fárra leikstjóra eru eins auðþekkjanleg og fingraför leikstjórans Wes Anderson. Nýjasta mynd hans The French Dispatch er þar engin undantekning. Stjörnum hlaðin myndin er ástaróður til blaðamanna og bregður heimsfrægum leikurum fyrir í nánast hverri einustu senu.

Hér bregður Anderson á leik og segir þrjár örsögur í einni kvikmynd, sem allar tengjast tímaritinu French Dispatch, sem byggt er á hinu annálaða bandaríska tímariti New Yorker. Sögurnar eru missterkar en halda manni að mestu við efnið. Setja má spurningarmerki við hversu vel tekst að flétta þær saman í heildrænan söguþráð.

Kvikmyndataka og sviðssetning hafa líklega aldrei verið betri hjá okkar manni Anderson, sem hér leikur sér að frumlegri kvikmyndatöku í bland við sína gamalkunnu miðjusetningu myndavélarinnar.

Leikararnir eru hins vegar það besta við myndina, enda stýrir Anderson hér einhvers konar heimsmeistaraliði stórleikara, þar sem þau Benicio Del Toro, Adrien Brody og Léa Sedoux fara, að mínu mati, fremst í flokki og algjörlega á kostum í hlutverkum sínum í örsögunni af ótrúlegum listamanni í fangelsi. Jeffrey Wright gerir sömuleiðis gott mót.

Timothée Chalamet og Frances McDormand standa fyrir sínu í sinni sögu, sem og Bill Murray og Owen Wilson. Einhverjum kann þó að þykja Anderson nota þá, auk Willem Dafoe og Edward Norton, glæpsamlega lítið. ■

NIÐURSTAÐA: Mynd sem mun heilla eldheita kvikmyndaunnendur á meðan almennum áhorfendum gæti leiðst á köflum. Wes Anderson stendur þó, þegar upp er staðið, fyllilega fyrir sínu.

Boozt.COM

FASHION KIDS SPORT HOME BEAUTY

NÝ TILBOÐ
Á HVERJUM
DEGI

BLACK FRIDAY

ALLT AÐ 70%

Metsölulisti

Vikuna 17. - 23. nóvember



1 Lok, lok og læs
Yrsa Sigurðardóttir

2 Sigurverkið
Arnaldur Indriðason

3 Fagurt galaði fuglinn sá
Helgi Jónsson
Anna Margrét Marínósdóttir

4 Jól á eyjahótelinu
Jenny Colgan

5 Nýja Reykjavík
Dagur B. Eggertsson

6 Úti
Ragnar Jónasson

7 Rauð viðvörun
Jólin eru á leiðinni
Sigrún Eldjárn

8 Sextíu kíló af kjaftshöggum
Hallgrímur Helgason

9 Vetrarfrí í Hálöndunum
Sarah Morgan

10 Lára bakar
Birgitta Haukdal

Pennan Eymundsson

Slembilukka mun opna geymslu allra landsmanna

Laufey Haraldsdóttir og félagar í leikhópnum Slembilukku opna geymslu allra landsmanna fyrir almenningi í Borgarleikhúsinu í desember, eftir að hafa leitað fanga og fyrirmynda í alvöru geymslum úti um allar trissur.

odduraevar@frettabladid.is

Laufey Haraldsdóttir, Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir og Eygló Höskuldsdóttir Viborg vilja hvetja landsmenn til að hugsa hlýlegra til geymslna landsins. MYND/AÐSEND

Laufey Haraldsdóttir hjá leikhópnum Slembilukku leitaði á náðir almennings í Fréttablaðinu í október, þegar hún sagði frá undirbúningsvinnu leikritsins Á vísum stað, sem gekk meðal annars út á að fá að róta í geymslum fólks.

Þá upplýsti hún að hópurinn hafði þá þegar fundið gamlan bolla úr eigu Páls Óskars í geymslu ónefndrar konu. „Þetta voru einhverjar 26 geymslur sem við heimsóttum," segir Laufey mánuði síðar þegar stutt er í frumsýningu Á vísum stað.

„Þetta er meira eins og að mæta í geymslu hjá einhverjum heldur en að mæta í leikhús og sjá Draum á Jónsmessunótt. Þetta verður interaktívt upplifunarleikhús," útskýrir Laufey.

Hún segir að hópurinn hafi haft úr nógu að moða eftir fjársjóðsleitina í síðasta mánuði. „Við fundum ótrúlegustu hluti sem við höfum komið fyrir hérna í leikhúsinu og ætlum núna að kynna niðurstöður okkar fyrir gestum," segir hún.

Áhorfendum mun meðal annars gefast kostur á að velja það sem þeim þykir merkilegast á sýningunni. „Svo stefnum við á að opna lítið safn með hlutunum hérna í leikhúsinu," segir Laufey. Hún segir ekki einungis veraldlega hluti hafa fundist heldur líka tónlist.

Fundu Friends

„Við fundum ýmsar kassettur. Uppáhaldsspólan okkar var alveg ómerkt," segir Laufey en þar mátti heyra ónefnda söngkonu syngja. Smáforritið Shazam, sem greinir tónlist, náði ekki einu sinni að bera kennsl á söngkonuna.

„En það var kannski vegna þess að eini kassettuspilarinn sem við fundum var gamalt útvarp sem spilar allar spólurnar svolítið hægt," skýtur Laufey inn í hlæjandi. „Við fundum líka spólu í geymslu hjá mömmu sem er með upptöku af mér að syngja."

Þá fann hópurinn gamlar upptökur af vinsælustu grínþáttum í heimi, Friends. „Það var einhver sem gat alls ekki sofnað nema með því að hlusta á Friends á tíunda áratugnum og tók hljóðið þess vegna upp."

> „Það er samt ekki talað nógu mikið um þær. Þær eru svo persónulegar og algjör olnbogabörn herbergjanna.

Laufey segir Þjóðminjasafnið hafa átt eftirminnilegustu geymsluna. „Þetta var trúarleg upplifun fyrir okkur. Þau farga engu og ætla, eins og hún sagði okkur sérfræðingurinn á safninu, að geyma allt þangað til að maðurinn tortímir sjálfum sér eða þar til það kemur eldgos og eyðileggur geymsluna. Þetta sagði hún við okkur!"

Olnbogabörn herbergja

Laufey segir hópinn hafa lært það í ferlinu að geymslur eru ekkert annað en mjög persónuleg herbergi. „Það er samt ekki talað nógu mikið um þær. Þær eru svo persónulegar og algjör olnbogabörn herbergjanna," segir hún.

Leikritið verður fjölbreytt enda litað af heimildasöfnun hópsins. „Við gerðum í raun það sem okkur fannst passa best hverju sinni. Ég verð til dæmis með glærukynningu af því að mér fannst það þjóna forminu og þetta verður alls konar samsuða af atriðum."

„Við viljum bjóða fólki inn í geymslur landsmanna og sýna því að við erum öll svipuð í þessum geymslumálum. Fólk er oft eitthvað að fela þetta. Við erum öll með flöskupoka í geymslunni og það er bara allt í lagi." ■

Nilli sæll í ellefu ár og einn mánuð

odduraevar@frettabladid.is

„Ég fagnaði þessum tímamótum með því að opna rauða og njóta þess einn heima í fyrra ef ég man þetta rétt," segir leikarinn Níels Thibaud Girerd, þegar hann er spurður hvað hann gerði á tíu ára afmæli þess þegar hann rappaði „Sælir Nilli" frammi fyrir alþjóð.

Nilli var staddur í Lissabon í heimsókn hjá kærustunni, knattspyrnukonunni Sóleyju Guðmundsdóttur, þegar Fréttablaðið náði af honum tali og var í besta skapi, eins og reyndar venjulega.

„Ég sit bara hérna yfir kaffibolla í Portúgal," segir Nilli og leggur áherslu á síðasta orðið með frönskum hreim. „Hér verð ég í viku," heldur hann áfram eiturhress.

Níels er nú staddur í heimsókn hjá Sóley í Portúgal. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nilli segist nokkuð reglulega minntur á eigin frammistöðu í innslagi Monitor frá því í október 2010, þar sem hann skaust skyndilega upp á stjörnuhimininn. „Ég var einmitt minntur á þetta um daginn, þá poppaði eitthvað upp á Facebook hjá félaga mínum. En í fyrra fannst mér þetta mikil tímamót en þá var þetta Covid í algleymingi," segir Nilli.

„Ég og Sóley gerðum okkur glaðan dag, fögnuðum þessu og ætli við höfum ekki bara hlustað á lagið?" spyr Nilli hlæjandi. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ivar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR

DOMINOS.IS | 58 12345 | DOMINO'S APP

25%

GARDOLO
hornsófi

Vandaðir og sterkur hornsófi með hægra eða vinstra opið horn. Antrazit grátt pólýesteráklæði. Innra byrði er úr þéttum svampi sem gott er að sitja á. Fyllingin í bakpullum er blanda af pólýester og svampi. Fætur eru úr svörtu járni, 18 cm háir. 247x195x84 cm.

Fullt verð: 219.900 kr.

Aðeins **164.925 kr.**

50%

DANA DREAM dúnkoddi

Þægilegur dúnkoddi frá Quilts of Denmark. Stærð: 50x70cm. Dún og fiður fyllt ytra birði og svo stillanleg svampfylling. Áklæðið er úr 100% bómull.

Fullt verð: 18.900 kr.

Aðeins **9.450 kr.**

30%

BOGGIE sófi og stóll

Fallegur sófi og stóll í bláu slitgóðu áklæði.

Sófi. 186x77x85 cm.

Fullt verð: 119.900 kr.

Aðeins **83.930 kr.**

Stóll.

Fullt verð: 64.900 kr.

Aðeins **45.430 kr.**

BLACK FRIDAY 30%

RIGA
hægindastóll
með skemli

Flottur hægindastóll í svörtu leðri með krómfæti. Stærð: 82 x H: 106 cm.

Fullt verð: 199.900 kr.

Aðeins **139.930 kr.**

BLACK FRIDAY 40%

Nature's Bedding

NATURE´S LUXURY
heilsudýna

Vönduð heilsudýna með pokagormakerfi og yfirdýnu úr þrýstijöfnunarefni.

80x200 cm	**87.900 kr.**	**Nú 52.740 kr.**
90x200 cm	**89.900 kr.**	**Nú 53.940 kr.**
90x210 cm	**90.900 kr.**	**Nú 54.540 kr.**
100x200 cm	**91.900 kr.**	**Nú 55.140 kr.**
120x200 cm	**93.900 kr.**	**Nú 56.340 kr.**
140x200 cm	**99.900 kr.**	**Nú 59.940 kr.**
160x200 cm	**114.900 kr.**	**Nú 68.940 kr.**
180x200 cm	**129.900 kr.**	**Nú 77.940 kr.**

BLACK FRIDAY 30%

POLO
hægindastóll

Stílhreinn og fallegur hægindastóll. Fæst í svörtu eða dökkbrúnu pu-leðri (gervileðri) með svarta viðarfætur. Stærð: 90 x 80 H: 105 cm.

Fullt verð: 49.900 kr.

Aðeins **34.930 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11–18
Laugardaga kl. 11–17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Verslaðu á dorma.is

BLACK FRIDAY

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM OG FULLT AF BRJÁLUÐUM TILBOÐUM*

SMÁVÖRUPANTANIR YFIR 9.900 KR ERU SENDAR FRÍTT TÍMABUNDIÐ Í DROPP EÐA PÓSTBOX OG PAKKAPORT PÓSTSINS**

75%

MEMORY FOAM
heilsuinniskór
Fallegir og vandaðir inniskór.
Stærðir: XS/34-35, S/35-36, M/37-38, L/38-40

Fullt verð: 3.900 kr.

Nú **975 kr.**

BOSTON VIVA
heilsurúm
Heilsurúm frá Sealy. Botn, dýna og gafl eru klædd sama glæsilega Viva áklæðinu, fæst grátt eða dökkgrátt. Svæðaskipt pokagormadýna auk mjúkrar, þægilegrar yfirdýnu sem styður vel við líkamann. Vandaður gormabotn gefur svo viðbótarfjöðrun.

BLACK FRIDAY 30%

160x200 cm	180x200 cm
Fullt verð: 279.900 kr.	**Fullt verð: 299.900 kr.**
Nú **195.930 kr.**	Nú **209.930 kr.**

BLACK FRIDAY 20%

DORMA rúmföt
Stærðir: 140x200 cm.

Fullt verð: 10.990 kr.

Nú **8.792 kr.**

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, t.d. ef vara er fyrir á jólaverði eða -tilboði né sérpöntunum
**Fast verð á smávörusendingum úr netverslun:500 kr með Dropp 950 kr með Póstinum í póstbox eða pakkaport

DORMA
Láttu drauminn rætast

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

SVARTUR FÖSSARI
25.–28. NÓVEMBER
Kynntu þér frábær tilboð í nettó

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Jólapening

Ekkert samband í lífi mínu hefur breyst jafn mikið með tímanum og samband mitt við jólin. Sem barn var ég að springa af tilhlökkun og gleði. Jólin voru sannarlega hápunktur ársins. Í dag er það samveran með fólkinu mínu sem mér þykir vænst um við jólin. En jólin eiga sér dekkri hlið sem eru endalaus markaðsskilaboð í aðdraganda þeirra. Skilaboð um að okkur vanti enn þá meira í ár en í fyrra og að eina leiðin til að sýna ást sé með dýrum gjöfum. Niðurstaðan verður oft streita, óþarfa vesen og ofneysla.

En verstur er óþarfinn. Allar þessar gjafir sem eru gefnar af því bara og enda eftir opnun í Sorpu eða ruslinu síðar. Allt eru þetta þættir sem hafa slæm áhrif á umhverfið, fjárhag okkar og eru afleiðing vel smurðrar markaðsvélar sem endurtekur í sífellu að það sem við höfum sé ekki nóg. Það er keyrð upp sturluð neysla á öllu þegar kemur að hátíð ljóss og friðar.

Þess vegna ættum við að prófa þessi jólin að gefa færri gjafir, gjafir sem við höfum ekki hugmynd um hvort viðkomandi muni einhvern tímann nota. Gefum frekar upplifanir, boðsmiða í leikhús eða gjafakort sem þiggjandinn getur þá ráðstafað að vild. Rannsóknir hafa líka sýnt að upplifanir færa okkur miklu meiri gleði og djúpstæðari minningar en eitthvert dót sem við fengum. Það að þú eyddir ekki hálfum degi í að finna rétta gjöf handa maka þínum þarf ekki að bera vott um kaldlyndi eða tilfinningadoða. Í stað þess að kaupa gjöf sem þú veist ekki hvort viðkomandi langar í skaltu skrifa einlægt og fallegt kort með. Slík nálgun eykur hagkvæmni jólanna, sparar mikinn tíma og er svo ljómandi góð fyrir umhverfið. Notaðu svo tímann sem sparast í að njóta. ■